



AÐALSKIPULAG DALABYGGÐAR 2020-2032

Greinargerð

5. júlí 2022

Breytt 9. mars 2023 skv. samþykkt sveitarstjórnar



Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

SAMPYKKTIR

Aðalskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 m.s.br.,
var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann

ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Umhverfismatsskýrsla, dags. 5. júlí 2022 - A4.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Sveitarfélagsuppdráttur nr. 1/5.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Sveitarfélagsuppdráttur nr. 2/5.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Sveitarfélagsuppdráttur nr. 3/5.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Sveitarfélagsuppdráttur nr. 4/5.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Þéttbýlisuppdráttur nr. 5/5.

AÐALSKIPULAG DALABYGGÐAR 2020-2032

Greinargerð



Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	6
1 Aðalskipulag.....	7
1.1 Skipulagssvæðið	7
1.2 Framsetning.....	8
Skipulagsgögn	8
1.3 Vinnuferli.....	8
Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila	8
Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög	9
1.4 Afgreiðsla skipulagsins (uppfært síðar)	11
1.5 Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi	12
1.6 Samantekt umhverfismats	14
Helstu áherslur.....	18
2 Leiðarljós og meginmarkmið.....	19
2.1 Leiðarljós	19
2.2 Meginmarkmið	20
Náttúra	20
Samfélag	20
Innviðir	21
Náttúra og landslag	22
3 Staðhættir	23
3.1 Landslag.....	23
3.2 Jarðfræði	24
3.3 Vatnafar.....	25
3.4 Veðurfar	25
3.5 Jarðvegur.....	27
3.6 Lífríki	27
4 Náttúrvá og öryggi.....	29
4.1 Loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim	29
4.2 Eldgos og jarðskjálftar	30
4.3 Ofanflóð	31

4.4 Gróðureldar.....	31
4.5 Flóðasvæði	31
4.6 Aftakaveður.....	31
Markmið og stefna – Náttúrvá og öryggi	32
5 Lífríki og landslag	34
5.1 Lagaumgjörð náttúruverndar	34
5.2 Gildi náttúrunnar og verðmætamat	35
5.3 Náttúruverndarsvæði	35
5.4 Tillögur á B-hluta náttúruminjaskrár	36
5.5 Friðlýst æðrarvarp	37
5.6 Óbyggð víðerni	38
Markmið og stefna – Lífríki og landslag	38
6 Auðlindir.....	40
6.1 Orka	40
6.2 Veiði í ám og vötnum	41
6.3 Neysluvatn.....	42
6.4 Loftgæði og hljóðvist	43
Markmið og stefna - auðlindir.....	44
7 Menningar- og búsetuminjar	46
7.1 Menningarminjar	46
7.2 Byggingarárfur og húsfriðun	47
7.3 Sögustaðir og söfn	52
7.4 Búsetu- og menningarlandslag	52
Markmið og stefna - menningar- og búsetuminjar	53
8 Hverfisvernd	55
Markmið og stefna – hverfisvernd	55
9 Óbyggð svæði	57
9.1 Eyjar og strandsvæði	57
9.2 Heiðarlönd	57
Markmið og stefna – óbyggð svæði	58
Samfélag	59
10 Byggð	60
10.1 Þróun byggðar	60

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Saga byggðar	60	Markmið og stefna – Efnistaka og vinnsla.....	91
10.2 Íbúapróun.....	60	11.10 Varúðarsvæði.....	92
Íbúafjöldi	60	Miltisbrandsgrafir.....	92
Samsetning íbúa.....	61	Vindorkugarðar	93
10.3 Mikilvægi búsetuskilyrða í Dalabyggð	61	Markmið og stefna – Varúðarsvæði.....	93
10.4 Íbúðarbyggð	62	12 Samfélagsþjónusta.....	94
Þéttbýli	63	12.1 Skólar og íþróttahús	94
Dreifbýli.....	65	Markmið og stefna – Skólar og íþróttahús.....	94
10.5 Miðsvæði.....	66	12.2 Menning	95
10.6 Frístundabýggð.....	67	Markmið og stefna – Menning.....	95
Markmið og stefna – Byggð	68	12.3 Félags- og heilbrigðismál	96
11 Atvinna.....	71	Markmið og stefna – Félags og heilbrigðismál.....	96
11.1 Atvinnuþróun	71	13 Útvist, íþróttir og opin svæði.....	98
11.2 Þjónustu- og vinnusókn	71	13.1 Skipulag byggðar og lífsgæði fólks.....	98
11.3 Landbúnaður	72	Nærþjónusta, ferðatími og sjálfbærni daglegs lífs íbúa	98
Flokkun landbúnaðarlands	72	Hljóðvist	98
Endurheimt votlendis.....	73	Myrkurgæði.....	99
Skógrækt	73	Markmið og stefna – Skipulag byggðar og lífsgæði fólks	99
Markmið og stefna - landbúnaður	74	13.2 Útvist, íþróttir og opin svæði.....	99
11.4 Afþreyingar- og ferðapjónusta	77	Markmið og stefna – útvist, íþróttir og opin svæði.....	100
Ferðapjónusta sem drifkraftur atvinnuuppbryggingar í dreifbýli	77		
Þjónusta og afþreying fyrir ferðamenn	77		
Markmið og stefna – Afþreyingar- og ferðapjónusta.....	81		
11.5 Verslun og önnur þjónusta	82		
Verslun	82		
Gistiþjónusta	82		
Markmið og stefna – Verslun og önnur þjónusta	83		
11.6 Iðnaðar- og athafnasvæði	84		
Nýting vindorku.....	84		
Úrvinnsla landbúnaðarafurða og nýsköpun.....	85		
Markmið og stefna – Iðnaðar- og athafnasvæði.....	86		
11.7 Hafnarsvæði	87		
Markmið og stefna – Hafnarsvæði.....	88		
11.8 Úrgangur	89		
Markmið og stefna – Úrgangur	89		
11.9 Efnistaka og vinnsla	90		
		14 Veitur og fjarskipti	103
		14.1 Veitur	103
		Rafveita	103
		Vatnsveita	104
		Hitaveita	105
		Fráveita	105
		Markmið og stefna – Veitur	105
		14.2 Fjarskipti	108
		Markmið og stefna - Fjarskipti	108
		15 Samgöngur	110
		15.1 Göngu- og Hjólaleiðir	110
		Markmið og stefna - Göngu- og hjólaleiðir	111
		15.2 Reiðleiðir	112

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Markmið og stefna - Reiðleiðir.....	113	17.14	Skógrækt og landgræðsla.....	162
15.3 Vegir og gatnakerfi	114	17.15	Óbyggð svæði (ÓB).....	164
Markmið og stefna – Vegir og gatnakerfi.....	117	17.16	Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)	165
15.4 Vegir í náttúru Íslands	120	17.17	Vötn, ár og sjór (V)	166
15.5 Flugvellir	120	17.18	Strandsvæði (ST)	167
Markmið og stefna - Flugvellir	120	17.19	Flugvellir (FV)	168
15.6 Almennингssamgöngur.....	120	17.20	Vegir, götur og stígar (VE)	169
Markmið og stefna - Almennингssamgöngur	121	17.21	Veitur og helgunarsvæði (VH).....	173
Skipulagsákvæði.....	122	Takmarkanir á landnotkun.....	176	
16 Almenn atriði	123	18 Verndarákvæði.....	177	
17 Landnotkun	124	18.1 Minjavernd (MV)	178	
17.1 Íbúðarbyggð (ÍB)	124	18.2 Varúðarsvæði (Va).....	186	
17.2 Miðsvæði (M)	126	18.3 Vatnsverndarsvæði og Vatnsból (VF, VG, VB)	188	
17.3 Verslun og þjónusta (VP)	127	18.4 Hverfisvernd (HV)	193	
17.4 Samfélagsþjónusta (S)	131	18.5 Náttúruvernd (FS, ÖN).....	197	
17.5 Athafnasvæði (AT)	134	19 Heimildir.....	200	
17.6 Iðnaðarsvæði (I)	135	Viðaukar.....	204	
17.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	139	Vegir í náttúru Íslands í Dalabyggð.....	205	
17.8 Frístundabyggð (F).....	146	Flokkun landbúnaðarlands.....	207	
17.9 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	152			
17.10 Íþróttasvæði (Íþ)	154			
17.11 Opin svæði (OP)	155			
17.12 Hafnir (H)	157			
17.13 Landbúnaðarsvæði (L).....	159			

INNGANGUR

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

1 AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 er nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og jafnframt heildarendurskoðun á *Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016*. Fyrra skipulag var staðfest árið 2009 og frá þeim tíma hafa tekið gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar taldi þörf á að uppfæra aðalskipulagið með hliðsjón af nýrri löggjöf og breyttum forsendum. Nefndin lagði til við sveitarstjórn á fundi sínum þann 5. júlí 2018 að hefja vinnu við nýtt aðalskipulag og samþykkti sveitarstjórn bókun nefndarinnar þann 12. júlí 2018.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 er unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en samkvæmt síðarnefndu lögunum er aðalskipulagið háð umhverfismati áætlana. Umhverfismatið, þ.m.t. kynningar- og samráðsferlið og greiningarvinna, var unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins. Umfjöllun um einstaka þætti umhverfismatsins er fléttuð inn í greinargerðina en nánari upplýsingar um umhverfismatið, svo sem forsendur þess, aðferðir og niðurstöður, er að finna í umhverfismatsskýrslu.

1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Aðalskipulagið tekur til alls lands innan sveitarfélagsmarka Dalabyggðar, þ.e. til þéttbýlisins í Búðardal og dreifbýlisins. Sveitarfélagið er um 2.421 km² að stærð. Megin landnotkun í sveitarfélagini er hefðbundinn landbúnaður, einkum sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla. Búðardalur er eina þéttbýlissvæðið og það er vel staðsett landfræðilega, miðsvæðis í sveitarfélagini, og stærsti hluti byggðarinnar er í innan við 40 km fjarlægð.



Mynd 1-1 Skipulagssvæðið. (Mynd: Verkís)

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

1.2 FRAMSETNING

Aðalskipulagið er sett fram sem greinargerð og skipulagsuppdrættir auk umhverfismatsskýrslu. Uppdrættirnir eru prentaðir á eitt blað í stærð A0. Auk þess er skipulaginu skilað á stafrænu formi til Skipulagsstofnunar.

Greinargerðinni er skipt upp í átta meginhluta. Í inngangi er lýst afmörkun aðalskipulagsins, helstu gögnum og aðferðum við skipulagsvinnuna. Leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins eru í kaflanum *Helstu áherslur*. Stefna aðalskipulagsins er sett fram eftir málaflokkum, þ.e. *Náttúra og landslag, Samfélag og Innviðir*. Þar er lýst forsendum og sett fram markmið og leiðir fyrir einstök viðfangsefni. Þá er gerð grein fyrir almennum og sértækum ákvæðum fyrir landnotkunarflokkka í sérstökum kafla *Skipulagsákvæði*. Að lokum er kafli um takmörkun á landnotkun, þ.e. viðbótarákvæði sem varða takmörkun á landnotkun annarra landnotkunarflokkka. Auk þess er í greinargerðinni viðauki með viðbótarupplýsingum og greiningarlyklum fyrir framfylgd aðalskipulagsins.

Upldrættir aðalskipulagsins eru sveitarfélagsuppdráttur í mælikvarða 1:100.000 og þéttbýlisuppdráttur í mælikvarða 1:10.000.

Í sérstakri umhverfismatsskýrslu er fjallað um áhrif aðalskipulagsins á umhverfi og samfélag. Einnig er umhverfismatið fléttuð inn í greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. inn í umfjöllun um einstök viðfangsefni skipulagsins. Í lok hvers kafla er stutt samantekt á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu sem mörkuð er í aðalskipulaginu.

Skipulagsgögn

- ◆ Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Greinargerð, dags. 5. júlí 2022 - A4.
- ◆ Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Umhverfismatsskýrsla, dags. 5. júlí 2022 - A4.
- ◆ Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Sveitarfélagsuppdráttur nr. 1/5.

- ◆ Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Sveitarfélagsuppdráttur nr. 2/5
- ◆ Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Sveitarfélagsuppdráttur nr. 3/5
- ◆ Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Sveitarfélagsuppdráttur nr. 4/5
- ◆ Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032. Aðalskipulagsuppdráttur, dags. 5. júlí 2022 – A0, Þéttbýlisuppdráttur nr. 5/5

1.3 VINNUFERLI

Skipulagsfulltrúi, formaður og varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar og ráðgjafi mynda verkefnistjórn sem heldur utan um vinnuna við endurskoðun aðalskipulagsins. Dalabyggð samdi í janúar 2020 við Verkís um ráðgjöf vegna skipulagsvinnunnar.

Rík áhersla er lögð á aðkomu íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni. Leitað er á líts sérfræðinga þegar þörf er á faglegu mati eða öðrum sérhæfðum upplýsingum vegna skipulagsvinnunnar.

Ákveðið var að hafa allt ferlið opið og gegnsætt og upplýsa íbúa og aðra hagsmunaaðila um gang mála. Einnig var boðið upp á beina þátttöku íbúa og hagsmunaaðila við gerð skipulagstillögunnar. Aðstæður í þjóðféluginu og tíðar samkomutakmarkanir settu samráðsvinnunni nokkrar skorður. Í stað opinna vinnustofa, sem til stóð að halda, var þungi samráðsins færður í minni fjarfundi á netinu og nefndir og ráð í sveitarfélaginu virkjuð í meiri mæli.

Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila

Aðalskipulagsvinnan var kynnt í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þar er gert ráð fyrir kynningu á skipulags- og matslysingu, kynningu á skipulagstillögu á vinnslustigi og auglýsingu skipulagstillögu.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Samvinna við íbúa, hagsmunaaðila og umsagnaraðila – helstu áfangar og viðburðir:

- ◆ **Kynning skipulags- og matslysingar.** Lýsingin var samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2020 og auglýst í framhaldinu. Hún var aðgengileg á vef Dalabyggðar og á skrifstofu sveitarfélagsins.
 - Opið var fyrir athugasemdir frá 11. mars til 1. apríl 2020. Á sama tíma var lýsingin send til umsagnar.
 - Vegna aðstæðna í þjóðfélagini var ekki haldinn kynningarfundur. Sérstök kynning var sett á vef Dalabyggðar og opnaður hugmynda- og ábendingavefur í tengslum við endurskoðunina.
- ◆ **Drög að skipulagstillögu.** Í október 2020 var haldinn sérstakur sameiginlegur vinnufundur sveitarstjórnar Dalabyggðar, umhverfis- og skipulagsnefndar, sveitarstjóra, skipulagsfulltrúa og ráðgjafa. Á fundinum var leitað eftir hugmyndum og frekari áherslum inn í aðalskipulagsgerðina og efnivið fyrir leiðarljós aðalskipulagsins. Auk þess funduðu umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórн reglulega um málefnið á vinnslutíma skipulagsins.

Í ársbyrjun 2021 var haldin fundaröð með helstu nefndum sveitarfélagsins þar sem stefna í einstökum málaflokkum var mótuð.

- Stjórn Silfurtúns, 12. janúar 2021
- Menningarmálanefnd 19. janúar 2021
- Atvinnumálanefnd, 26. janúar 2021
- Fræðslunefnd, 27. janúar 2021
- Félagsmálanefnd 4. febrúar 2021

- ◆ **Kynning skipulagstillögu** á vinnslustigi.
 - Kynningarfundur var haldinn á Facebook þann 26. október 2021.

- Opinn vinnufundur með íbúum var haldinn 10. nóvember 2021.
- Drög að vinnslutillögu var birt á vef Dalabyggðar 12. nóvember og var hægt að senda inn ábendingar til 25. nóvember 2021.
- Vinnslutillagan var auglýst og birt á vefnum þann 17. desember 2021. Frestur til að senda inn umsagnir og ábendingar var til 18. janúar 2022. Vinnslutillagan var jafnframt send stofnunum til umsagnar á sama tíma.

◆ Afgreiðsla og auglýsing skipulags

- Umhverfis- og skipulagsnefnd lagði til við sveitarstjórn þann 17. febrúar 2022 að senda aðalskipulagstillöguna til yfirferðar Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagsлага. Sveitarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar þann 21. mars 2022.
- Skipulagsstofnun fékk tillögu að aðalskipulaginu til yfirferðar 21. mars og skilaði stofnunin umsögn sinni þann 19. apríl 2022.
- Umhverfis- og skipulagsnefnd lagði til við sveitarstjórn þann 27. apríl 2022 að aðalskipulagið yrði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagsлага. Sveitarstjórn samþykkti þann 3. maí 2022 að aðalskipulagstillagan yrði auglýst.

Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög

Eftirtaldir aðilar fengu skipulagslysinguna og skipulagstillöguna til umsagnar, auk Skipulagsstofnunar.

Opinberar stofnanir

- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Minjastofnun
- Breiðafjarðarnefnd

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

- Vegagerðin
- Veðurstofa Íslands
- Náttúrufræðistofnun
- Ferðamálastofa
- Orkustofnun
- Skógræktin
- Landgræðslan
- Kirkjugarðaráð
- Samgöngustofa
- Póst- og fjarskiptastofnun

Opinber fyrirtæki

- Landsnet
- Rarík
- Orkubú Vestfjarða
- Míla
- Isavia

Nærliggjandi sveitarfélög og samtök þeirra

- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)
- Borgarbyggð
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Helgafelssveit
- Stykkishólmsbær
- Reykhólahreppur
- Húnabing vestra
- Strandabyggð

Alls bárust 18 umsagnir og ábendingar eftir kynningu vinnslutillögunnar, sbr. eftirfarandi töflu (Tafla 1.1)

Tafla 1.1 Yfirlit yfir umsagnir og ábendingar eftir kynningu vinnslutillögunnar.

Nafn/Aðili	Dags.	Athugasemdir
Björn Sverrisson/ Rarík	28. des. 2021	Ábendingar um dreifikerfi og stefnu um uppbyggingu.
Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar	10. jan. 2022	Engar athugasemdir.
Rakel Guðmundsdóttir/ Hafrannsóknastofnun	11. jan. 2022	Ábendingar um veiðinyttjari, lífríki og efnistöku.
Jón Egill Jóhannsson/ Skerðingsstaðir	13. jan. 2022	Athugasemd við hverfisvernd Krosshólaborgar og ábendingar um einstök atriði.
Magnús A. Sigurðsson/ Minjastofnun	14. jan. 2022	Ábendingar um fornleifaskráningar.
Karl Alvarsson/ Isavia	17. jan. 2022	Engar athugasemdir.
Einar S. Einarsson/ Landsnet	17. jan. 2022	Ábendingar um háspennulínur.
Auður Önnu Magnúsdóttir/ Landvernd	17. jan. 2022	Athugasemdir við stefnu skipulagsins varðandi vindorku og ósamræmi við aðra stefnu skipulagsins.
Árni Snorrason/ Veðurstofan	17. jan. 2022	Ábendingar varðandi veðurfar, loftslagsmál og náttúrvá.
Sigurður Friðgeir Friðriksson/ Vegagerðin	17. jan. 2022	Ábendingar varðandi vegakerfið.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Arnór Björnsson o.fl./ Hagsmunir.is	17. jan. 2022	Athugasemdir við skipulagsbreytingar vegna vindorkuvera að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum.
Bergþóra Jónsdóttir/ Hrútsstaðir	17. jan. 2022	Athugasemdir við orðalag um skógrækt.
Ívar Pálsson – Landslög/ Skoravík	18. jan. 2022	Ósk um samráð og kynningu vegna göngu- og reiðleiða.
Erla Friðriksdóttir/ Breiðafjarðarnefnd	18. jan. 2022	Ábending um skort á umfjöllun um verndarsvæði Breiðafjarðar.
Davíð Arnar Stefánsson/ Landgræðslan	18. jan. 2022	Engar athugasemdir.
Lovísia Ásbjörnsdóttir/ Náttúrufræðistofnun Íslands	19. jan. 2022	Ábendingar varðandi náttúru, lifríki, vindorku, frístundabyggð, skógrækt, efnistöku og hverfisvernd.
Guðrún Lára Sveinsdóttir/ Skipulagsstofnun	21. jan. 2022	Ábendingar um frístundabyggð, flokkun landbúnaðarlands, vindorku, skógrækt, verslun og þjónustu, efnistöku, íbúðarbyggð, þéttbýli, íþróttasvæði og vegi í náttúru Íslands ásamt ábendingum varðandi greinargerð og upprátt.
Axel Benediktsson og Björn Stefánsson/ Umhverfisstofnun	24. jan. 2022	Ábendingar varðandi efnistöku, fráveitu, frístundabyggð, náttúrlaug, náttúruvernd, víðerni, skógrækt, takmarkanir, úrgang, vindorku og vegi í náttúru Íslands.

1.4 AFGREIÐSLA SKIPULAGSINS

Skipulagstillagan ásamt umhverfismatsskýrslu var auglýst frá 15. júlí 2022 til og með 26. ágúst 2022.

Alls bárust 17 umsagnir og athugasemdir á auglýsingartímanum, sbr. eftirfarandi töflu (Tafla 1.2).

Tafla 1.2 Yfirlit yfir umsagnir og athugasemdir eftir auglýsingu tillögunnar.

Nafn/Aðili	Dags.	Athugasemdir
Hafdís Sturlaugsdóttir/ Húsavík á Ströndum	19. júlí 2022	Ábendingar um fjárréttir.
Magnús A. Sigurðsson/ Minjastofnun	22. júlí 2022	Ábendingar um fornleifaskráningar.
Auður Önnu Magnúsdóttir/ Landvernd	12. ágúst 2022	Athugasemdir varðandi umhverfismat, vindorkuver og ósamræmi við aðra stefnu skipulagsins.
Einar S. Einarsson / Landsnet	15. ágúst 2022	Engar athugasemdir.
Drífa Gústafsdóttir/ Borgarbyggð	16. ágúst 2022	Ábending um sveitarfélagsmörk.
Árni Snorrason / Veðurstofan	17. ágúst 2022	Ábendingar varðandi hættumat.
Helgi I. Jónsson f.h. eigenda/ Hamrar	17. ágúst 2022	Athugasemdir varðandi umhverfismat og vindorkuver.
Ýmsir/ Undirskriftalisti	17. – 24. ágúst 2022	Athugasemd varðandi vindorkuver.
Friðþór Eydal/ Sælingsdalur	18. ágúst 2022	Fyrirspurn varðandi vegi í náttúru Íslands.
Bogi Kristinsson Magnusen/ Skarð	25. ágúst 2022	Athugasemdir varðandi landnotkun.
Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir/ Vígholtsstaðir / Hagsmunir.is	25. ágúst 2022	Athugasemd varðandi vindorkuver.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Lovísa Ásbjörnsdóttir/ Náttúrufræðistofnun Íslands	26. ágúst 2022	Ábendingar varðandi leyfisveitingar, vistgerðir, votlendi, vindorkuver, frístundabyggð, skógrækt, efnistöku, hverfisvernd og sjávarfallavirkjun.
Hlynur Gauti Sigurðsson/ Búgreinadeild skógarbænda Bændasamtaka Íslands	26. ágúst 2022	Ábendingar varðandi sauðfjárrækt og skógrækt.
Axel Benediktsson og Agnes Þorkelsdóttir/ Umhverfisstofnun	26. ágúst 2022	Ábendingar varðandi sérstaka vernd, náttúrumuinjaskrá, frístundabyggð, skógrækt, fráveitu, náttúrulaug, vindorkuver, vatnaáætlun, vatnsvernd, landbúnað, leyfisveitingar og miltisbrand.
Erla Friðriksdóttir/ Breiðafjarðarnefnd	26. ágúst 2022	Ábendingar um verndarsvæði Breiðafjarðar.
Guðni Magnús Eiríksson / Fiskistofa	22. sept. 2022	Ábendingar varðandi laxveiðiár.
Ívar Pálsson – Landslög/ Skoravík	26. ágúst 2022	Ósk um samráð og athugasemd vegna göngu-, hjóla- og reiðleiða og vegi í náttúru Íslands.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar fór yfir framkomnar umsagnir og athugasemdir á fundum sínum dagana 2. og 7. nóv. 2022. Sveitarstjórn Dalabyggðar fjallaði jafnframt um framkomnar umsagnir og athugasemdir og viðbrögð við þeim á fundi sínum þann 9. nóv. 2022. Skipulagsgögn hafa verið uppfærð með tilliti til þessa en engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar eftir auglýsingu.

Á 135. fundi sínum þann 1. mars 2023 fór umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar yfir tillöguna með áorðnum breytingum og samþykkti hana. Sveitarstjórn samþykkti á 232. fundi sínum þann 9. mars 2023 framlagða tillögu að nýju aðalskipulagi Dalabyggðar. Í kjölfarið sendi Dalabyggð skipulagsgögnin, ásamt erindi dags. 14. mars 2023, til Skipulagsstofnunar til

staðfestingar. Með erindinu fylgdu einnig umsagnir og athugasemdir frá almenningi og umsagnaraðilum frá auglýsingartímanum og viðbrögð við þeim. Auk þess fékk Skipulagsstofnun afhent skrá yfir vegi í náttúru Íslands, skýrsluna Flokkun landbúnaðarlands og stafræn gögn skipulagsins.

Skipulagsstofnun yfirfór gögnin og benti, í bréfi dags. 25. apríl 2023, á nokkur atriði sem lagfæra þurfi áður en stofnunin staðfesti aðalskipulagið. Skipulagsgögnin hafa verið lagfærð en ekki var um efnislegar breytingar að ræða.



Mynd 1-2 Horft út Hvolsdal til norðvesturs.

1.5 HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Heildarendurskoðun felur annars vegar í sér uppfærslu á grunnupplýsingum sem settar eru fram í aðalskipulaginu og hins vegar á stefnu skipulagsins. Árið 2010 tóku gildi ný skipulagslög þar sem m.a. eru breyttar skilgreiningar á landnotkun og landnotkunarflokkum. Skipulagið hefur verið uppfært m.t.t. þess.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Stefnan er í takt við eldra aðalskipulag en tekur jafnframt mið af stefnumörkun sveitarfélaga og ríkisins. Það á t.d. við um landsskipulagsstefnu, Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030 og verndaráætlun fyrir Breiðafjörð. Einnig tekur stefnan mið af nýjum skipulagslögum og reglugerð, lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, auk annarra lagabreytinga sem varða efnistök aðalskipulags. Stefnan byggir að ákveðnu marki á eldra aðalskipulagi en aukin áhersla er á viðbrögð við og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Sett er fram mun ítarlegri stefna, mótvægisáðgerðir og aðlögun vegna loftslagsbreytinga í samræmi við stefnu stjórvalda í loftslagsmálum.

Náttúra og landslag

Meginstefna varðandi náttúru og landslag er í aðalatriðum sú sama og í fyrra aðalskipulagi, en aukin áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda og verndun sérkenna, en jafnframt lögð áhersla á gott aðgengi að náttúrunni. Áhersla er lögð á að nýta menningararfinn til að styrkja sjálfsmýnd samfélagsins og til hagsbóta fyrir atvinnulíf á svæðinu. Æðarvarp nýtur nú einnig hverfisverndar ásamt aðliggjandi sjávarfitjum, leirum og votlendi. Auk þess hafa núverandi hverfisverndarsvæði verið endurskoðuð í ljósi reynslu á skipulagstímanum og nákvæmari grunngagna, ásamt því að gera verndunina markvissari. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu lands og að vernd Breiðafjarðar sé útfærð í skipulagi. Helsta breytingin er að óbyggð svæði í nágrenni við þéttbýlið breytast í opin svæði, enda er um að ræða svæði fyrir útvist í tengslum við þéttbýli með aðstöðu sem tilheyrir almennum útvist, svo og stíga og áningarstaði.

Samfélag

Helsta breytingin á stefnu aðalskipulagsins varðandi byggð felst einkum í ríkri áherslu á að skapa svigrúm fyrir vöxt byggðar í þéttbýli. Áhersla er á eflingu byggðar og styrkingu miðsvæðisins sem fái aukinn sýnileika í bæjarmyndinni, eflí aðra þjónustu og bæti lífsgæði fólks.

Svæði fyrir frístundabyggð hafa verið endurskoðuð m.t.t. þróunar síðustu ára. Meðal annars hefur verið dregið úr umfangi frístundabyggðar norðan þéttbýlisins til að auka svigrúm til uppbyggingar við Silfurtún. Veiðihús eru nú skilgreind sem landbúnaður en ekki hluti af frístundabyggð.

Eins og í fyrra aðalskipulagi er allt land sveitarfélagsins, sem ekki er skilgreint til annarra nota, skilgreint sem landbúnaðarland. Aukin áhersla er á ferðapjónustu og skógrækt á bújörðum og er skapað rými fyrir þessar nýju atvinnugreinar í skipulaginu.

Stefna aðalskipulagsins varðandi ferðapjónustu er að grunni til hin sama og í eldra aðalskipulagi, en tekið er mið af nýjum áskorunum vegna aukins fjölda ferðamanna og breytinga á atvinnuháttum í Dalabyggð. Áhersla er lögð á að styrkja verslunar- og þjónustusvæði og miðsvæði í Búðardal með bættri ásýnd og góðum tengingum við aðra hluta þéttbýlisins. Einnig er aukin áhersla á að byggja Búðardal upp sem þjónustustað í Dalabyggð og eftir atvikum fyrir stærra svæði.

Meginstefnan um iðnaðar- og athafnasvæði er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Þó er aukin áhersla á nýsköpun og að atvinnustarfsemi skapi jákvæða ímynd fyrir sveitarfélagið. Höfnin í Búðardal og nánasta umhverfi hennar er nú skilgreind sem hafnarsvæði en var í fyrra skipulagi skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Möguleikum á þróun tengri sjávarútvegi og sjávarnytjum er haldið opnum.

Stefna um úrgang er óbreytt en hvatt til aukinnar endurnotkunar og endurnýtingar.

Meginstefnan um skóla og íþróttahús er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Þó er aukin áhersla á að skólar og íþróttamanvirki tengist miðsvæðinu, styrki það og myndi öfluga miðstöð í samféluginu. Það á einnig við um menningu en aukin áhersla er lögð á fjölbreytta starfsemi og nýtingu mannvirkja til að efla menningarstarfsemi sem styrkir svæðið. Svæði Silfurtúns hefur verið rýmkað með möguleika á meiri uppbyggingu og gert ráð fyrir að skógrækt og útvistarsvæði umlyki það til norðurs og vesturs. Fyrirhuguð frístundabyggð norðan þess hefur verið minnkuð og færð fjær. Ekki er lengur

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

gert ráð fyrir hesthúsabyggð vestan Vesturbrautar. Mörkuð er sérstök stefna um gæði byggðar en slík stefna var ekki í fyrra aðalskipulagi.

Innviðir

Meginstefna um innviði er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Áfram er lögð rík áhersla á uppbyggingu innviða til að auka samkeppnishæfni Dalabyggðar.

Meginstefna um reiðleiðir er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Áfram er lögð rík áhersla á uppbyggingu göngu- og hjólateiða í Dalabyggð en aukin áhersla er á styrkingu leiða innan þéttbýlisins sem nýst geti sem raunhæfur valkostur við aðra samgöngumáta.

Eins og í fyrra aðalskipulagi er rík áhersla á endurbætur á samgöngum í Dalabyggð. Meginbreytingin felst í að gert er ráð fyrir aðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð um Búðardal. Einnig eru skoðaðir möguleikar á endurbótum á leiðinni um Bröttubrekku. Fjallað er um almenningssamgöngur en það var ekki í fyrra aðalskipulagi.



Mynd 1-3 Séð yfir Búðarbraut og Sunnubraut frá íþróttasvæði í Búðardal.

1.6 SAMANTEKT UMHVERFISMATS

Umhverfismat aðalskipulagsins er birt í umhverfismatsskýrslu, dags. 5. júlí 2022, sem er fylgiskjal með skipulagi þessu.

Heildaráhrif aðalskipulagsins og þeirra valkosta sem urðu fyrir valinu við mótnum skipulagsins eru metin. Umhverfisviðmiðin eru að stofni til byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og stefnu stjórnvalda er varðar landnotkun. Einnig eru innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins og samræmi við stefnu stjórnvalda greind. Matssurningum er beitt til að greina hvort stefnan samræmist þeirri stefnu sem viðmiðin fela í sér.

Valkostir um vegi um Bröttubrekku og í Búðardal

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til álita um vegi í aðalskipulaginu eru í umhverfismati greindir valkostir, annars vegar um veg eða jarðgöng um Bröttubrekku og hins vegar um vöxt þéttbýlis og útfærslu þjóðvegar í og við Búðardal.

Valkostir um veg um Bröttubrekku varða úrbætur í samgöngum, vegabætur á veginum um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals. Bornir voru saman þrír megin valkostir um stefnu aðalskipulagsins. Í fyrsta lagi er það náll-kostur, þ.e. að ekki verði af frekari uppbyggingu vega eða samgöngubóta um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals. Í öðru lagi er það valkostur um jarðgöng og í þriðja lagi uppbygging í núverandi vegstæði.

Niðurstaða valkostagreiningarinnar er að náll-kostur hefur í heildina óveruleg eða neikvæð áhrif á umhverfisþætti til langs og skamms tíma litið.

Valkostur um uppbyggingu vegar í núverandi vegstæði hefur margs konar jákvæð áhrif í för með sér, svo sem að styrkja samfélagið og auka viðnámsþrótt bess, greiða götu almenningssamgangna og styrkja stöðu atvinnulífs á svæðinu.

Valkostur um jarðgöng um Bröttubrekku hefur heilt yfir jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar. Stefna um jarðgöng er líkleg til að styrkja viðnámsþol samfélagsins og samkeppnishæfni gagnvart

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

öðrum svæðum og stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á loftslagsmál, m.a. með styttingu leiða. Jarðgöng um Bröttubrekku eru einnig líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á félags- og velferðarmál og öryggi, svo sem hvað varðar stækkan vinnu- og þjónustusóknarsvæða, aðgengi að grunnþjónustu sem sótt er úr héraði og umferðaröryggi. Auk þess myndu jarðgöng bæta samkeppnishæfni annarra svæða, s.s. Vestfjarða.

Valkostir um áherslur um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til árita um ferðamannastaði í aðalskipulaginu eru í umhverfismati greindir valkostir um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna. Bornir voru saman þrír valkostir, þ.e. núll-kostur (að ekki verði áhersla á uppbyggingu áfangastaða), áhersla á marga ferðaþjónustustaði og leiðir og áhersla á fáa tiltekna ferðaþjónustustaði og leiðir.

Niðurstaða valkostagreiningarinnar er í stuttu máli að núll-kostur hefur í heildina neikvæð áhrif á umhverfisþætti til langs og skamms tíma litið.

Valkostur um áherslu á marga ferðaþjónustustaði og leiðir er í heildina ekki æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa, þ.e. að kröftunum verði dreift um of og innviðir ferðaþjónustustaða og -leiða geti ekki mætt því álagi sem skapast af för ferðamanna.

Valkostur um áherslu á fáa tiltekna ferðaþjónustustaði og -leiðir, hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn og styrkja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum svæðum.

Valkostir um áherslur um uppbyggingu gistiaðstöðu

Greindir eru valkostir um áherslur um uppbyggingu gistiaðstöðu í Dalabyggð og hvert beina skuli uppbyggingunni. Bornir voru saman tveir valkostir, þ.e. annars vegar núll-kostur eða dreifð uppbygging og hins vegar að beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið en uppbygging gistiaðstöðu í dreifbýli verði einkum tengd starfsemi á bújörðum.

Niðurstaðan er að núll-kostur eða dreifð uppbygging gistiaðstöðu hefur í heildina neikvæð áhrif á samfélag, náttúrufar og landslag, bæði til langs og

skamms tíma litið. Dreifð uppbygging er ekki líkleg til að nýta að fullu þá möguleika sem eru í ferðaþjónustu fyrir samfélagið og þá sérstaklega þéttbýlið.

Stefna um að beina stærri uppbyggingu gistiaðstöðu í þéttbýlið hefur mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á þá þætti sem voru til skoðunar. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn og styrkja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum svæðum. Einnig næst meiri ávinningur fyrir samfélagið í heild þar sem starfsemin styrkir stoðir þeirrar þjónustu sem er til staðar og til verða fjölbreytt heilsásstörf í þéttbýlinu.

Valkostir um vöxt þéttbýlis og útfærsla þjóðvegar í Búðardal

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til árita um þróun byggðar í þéttbýlinu eru í umhverfismati greindir valkostir um vöxt þéttbýlis og útfærslu þjóðvegar í og við Búðardal. Um er að ræða valkosti um þróun þéttbýlisins, uppbyggingarsvæði og útfærslu þjóðvegar um þéttbýlið. Metnir voru þrír valkostir. Í fyrsta lagi núll-kostur, að ekki verði mótuð ný stefna í aðalskipulagi um þróun þéttbýlis og Vesturbraut verði með óbreyttu sniði. Í öðru lagi vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegarins. Í þriðja lagi vöxtur til austurs og hjáleið um Búðardal.

Niðurstaða greiningar á valkostum er að núll-kostur hefur í heildina neikvæð áhrif á samfélagslega þætti þar sem augljós þörf er á úrbótum á umhverfi Vesturbrautar, svo sem hvað varðar umferðaröryggi, hljóðvist og ásýnd.

Stefna um vöxt þéttbýlisins út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd þjóðvegarins hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Valkosturinn er líklegur til að stuðla að auknum gæðum byggðarinnar. Líkur eru á að samkeppnishæfni svæðisins styrkist og að Búðardalur eflist sem miðstöð þjónustu og viðkomustaður ferðamanna og störf verði til í héraðinu. Í heildina er þessi valkostur æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa, þ.e. að skapa þéttbýlinu þróunarmöguleika út frá Vesturbraut og stuðla að úrbótum á umferðaröryggi og ásýnd vegarins. Valkosturinn var lagður til grundvallar við útfærslu aðalskipulagsins.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Stefna um vöxt þéttbýlisins til austurs og hjáleið um Búðardal er talin hafa neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti einkum vegna þess að grónu landi verður raskað og nýtt land tekið undir byggð og nýjan veg (hjáleið). Verulega neikvæð áhrif eru af færslu vegarins á tvinnulíf, þ.e. að færsla þjóðvegarins úr þéttbýlinu er líkleg til að veikja Búðardal sem þjónustustað til langs tíma litið þar sem líkur eru á að ferðamenn um Vestfjarðaveg stoppi síður í Búðardal.

Valkostir um vindorkugarða

Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkugarða, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima, en þessar framkvæmdir voru ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Í tengslum við vinnu við breytingar á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuveranna voru bornir saman valkostir um stefnu aðalskipulagsins varðandi þessa vindorkugarða. Í fyrsta lagi var það núll-kostur sem fól í sér að ekki yrði af uppbyggingu vindorkugarðanna og viðkomandi svæði væru áfram skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Í öðru lagi valkostur 2 sem felur í sér að staðsett væri nýtt iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver, annað hvort á Sólheimum (allt að 40 vindmyllur) eða Hróðnýjarstöðum (allt að 30 vindmyllur). Í þriðja lagi valkostur 3 að staðsetja ný iðnaðarsvæði fyrir tvö vindorkuver fyrir allt að 70 vindmyllur, þ.e. á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum.

Helstu niðurstöður samkvæmt umhverfismati aðalskipulagsbreytinganna eru að núll-kostur er talinn hafa óveruleg áhrif á þá þætti sem metnir voru. Áhrif af valkosti 2 eru m.a. talin óveruleg á jarðmyndanir, landnotkun, verndarsvæði og heilsu og öryggi. Áhrifin eru metin neikvæð á gróður og dýralíf, ásýnd og landslag, en jákvæð á samfélag. Áhrif á minjar eru talin óviss eða óveruleg, þ.e. eftir stöðu fornleifaskráningar á þessum stöðum. Valkostur 3 á að sýna samlegðaráhrif á umhverfið og einkum er um að ræða neikvæð áhrif á gróður og dýralíf og ásýnd og landslag. Jákvæð áhrif eru á samfélag og eru þau samlegðaráhrif eins og í öðrum þáttum samkvæmt umhverfismati aðalskipulagsbreytinga fyrir vindorkugarðana.

Greining á heildaráhrifum stefnunnar

Metin eru helstu áhrif stefnunnar í megin viðfangsefnum aðalskipulagsins á helstu matsþætti. Í lok hvers stefnukafla í greinargerð aðalskipulagsins er samantekt á þeim umhverfisáhrifum sem metin eru.

Stefna aðalskipulagsins um náttúru og landslag hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á þá matsþætti og umhverfisþætti sem eru til skoðunar. Eðli málsins samkvæmt hefur stefnan ekki mikil áhrif á matsþáttinn félags- og velferðarmál en að öðru leyti skorar stefnan hátt á þessum matsþáttum.

Stefna um samfélag sem inniheldur m.a. stefnu um byggð og atvinnumál hefur einnig heilt yfir jákvæð áhrif á þá matsþætti sem voru til skoðunar. Einu neikvæðu áhrifin tengjast mögulegri vindorkunýtingu og óvissa er um áhrif skógræktar á menningarminjar.

Stefna um innviði hefur jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á þá matsþætti sem voru til skoðunar. Einu neikvæðu áhrifin tengjast mögulegum áhrifum af vegaframkvæmdum á náttúru sem og losun gróðurhúsalofttegunda en það er háð umfangi og útfærslu nýrra framkvæmda. Einnig getur uppbygging og viðhald göngu- og hjólaðið haft neikvæð áhrif á náttúru- og menningarminjar sem og losun gróðurhúsalofttegunda, í það minnsta tímabundið, en áhrifin eru háð útfærslu á hverjum stað.

Skipulagsgerð vegna fyrirhugaðra vindorkugarða var ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins, en um þær framkvæmdir var fjallað í breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna Hróðnýjarstaða og Sólheima. Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna um fyrirhugaða uppbyggingu vindorkugarðanna og tengdra framkvæmda þá verða áhrifin á náttúru og landslag verulega neikvæð, m.a. vegna áhrifa á búsvæði fugla og áflugshættu, breytingar á ásýnd lands og áhrifa á landslag. Framkvæmdunum fylgir einnig aukin losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs og rasks og hættu á mengun jarðvegs vegna jarðvinnuvéla. Um er að ræða atriði sem ekki var fjallað um í breytingu á aðalskipulagi vegna vindorkugarðanna, en verður metið í umhverfismati framkvæmda skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Uppbygging vindorkugarðanna er einnig líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útvist og

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

ferðamennsku. Áhrifin á menningarminjar eru óviss þar en fornleifaskráning hefur ekki farið fram á Sólheimum eða á þeim svæðum þar sem fyrirhugað er að leggja strengi frá virkjunarsvæðunum að tengivirkni Landsnets. Uppbygging vindorkugarðanna er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. Vindorkugarðarnir og tengdar framkvæmdir gætu þó haft jákvæð áhrif á atvinnumál.

Samlegðaráhrif stefnunnar

Aðalskipulagið markar stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í Dalabyggð. Í þeirri stefnu geta falist fjölmargar stórar og smáar framkvæmdir eða uppbygging. Vísað er til deiliskipulags hvað varðar skilgreiningu og útfærslu einstakra framkvæmda. Stefna aðalskipulagsins gerir m.a. ráð fyrir að byggðir verði upp nokkrir ferðamannastaðir með fullnægjandi innviðum sem geti tekið við talsverðum fjölda ferðamanna. Hér að framan var fjallað um áhrif þessarar stefnu. Einnig kemur fram að talsvert rými sé til staðar fyrir vöxt ferðapjónustu, skógræktar og eflingu fjölbreyttrar starfsemi í dreifbýlinu. Umhverfismatið dregur m.a. fram mikilvægi þess að áhersla sé lögð á sterk tengsl við söguna, staðaranda og landbúnað, þ.e. það sem er til staðar. Með þeim hætti er ætlunin að efla byggðina í dreifbýli og péttbýli. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir eflingu miðsvæðisins, nýtingu vannyttra svæða og vexti í þjónustutengdri starfsemi, eflingu gróðurs og úrbóta hvað varðar öryggi hjólandi og gangandi vegfarenda. Auk þess er gert ráð fyrir svigrúmi til uppbyggingar umfangsmeiri gistiþjónustu í Búðardal. Þessi stefna er líkleg til að skapa grundvöll fyrir vöxt þéttbýlisins.

Umhverfismat aðalskipulagsbreytinga vegna vindorkugarða á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum leiðir í ljós samlegðaráhrif á umhverfi ef kemur til uppbyggingar á báðum stöðum. Um er að ræða neikvæð áhrif á gróður, dýralíf, landslag og ásýnd lands. Áhrifin á fornleifar eru óviss. Áhrif á

samfélag eru jákvæð hvað varðar umsvif í samfélagini en neikvæð áhrif á ferðapjónustu og útivist.

Í heildina eru samlegðaráhrif aðalskipulagsins jákvæð að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem fjallað er um í stefnunni. Þó skal haldið til haga þeim áhrifum sem uppbygging vindorkugarða kann að hafa og nánar verður fjallað um í umhverfismati framkvæmda fyrir þessi verkefni. Fyrir liggur að umræddar skipulagskvarðanir munu hafa neikvæð áhrif á lífríki og landslag til langs tíma litið, þ.e. meðan orkuvinnsla stendur yfir. Þegar orkuvinnslu lýkur er mögulegt að endurheimta hluta þeirra náttúrugæða með niðurri mannvirkja og frágangi svæða og sett hafa verið sérstök ákvæði um það efni.

Eftirfylgni og vöktun

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins, umfram það sem ákveðið er í umhverfismati þeirra framkvæmda sem getið er um í skipulagstillöggunni.

Hvað varðar eftirfylgni vegna framkvæmda við vindorkugarða á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum er vísað til umhverfismats framkvæmdanna og þeirrar eftirfylgni og vöktunar sem þar verður skilgreind. Mikilvægt er að umhverfisþættir sem kunna að verða fyrir verulega neikvæðum áhrifum af framkvæmdinni verði vaktaðir sérstaklega. Einnig er mikilvægt að þegar orkuvinnslu lýkur verði mannvirkni fjarlægð eftir því sem mögulegt er og leitast verði við að endurheimta þau umhverfisgæði sem þessi svæði búa yfir. Sett hafa verið ákvæði um það efni.

HELSTU ÁHERSLUR

2 LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ

2.1 LEIÐARLJÓS

Í aðalskipulagi Dalabyggðar er eftirfarandi haft að leiðarljósi, auk markmiða skipulagslaga og leiðarljóss landsskipulagsstefnu.

Dalabyggð stefnir að því að verða hæglætissamfélag með sterkar rætur í sögu, menningu og náttúru svæðisins. Í því felst að vinna að auknum lífsgæðum íbúa, sjálfbærni daglegs lífs og þoli samfélagsins gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Skapa á góð skilyrði fyrir heilbrigtt, skemmtilegt og fjölskylduvænt samfélag, þróttmikið mennta-, menningar- og íþróttastarf og öflugt atvinnulíf.

Í aðalskipulaginu er vísað til hugtaksins hæglætislífs eða hæglætissamfélags og það hefur ákveðna samsvörun í hugmyndafræði hæglætisstefnunnar¹ (e. cittaslow). Um er að ræða andrúmsloft og nálgun sem Dalabyggð telur eftirsóknarverða og hefur m.a. verið nýtt í markaðssetningu sveitarfélagsins.

Við gerð aðalskipulagsins er m.a. byggt á stefnumótunarvinnu Dalabyggðar, *Stefna Dalabyggðar 2019 – 2022*, þar sem unnið er með þrjú gildi, þ.e. jákvæðni, virðingu og framsækni. Í Stefnu Dalabyggðar er lögð áhersla á að bæta búsetuskilyrðin og efla byggðina með þeim styrkleikum sem eru til staðar. Sveitarfélagið verði áfram sterkt landbúnaðarhérað með ríka hefð í úrvinnslu afurða og nýtingu hlunninda. Einnig verði búinn til frjór jarðvegur fyrir fjölbreytt atvinnulíf s.s. ferðaþjónustu, nýsköpun, menntun og skapandi samfélag auk þess að hlúa að því sem fyrir er. Unnið verði að því að styrkja ímynd sveitarfélagsins og efla innviði, auk þess að varðveita sérkenni sem felast í landslagi, náttúru og menningarminjum.

Snertifletir aðalskipulagsins við málefni fjölskyldunnar eru fjölmargir og taka m.a. til umgjarðar menningar, skólastarfs, íþróttta- og tómstundastarfs, lýðheilsu og þjónustu. Mikilvægt er að tekið sé mið af lýðfræðilegum breytingum til framtíðar með fjölbreyttum húsnæðiskostum. Huga þarf að húsagerðum og stærðum og bjóða upp á fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem kemur til móts við þarfir íbúa, svo sem með tilliti til aldurs og tekjuhópa.



Mynd 2-1 Ær með lömb í Dalabyggð.

¹ Hæglætisstefnan eða Cittaslow-hreyfingin leggur m.a. áherslu á virðingu fyrir fólk, staðbundna menningu og umhverfi, gestrisni og mat úr héraði.

2.2 MEGINMARKMIÐ

Náttúra

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um náttúru:

- ◆ Nýting náttúruauðlinda og hlunninda verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar sjálfrar.
- ◆ Líffræðilegri fjölbreytni verði viðhaldið í samræmi við lög um náttúruvernd.
- ◆ Allir íbúar búi við heilnæmt umhverfi þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum laga.
- ◆ Skipulagi landnýtingar verði hagað með tilliti til náttúrvár og loftslagsbreytinga.
- ◆ Sérkenni náttúru verði varðveitt, þannig að íbúar og gestir geti notið þeirra gæða sem eru til staðar.
- ◆ Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði varðveitt.
- ◆ Stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkja m.a. ferðapjónustu.
- ◆ Standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- ◆ Stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.

Samfélag

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um samfélag:

- ◆ Í Dalabyggð verði fjölskylduvænt og skapandi samfélag með:
 - Blómlegu mannlífi, lifandi menningu og sagnaarfi.
 - Góða nærbjónustu og aðgengi fyrir alla.
 - Fjölbreytta húsnæðiskosti í takt við þarfir íbúa á hverjum tíma.
 - Tækifæri til heilsueflingar og íþróttar.
- ◆ Uppbygging samfélagsins byggi á sveigjanleika gagnvart samfélags- og umhverfisáhrifum og hafi seiglu til að geta svarað breyttum þörfum og aðstæðum.
- ◆ Í Búðardal verði heilsteypt, öflug, fjölbreytt og aðlaðandi þjónusta fyrir íbúa Dalabyggðar og gesti.
- ◆ Fjölbreytt atvinnulíf og atvinnuþróun byggi á styrkleikum og sérstöðu sem felst m.a. í miðsvæðis staðsetningu Dalabyggðar.
- ◆ Stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis.
- ◆ Stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðapjónustu og aðra atvinnustarfsemi.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Innviðir

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um innviði:

- ◆ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu.
- ◆ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða.
- ◆ Tryggja öruggar samgöngur fyrir skólabörn sveitarfélagsins og þá sem þurfa að sækja atvinnu innan sveitarfélagsins.
- ◆ Tryggja öryggi gangandi vegfarenda.
- ◆ Tryggja öruggar samgöngur og aðgengi ferðamanna að ferðamannastöðum.
- ◆ Stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, einkum jarðvarma.
- ◆ Leita hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.



Mynd 2-2 Horft til suðurs yfir árósá í botni Hvammsfjarðar.


NÁTTÚRA OG LANDSLAG

3 STAÐHÆTTIR

3.1 LANDSLAG

Land í Dalabyggð einkennist af landmótun jöklum. Landslagið er víða stórbrotið, einkum norðan til, við Gilsfjörð, Skarðsströnd og Fellsströnd. Þar gnæfa há fjöll yfir byggðinni. Fyrir botni Hvammsfjarðar er flatlendi, lágar heiðar og dalir. Stórbrotnara landslag er inn til landsins er kemur suður til Haukadals, Miðdala og Hörðudals. Skógarströnd einkennist af ávöllum formum, undirlendi við ströndina, lágum heiðum en fjallgörðum inn til landsins. Landið er almennt grösugt og þar má einkum finna mólendi, votlendi, tún og einnig birkikjarr. Í fjalllendi er meira um mosagróður, mela og berar klappir.

Í mynni Hvammsfjarðar og með ströndinni og inn í Gilsfjörð eru fjölmargar eyjar, eyjaklasar og sker sem mynda landslagsheildir í samspili við fjarðalandslag og stórbrotinn fjallahrung. Eyjarnar eru almennt flatlendar og grösugar, en lögun þeirra ásamt miklum mun á flóði og fjöru við Breiðafjörð hefur haft móttandi áhrif á lífríki svæðisins.




Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

3.2 JARÐFRÆÐI

Berggrunnur svæðisins er fyrst og fremst einsleitur stafli basaltlaga frá tertíertímabilinu. Megin bergtegundin er blágrýti (eldra en 3,3 milljónir ára), en á afmörkuðum svæðum er súrt gosberg. Í botni Gilsfjarðar og á Skarðsströnd eru hallamislægi, þykk setlög með surtarbrandi milli blágrýtislaganna.² Um Dalabyggð liggur útkulnað gosbelti sem var síðast virkt fyrir um 6 milljónum ára, þ.e. Snæfellsnesrekbeltið, sem sveigir til austurs um Hvammsfjörð. Jarðlög á svæðinu halla inn að þessu forna gosbelti og eiga uppruna þar.³

Merkar jarðminjar eru á svæðinu og njóta þær verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og verndun Breiðafjarðar. Dæmi um það er bergtegundin anorthósít, en helsti fundarstaður hennar á Íslandi er í Hrappsey.⁴



Mynd 3-2 Jarðfræði í Dalabyggð.

² Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021

³ Haukur Jóhannesson. 2021.

⁴ Breiðarfjarðarnefnd. 2014.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032



Mynd 3-3 Vatnafar í Dalabyggð.


⁵ Haukur Jóhannesson. 2021.

3.3 VATNAFAR

Berggrunnur á svæðinu er gamalt og þétt blágrýti og erfitt getur reynst að vinna neysluvatn úr honum. Úrkoma sem fellur á svæðinu rennur því að mestu burtu á yfirborði, nema þar sem laus vatnsgeng jarðlög hylja fast berg.⁵

3.4 VEÐURFAR

Veðurathuganir í Dalabyggð hafa verið gerðar á Hamraendum í Miðdöllum frá 1937-1999, Búðardal við Hvammsfjörð, óreglulega frá 1961-1990 og í Ásgarði frá 1992 en stöðin var gerð sjálfvirk að hluta árið 2003. Sjálfvirkar veðurstöðvar hafa verið á Svínadal frá árinu 2002, á Laxárdalsheiði frá 2000 og Bröttubrekku frá 1998. Auk þess er mönnuð úrkomustöð á Kvennabrekku í Döllum.




Mynd 3-4 Tíðni vindátta í Ásgarði og Svínadal, meðaltal áranna 2010-2019.⁶

⁶ Veðurstofa Íslands. 2020A.


Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Í Ásgarði eru norðan og norðnorðaustanáttir algengustu vindáttirnar og jafnframt algengustu hvassviðrisáttirnar.⁷ Veður getur þó verið mjög breytilegt eftir svæðum innan sveitarfélagsins.

Meðaltals ársúrkoma áranna 2010-2019 í Ásgarði er 774 mm og 570 mm á Kvennabrekku.⁸ Þessi litla ársúrkoma á láglendið fyrir botni Hvammsfjarðar skýrist af vari svæðisins fyrir úrkomuáttum. Til samanburðar má nefna að meðalársúrkoma í Reykjavík á árunum 2010-2019 var 855 mm.



Mynd 3-5 Meðalúrkoma ársins 1971-2000.



Mynd 3-6 Jarðvegskort af Dalabyggð.

⁷ Veðurstofa Íslands. 2020A.

⁸ Veðurstofa Íslands. 2020B.

3.5 JARÐVEGUR

Jarðvegur í Dalabyggð er víðast hvar eldfjallajarðvegur eða sortujörð (brún-, svart- eða votjörð) samkvæmt jarðvegskorti Landbúnaðarháskóla Íslands. Einnig finnst mójörð (með háu hlutfalli lífrænna efna) og mela- eða malarjörð til fjalla.⁹ Í Döllum er mesta magn af hvarfleir sem vitað er um hérlandis og finnst leirinn víða í dalbotnum og sjávarbökkum, einkum í Hörðudal, Miðdolum, Laxárdal og Ytri-Fagradal. Leirinn, svokallaður Búðardalsleir, er grár að lit og að uppruna jökulgormur.

3.6 LÍFRÍKI

Láglandi í Dalabyggð er almennt vel gróið, en það dregur úr gróðri í bröttum fjallshlíðum og skriðum upp til fjalla. Mó- og graslendi með smágerðum gróðri er ríkjandi á láglendi. Tún eru við strendur og inn til dala. Votlendi er einkum að finna á Skarðsströnd, við Hvammsfjörð og í döllum upp frá honum. Á Laxárdalsheiði er einnig mikið af vötnum og öðru votlendi. Á hæstu fjöllum er mosi eða lítt gróið land. Eyjar eru almennt grösugar og gróðurfar er fjölbreyttara á þeim eyjum sem eru nær landi. Í sveitarfélagini eru sjálfsánir birkiskógar, alls 5.924 ha samkvæmt gögnum Skógræktarinnar.¹⁰

Fuglalíf við Breiðafjörð er fjölbreytt og er talið að 37 tegundir verpi reglulega í Breiðafjarðareyjum. Fimm tegundir til viðbótar hafa orpið þar en teljast ekki árvissir varpfuglar. Þá eru að auki nokkrar tegundir sem verpa við strandsvæði fjarðarins, þannig að þegar allt er talið lætur nærrí að 50 tegundir verpi í eyjum og á strandsvæðum. Tvær fuglategundir á válista, haförn og þórshani, eru óvenju algengar á Breiðafirði.¹¹ Ellefu aðrar fuglategundir á mismunandi válistum eru á verndarsvæði Breiðafjarðar.

⁹ Ólafur Arnalds og Hlynur Óskarsson. 2009.

¹⁰ Byggt á vistgerðakorti og gróðurkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, Kortasjá Landbúnaðarháskóla Íslands og kortagögnum Skógræktarinnar.

¹¹ Breiðarfjarðarnefnd. 2014.

Breiðafjörður er talinn eitt af lykilsvæðum Evrópu fyrir vaðfugla og er á lista alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna BirdLife International yfir mikilvægustu fuglasvæði Evrópu. Þá er svæðið á lista yfir 32 sjávarsvæði í Evrópu vegna líffræðilegrar fjölbreytni í sjó.¹² Ýmsar hættur geta steðjað að þeim á komandi áratugum, skógrækt á láglendi, aukinn fjölda fristundabyggða og dreifing lúpínu auk hækkandi hitastigs. Minnkandi sauðfjárbeit mun leiða til hávaxnari og þéttari gróðurs sem leiðir til fækkunar búsvæða fyrir vaðfugla en langflestir vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggendum búsvæðum og brífast alls ekki í skóglendi.¹³


Selir eru mikilvægur hluti lífríkis svæðisins og landselur og útselur kæpa á skerjum um allan Breiðafjörð. Selveiðar eru hlunnindi sem fylgja jörðum við Breiðafjörð, en mikið hefur dregið úr þeim hin síðari ár. Selveiðar eru óheimilar á íslensku forráðasvæði nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu samkvæmt reglugerð um bann við selveiðum nr. 1100/2019. Í Dalabyggð eru mikilvæg vatnsföll með auðgum fiskistofnum og hafa rannsóknir verið stundaðar á þeim um langt skeið. Má þar nefna rannsóknir í Krossá á Skarðströnd sem er ein af lykilám Hafrannsóknarstofnunar sem nýtt er til að fylgjast með breytingum á framleiðslu þörunga, smádýra og fiska¹⁴.

¹² Breiðarfjarðarnefnd. 2014.

¹³ Tómas Grétar Gunnarsson. 2020.


¹⁴ Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. 2020.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033



Mynd 3-7

Gróðurfar í Dalabyggð



Mynd 3-8 Mikilvæg fuglasvæði og sellátur í Dalabyggð.


4 NÁTTÚRVÁ OG ÖRYGGI

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu sveitarfélagsins um viðbrögð við náttúrvá og viðbrögð við hættu af völdum loftslagsbreytinga. Undir náttúrvá flokkast hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jöklum, flóð í ám, ofanflóð, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðarís og fárvíðri. Nánar er fjallað um þetta hér á eftir en ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um hafískomu og lagnaðarís. Sérstök umfjöllun er um loftslagsbreytingar, en umfjöllunin er einnig fléttuð inn í aðra kafla þar sem það á við.

4.1 LOFTSLAGSBREYTINGAR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

Líklegt er talið að loftslagsbreytingar muni hafa veruleg áhrif á náttúrufar hér á landi, m.a. sjávarstöðu, rennsli áa og lífríki. Breytingarnar munu einnig hafa áhrif á samfélagið, þ.e. innviði þess og undirstöðuatvinnuvegi, s.s. sjávarútveg og landbúnað, sbr. skýrslu vísindaneftndar um loftslagsbreytingar, *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi*.¹⁵

Loftslagsmál eru eitt af helstu áherslumálum núverandi ríkisstjórnar Íslands. Í *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* hafa stjórnvöld skilgreint fjölmargar aðgerðir í málaflokknum, en tvö helstu áhersluatriðin eru orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu.¹⁶ Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur einnig ákveðið að vinna tillögu að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem m.a. verður sett fram stefna og leiðbeiningar um hvernig bæta megi skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja víðtækjar og viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi.¹⁷ Aðgerðir við framfylgd skipulags geta m.a. falið í sér samdrátt í losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda. Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu hefur verið lögð fyrir Alþingi en ekki hlotið afgreiðslu.



Mynd 4-1 Einfölduð mynd af kolefnishringrás jarðar 2000–2009. Úr skýrslu vísindaneftndar um loftslagsbreytingar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi.

Í skýrslunni *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi* er fjallað um súrnun sjávar, sjávarstöðubreytingar, áhrif loftslagsbreytinga á náttúrvá, samfélagslega innviði og nauðsynlega aðlögun vegna þessa. Jafnframt er fjallað um áhrif hlýnunar síðustu áratuga og áhrif hennar á náttúrufar á landi og í hafinu við Ísland. Í samantekt skýrslunnar segir m.a. um áhrif loftslagsbreytinga hér á landi:

¹⁵ Halldór Björnsson o.fl. 2018.

¹⁶ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020.

¹⁷ Skipulagsstofnun. 2019.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

- ◆ Frá aldamótum og fram að miðbiki aldarinnar er líklegt að hlýni um 1,3 - 2,3°C á landinu og hafsvæðinu umhverfis það. Umfang hlýnunar ræðst af losun gróðurhúsalofttegunda og ef hún verður mikil getur hlýnun til loka aldarinnar náð 4°C.
- ◆ Bráðnun og þynning jöklar veldur landrisi og umfangsmiklum breytingum á vatnafari á jaðri þeirra.
- ◆ Hlýnun hefur aukið afrakstur ræktarlands og trjávöxt, en á móti kemur að ýmsir skaðvaldar gróðurs hafa orðið meira áberandi.
- ◆ Á hnattræna vísu er súrnun sjávar hvað örurst í hafinu nærri Íslandi og því líklegt að neikvæð súrnun komi því fyrr fram hér.
- ◆ Breytingar á ástandi sjávar hafa haft veruleg áhrif á vistkerfi sjávar sem skýrir að hluta breytingar í stofnstærð og útbreiðslu sumra uppsjávarfiska, sérstaklega loðnu, makríls og sandsílis.
- ◆ Sjávarstöðu- og úrkomubreytingar hafa áhrif á fráveitir og ofanvatnskerfi, og veruleg þörf er á aðlögun slíkra kerfa.
- ◆ Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um aðlögunarþörf vegna afleiðinga loftslagsbreytinga, og ólíkt nágrannaþjóðum er ekki til landsáætlun í þeim efnum. Lítið hefur verið hugað að samlegðaráhrifum mótvægisáðgerða sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðum til aðlögunar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf út stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum í ljósi loftslagsvár í september 2021¹⁸. Þar er sett fram fyrsta stefna íslenskra stjórnavalda um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Sett eru markmið á fjölmögum sviðum s.s. náttúrvárá, skipulagsmála, vatns- og fráveitna, orku og orkumála, samgangna, atvinnulífs, landbúnaðar, ferðaþjónustu, lýðheilsu, vinnumarkaðar og félagslegra innviða.

Þó svo að óvissa sé um loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra næstu áratugi þá er ljóst að lofhjúpurinn og heimshöfin hafa hlýnað, ísmagn hefur minnkað, sjávarborð hækkað, sýrustig sjávar lækkað og styrkur gróðurhúsalofttegunda aukist.



Mynd 4-2 Tungustapi í Sælingsdal.

4.2 ELDGOS OG JARÐSKJÁLFTAR

Eldstöðvakerfi Ljósufjalla á Snæfellsnesgosbeltinu hefur verið nokkuð virkt á nútíma en síðast gaus þar á 10. öld. Samkvæmt íslensku eldfjallavefsjánni geturhraun frá eldstöðinni spilt vegakerfi og beitilöndum og gjóskufall getur haft áhrif talsvert frá upptökunum ef tætigos verður. Virkni í eldstöðinni er nú lítil. Skipulagssvæðið liggur utan helstu jarðskjálftasvæða landsins.

¹⁸ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021A.

4.3 OFANFLÓÐ

Við gerð skipulags eða veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfis á svæði þar sem ofanflóð eru hugsanleg og ekki liggur fyrir staðfest hættumat skal sveitarstjórn leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort óska beri eftir staðbundnu hættumati hjá Veðurstofu Íslands, samkvæmt reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Hættumatið skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Þéttbýli er þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð á milli húsa er að jafnaði ekki meiri en 200 metrar. Hættumeta þarf allar nýbyggingar sem reistar eru á svæðum þar sem getur verið hætt við ofanflóðum, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Gildandi aðalskipulag skal vera í samræmi við hættumat svæðisins.

Samkvæmt upplýsingum á vef Veðurstofu Íslands eru engin svæði í Dalabyggð þar sem farið hefur fram hættumat vegna ofanflóða. Þekkt eru svæði þar sem nokkur hætta er talin vera vegna snjóflóða og skriðufalla. Þekkt snjóflóðasvæði eru í bröttum hlíðum, s.s. á Staðarfellshlíð, Ballaráhlíð, Nýpurhlíð, í Haukadal, Sökkólfssdal og á Svínadal. Grjóthrun er einnig víða þekkt s.s. á Skarðströnd og í Haukadal.

4.4 GRÓÐURELDAR

Gróðureldar eru ekki algengir á Íslandi en geta verið illviðráðanlegir ef eldur berst í þurran gróður. Á undanförnum áratugum hefur trjám verið plantað í miklum mæli á Íslandi. Ógrisjaður, þéttur skógor getur verið illfær vegna þess að greinar hans eru samfléttar frá skógarbotni og upp úr. Slíkur skógor er hættulegastur með tilliti til gróðurelda. Enn fremur geta breytingar í landbúnaði haft áhrif á hættu af gróðureldum, s.s. minnkandi beit sem eykur líkur á sinu og þar með hættu á sinubruna.

Stýrihópur um mótu vinnureglu í brunavörnum í skógi og öðrum gróðri gaf árið 2018 út skýrsluna „*Gróðureldar; Varnir og viðbrögð*“.¹⁹ Í skýrslunni kemur fram að skipuleggja þurfi skógarsvæði með tilliti til eldvarna. Sérstaklega eigi þetta við um svæði þar sem umferð fólks er mikil, svo sem fjölsótt útvistarsvæði og frístundahúsabyggð. Mikilvægt sé að huga m.a. að aðgengi slökkviliðs, flóttaleiðum, uppbyggingu vega og slóða, varnarlínum og brunahólfun, sem og vatnstökustöðum og vatnsbólum.

Í Dalabyggð eru birkiskógar og auk þess er skógrækt vaxandi í sveitarfélagini. Almennt séð er ekki talin mikil hætta af gróðureldum í sveitarfélagini vegna lítils umfangs frístundabyggðar. Það kann þó að breytast með aukinni skógrækt og breyttu búsetumynstri, þ.e. búsetu í dreifbýli án tengsla við búskap og aukinni frístundahúsabyggð.

4.5 FLÓÐASVÆÐI

Í Dalabyggð er engin íbúðarbyggð talin vera á hættusvæði vegna sjávarflóða eða árflóða. Ágangur af völdum sjávar er einkum talinn vera á svæðum sem standa lágt við Hvammsfjörð. Í „*Yfirlitsskýrslu um sjóvarnir*“²⁰ frá árinu 2011 kemur m.a. fram að við þéttbýlið í Búðardal geti ölduálag orðið talsvert í SV vindbáru á Hvammsfirði. Þó er ekki talin flóðahætta, en þörf að styrkja sjóvörn við Ægisbraut í Búðardal og hefur það komið til framkvæmda af hálfu Vegagerðarinnar.

Vegagerðin vinnur að hættumati vegna sjávarflóða, þar sem m.a. er tekið tillit til loftslagsbreytinga og landsigs/landriss og eru niðurstöður þessarar vinnu væntanlegar.

4.6 AFTAKAVEÐUR

Í skýrslu vísindaneftndar um loftslagsbreytingar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi kemur m.a. fram að með hlýnandi loftslagi megi vænta meiri veðuröfga. Samkvæmt skýrslunni teljast dagar með aftakaveðri dagar þar

¹⁹ Stýrihópur um mótu vinnureglu í brunavörum í skógi og öðrum gróðri. 2018.

²⁰ Siglingastofnun Íslands. 2011.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

sem vindhraði fer yfir 20 m/s á a.m.k. 45% veðurstöðva á öllu landinu. Í skýrslunni kemur einnig fram að þanþol íslensks þjóðfélags gagnvart aftakaveðri er mun meira nú en fyrrum, þ.e. frá tímum landbúnaðarsamfélagsins. Einnig kemur fram að almennt efnahagslegt þol hafi stóraukist en tjónnæmi sé enn umtalsvert, sérstaklega ef litið er á afkomu einstakra atvinnugreina, fyrirtækja og einstaklinga.

Í skipulagi snúast viðbrögð við hættu af aftakaveðrum einkum að mögulegri aukinni tíðni aftakaveðra, áhrifum á grunninnviði og þoli þeirra til að takast á við slíka atburði þegar þeir verða. Samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands eru norðan- og norðnorðaustanáttir algengustu vindáttirnar í Ásgarði en hvassviðrisáttin er einkum norðnorðaustanátt. Veður getur þó verið mjög breytilegt eftir svæðum innan sveitarfélagsins. Frá upphafi sjálfvirkra mælinga í Ásgarði hefur vindhraði mælst yfir 20 m/s í öllum mánuðum ársins utan tímabilsins maí-ágúst, auk október. Mesti mældi vindhraði er 31,2 m/s þann 14. mars 2015 en þá mældist einnig mesta hviðan 41,9 m/s.

Markmið og stefna – Náttúrvá og öryggi

Markmið

- ◆ Íbúar Dalabyggðar búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúrvárá.
- ◆ Skipulag byggðar taki tillit til áhrifa loftslagsbreytinga m.a. vegna hækkunar sjávarborðs og mögulegra skriðufalla.
- ◆ Rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð.
- ◆ Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með orkuskiptum í samgöngum og notkun vistvænna samgöngumáta.
- ◆ Binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin, s.s. með skógrækt og landgræðslu.
- ◆ Forðast skal röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir.

Útfærsla stefnu

Dalabyggð mun leggja fram sinn skerf til að draga úr og bregðast við loftslagsbreytingum af manna völdum. Lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti á skipulagstímabilinu:

- ◆ Stuðlað verður að loftslagsvænum aðgerðum, þ.e. hvatt til minni eldsneytisnotkunar með því að bjóða upp á valkost um sjálfbærar samgöngur, gott net stíga fyrir gangandi og hjólandi í þéttbýli og góðar almenningssamgöngur við nærliggjandi svæði og þéttbýlisstaði.
- ◆ Stuðlað verður að skógrækt og trjárækt innan þess ramma sem sett er í aðalskipulaginu og í samræmi við viðmið um flokkun landbúnaðarlands í Dalabyggð.
- ◆ Viðhald votlendis þar sem það er mögulegt og raunhæft m.a. vegna nýtingar lands til landbúnaðarframleiðslu.
- ◆ Við skipulag frístundabyggðar verði hugað að hættu af völdum gróðurelda.

Stefna sveitarfélagsins er að draga úr hættu á tjóni af völdum sjávargangs. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir fullnægjandi sjóvörnum, þ.e. viðhaldi og uppbyggingu, til varnar byggð í þéttbýli í samráði við Vegagerðina.

Lögð er áhersla á að hætta af völdum ofanflóða í dreifbýli verði könnuð og kortlögð. Þess verði gætt að íbúðarbyggð og frístundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum. Einnig verði könnuð þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum. Í deiliskipulagi skal taka tillit til hættumats ef talin er hætta af völdum ofanflóða.

Í deiliskipulagi skal kveða á um lágmarks gólfhæðir húsa á lágsvæðum með hliðsjón af hæstu mögulegu sjávarstöðu og spám um sjávarborðshækkun. Jafnframt skal fjalla um lóðahæðir og hönnun lóða m.t.t. hugsanlegs

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

flóðrennslis. Styðjast skal við viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir landhæð ef staðbundið sjávarflóðahættumat liggur ekki fyrir.

Í deiliskipulagi nýrra og stórra frístundahúsasvæða og annarrar byggðar verði sérstaklega hugað að flóttaleiðum og aðgengi slökkviliðs. Einnig skal huga að því að halda gróðri í lágmarki við byggingar eða raflínur í skógum.

Við gerð deiliskipulags innan þéttbýlisins í Búðardal skal ávallt kanna gerð jarðlaga með tilliti til byggingarhæfis og taka mið af því við útfærslu skipulagsins.

Stefnan um náttúrvá og öryggi er einkum útfærð með markmiðum fyrir Byggð (kafli 10), Landbúnað (kafli 11.3) og Samgöngur (kafli 15). Stefnan er útfærð nánar með afmörkun á skipulagsuppdrætti (ÍB, F, L, SL og VE) og ákvæðum um landnotkun vegna náttúrvá og öryggis en þau eru m.a. sett fram fyrir Íbúðarbyggð (kafli 17.1), Frístundabyggð (kafli 17.8), Landbúnaðarsvæði (kafli 17.13), Skógræktar- og landgræðslusvæði (kafli 17.14), Vegir, götur og stígar (kafli 17.20).

Helstu stefnubreytingar

Stefnan byggir að ákveðnu marki á eldra aðalskipulagi en hér er aukin áhersla á viðbrögð við og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Sett er fram mun ítarlegri stefna, mótvægisadgerðir og aðlögun vegna loftslagsbreytinga í samræmi við stefnu stjórvalda í loftslagsmálum.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á byggð og samfélag og auka viðnám og þol gegn umhverfisbreytingum. Stefnan er einnig líkleg til að auka viðnámsþol samfélagsins gagnvart náttúrvá og auka öryggi fólks. Áhrifin á náttúrufarslega þætti verða að einhverju leyti neikvæð, ef kemur til uppbyggingar varnarvirkja, en slíkar aðgerðir eru ekki taldar líklegar miðað við núverandi byggð og bekkingu á náttúrvá á svæðinu. Stefnan er líkleg til að vinna gegn loftslagsbreytingum og skilgreindar eru mótvægisadgerðir vegna hættu af völdum gróðurelda.



Mynd 4-3 Tún í Miðdölum.

5 LÍFRÍKI OG LANDSLAG

Dalabyggð ber skylda til að vernda náttúruna og fjölbreytni hennar fyrir komandi kynslóðir, í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda og gildandi lög. Mikilvægt er að vernda það sem er sérstætt en einnig að stuðla að því að endurheimta röskuð vistkerfi og auka þol gegn umhverfisbreytingum, svo sem hnattrænni hlýnum.

Sjálfbær þróun er lykilhugtak í allri umræðu samtímans um þróunar- og umhverfismál. Hugtakið er þýðing á enska orðasambandinu *sustainable development* og felur í sér viðleitni til að mæta þörfum samtíðarinnar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu sveitarfélagsins um mikilvæga þætti er varða lífríki og landslag og verndun náttúrunnar.

5.1 LAGAUMGJÖRÐ NÁTTÚRUVERNDAR

Markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að „vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og aukna þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.“ Nánari verndarmarkmið eru skilgreind í 2. og 3. grein laganna. Í 2. gr. laganna er fjallað um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Þar er tekið fram að stuðla skuli að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og í 3. gr. laganna er fjallað um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Þar er lagt til að stuðlað skuli að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Í 61. gr. laganna eru tilgreind vistkerfi og jarðminjar sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til. Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. c-lið 3. gr. náttúruverndar:

a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.

b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. náttúruverndarlaga:

a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.

b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Náttúruminjar eru náttúruvyrirbæri sem ákveðið hefur verið að vernda með friðlýsingu, friðun eða með öðrum hætti eða fyrirbrigði sem tekin hefur verið afstaða til að rétt sé að vernda, þ.e. aðrar náttúruminjar. Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta sem auðkenndir eru sem A-, B- og C-hluti. Þar inniheldur A-hluti skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð. Í B-hluta er yfirlit yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og því er sá hluti nokkurs konar framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða eru skráðar á C-hluta náttúruminjaskrár.

Skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á náttúruhyndunum ef um er að ræða hættu á því að friðlýstum náttúruminjum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár verði spilt, nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir.

Önnur lög og lagafyrirmæli geta kveðið á um verndun náttúrunnar. Dæmi um það eru sérstök lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Einig er hægt að vernda landsvæði á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

nr. 48/2011, þ.e. vegna virkjunarkosta sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Í Dalabyggð eru ekki virkjunarkostir í verndarflokki samkvæmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun).

Fjallað er um friðlýsingu æðarvarpa í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. Sýslumaður annast friðlýsingu æðarvarps og gildir hún í 10 ár frá birtingu ákvörðunar um friðlýsingu.

Samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki er skylt að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar.



Mynd 5-1 Séð yfir Langeyjarnes út Breiðafjörð.

5.2 GILDI NÁTTÚRUNNAR OG VERÐMÆTAMAT

Samfara fjölbreyttari nýtingu náttúruauðlinda og aukinni samkeppni um land eykst álag á náttúruna og hugsanlegum hagsmunaárekstrum fjölgar. Á sama tíma er löggjöf sem snertir náttúru, umhverfi og skipulag landsins orðin strangari og ítarlegri en áður.

²¹ Umhverfisráðuneytið. 2011.

Í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands er fjallað um mat á verndargildi náttúrunnar út frá þjónustu vistkerfa (e. *ecosystem services*), þ.e. þjónustu sem maðurinn er algerlega háður. Náttúruna má flokka niður í þætti út frá þeim fyrirbærum sem þar finnast og talið er að búi yfir verðmætum: Jarðmyndanir, ferskvatn, haf, lífríki og landslag. Til viðbótar hafa verið skilgreindir eiginleikar eða *viðmið* sem verðmætin byggjast á og taka m.a. til þátta eins og auðgi og fjölbreytni, fágætis, stærðar og samfelli, upprunaleika, þekkingargildis, fagurfræði eða upplifunar og táknræns eða tilfinningalegs gildis.²¹

5.3 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Breiðafjarðarsvæðið nýtur verndar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna. Í gildi er Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.²² Samkvæmt náttúruminjaskrá eru ekki friðlýst svæði í Dalabyggð, önnur en þau sem falla undir vernd Breiðafjarðar. Innan marka Dalabyggðar eru sex svæði á náttúruminjaskrá sem flokkast sem *aðrar náttúruminjar* samkvæmt náttúruminjaskrá:

- **Saltadý** í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess, $0,87 \text{ km}^2$ svæði. Sölt laug, óvenjulegt gróðurfar.
- **Tungustapi** í Sælingsdal, $0,25 \text{ km}^2$ svæði. Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum.
- **Lambey og Steindórseyjar** á Hvammsfirði (ásamt dröngunum Karli og Kerlingu við Lambey), $0,28 \text{ km}^2$ að stærð. Eyjar með fjölbreyttu fuglalífi.
- **Hrappsey og Klakkeyjar** í mynni Hvammsfjarðar (Hrappsey, Skertla, Skarða, Dímonarklakkar, Stekkjarey og Bæjarey), $3,41 \text{ km}^2$ að stærð.

²² Breiðarfjarðarnefnd. 2014.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033


Einstakt landslag í Klakkeyjum og sérstæð bergerð, anorthósít, finnst í Hrappsey.

- **Rauðseyjar** á Breiðafirði (Rauðseyjar allar, Svörtusker, Kjarnaklettur, Selhólm, Beitarey, Bæjarey, Königsey og Ásmundarsker), 2,20 km² að stærð. Fallegur eyjaklasi, landslag dæmigert fyrir Breiðafjarðareyjar.
- **Fjörur í Álfafirði og Vigra**, alls 32,29 km² svæði en að stórum hluta til utan sveitarfélagsmarka Dalabyggðar. Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.
- **Skeljaleifar í Kaldrana** við Gilsfjörð, alls 1,24 km² svæði. Fundarstaðir skeljaleifa á um 200 m breiðu strandbelti, frá Kaldrana austur að Holtahlíð í Saurbæ. Merk sjávarsetög með skeljaleifum frá lokum ísaldar.

5.4 TILLÖGUR Á B-HLUTA NÁTTÚRUMINJASKRÁR


Í Dalabyggð eru umfangsmikil svæði þar sem eru mikilvægar vistgerðir og fuglar, sbr. gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og tillögu stofnunarinnar til B-hluta náttúruminjaskrár 2018 (sjá kort í kafla 3.6).²³ Eitt af þessum svæðum er Laxárdalsheiði, alls 541,6 km², en hluti þess er utan marka Dalabyggðar. Svæðið er tilnefnt vegna alþjóðlegs mikilvægis varpsvæðis áltarf og himbrima.

Aðrar tilnefningar Náttúrufræðistofnunar Íslands til B-hluta náttúruminjaskrár 2018 eru Breiðafjörður vegna fjörvistgerða, fugla og sela, Sölvatangi við Gilsfjörð (5,9 km² að stærð) vegna kræklinga og sölváoseyrar og Álfafjörður (5,4 km² að stærð) en þar finnast marhámsgræður og klóþangsklungur.



Mynd 5-2 Friðlýst svæði, önnur náttúruvernd og sérstök vernd náttúruminja.

²³ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021.



Mynd 5-3 Friðlýst æðarvarp í Dalabyggð.

5.5 FRIÐLÝST ÆÐARVARP

Fjölmargar eyjar í Dalabyggð hafa verið friðlýstar vegna æðarvarps. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni njóta eftirfarandi svæði verndar sem friðlýst æðarvarp.

- **Fremri-Langeyjar** í mynni Hvammsfjarðar. Friðlýst er æðarvarp í bæjareyjunni sjálfi og í rúmlega 40 eyjum og hólum sem tilheyra jörðinni. Birt 2017.
- **Akureyjar 1** á Breiðafirði. Friðlýst er æðarvarp sem nær til 30 eyja og skerja sem tilheyra jörðinni. Birt 2017.
- **Arney** á Breiðafirði. Friðlýst er æðavarp sem tekur til 12 eyja, hólma og skerja sem tilheyra jörðinni. Ein eyjan, Skjaldarey, er hálf innan marka Stykkishólmsbæjar. Birt árið 2020.
- **Ballará** á Skarðsströnd. Friðlýsingin tekur til 17 staða, þ.e. eyja, hólma, skerja og nesja sem tilheyra jörðinni. Birt 2018.
- **Melar** á Skarðsströnd. Friðlýsingin nær til níu staða, þ.e. eyja, skerja og nesja sem tilheyra jörðinni. Birt árið 2018.
- **Frakkanes** á Skarðsströnd. Friðlýsingin nær til 16 staða á jörðinni, þ.e. í eyjum, skerjum, nesjum og í heimatúninu í Frakknesi. Birt árið 2018.
- **Rifgirðingar** í mynni Hvammsfjarðar. Friðlýsingin nær til 44 eyja og hólma sem tilheyra jörðinni. Birt árið 2019.
- **Skarð** á Skarðsströnd. Friðlýsing æðarvarps nær til 36 eyja á Breiðafirði og í mynni Hvammsfjarðar. Birt árið 2018.

5.6 ÓBYGGÐ VÍÐERNI

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er sett fram markmið um að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Í skilgreiningu náttúruverndarlaga, skv. 19. tl. 5. gr., er óbyggjt víðerni: „*Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknuinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.*“ Nánari viðmið fyrir greiningu óbyggðra víðerna liggja ekki fyrir sbr. *Landsskipulagsstefnu 2015-2026*.



Mynd 5-4 Hvammsfjörður til norðurs. Mynd: unsplash.com/@obergeron

Markmið og stefna – Lífríki og landslag

Markmið

- ◆ Öll landnýting, hlunnindanýting og önnur auðlindanýting verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- ◆ Sérstæðar náttúruminjar og önnur sérkenni verði vernduð, m.a. landslagsheildir og jarðmyndanir.
- ◆ Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða.
- ◆ Stuðlað verði að verndun viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða.
- ◆ Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð og komið í veg fyrir útbreiðslu tegunda sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika.
- ◆ Huga skal að góðu aðgengi að náttúru svæðisins, frá fjöru að fjalli.

Útfærsla stefnu

Dalabyggð er landstórt sveitarfélag með fjölbreytt, sérstakt og áhrifamikið náttúrulegt umhverfi. Í aðalskipulagi Dalabyggðar er rík áhersla á að varðveita náttúruminjar og önnur umhverfisgæði sem eru undirstaða byggðar á svæðinu, auk þess að skapa umgjörð fyrir einstaka náttúruupplifun. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og landslags í Dalabyggð í samræmi og samstarfi við opinberar stofnanir og ráðuneyti. Verndarætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 markar stefnu sem á að tryggja vernd náttúru- og menningarminja svæðisins og aðalskipulag Dalabyggðar tekur mið af því.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Almennt séð skal landnotkun í Dalabyggð stuðla að því að viðhalda náttúrulegum sérkennum og hafa sem minnst óafturkræf áhrif. Yfirbragð svæðisins og náttúrunnar skal vera í sem mestri sátt við umhverfið. Forðast skal framkvæmdir á óbrotnu landi og lágmarka jarðrask vegna framkvæmda eins og kostur er. Við framkvæmdir skal beita varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Í deiliskipulagi á hverfisvernduðum svæðum og svæðum á náttúrumínjaskrá skal gera greiningu á áhrifum framkvæmda í umhverfismati áætlana, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með þeim hætti er leitast við að tryggja að tillit sé tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins.

Vernda skal vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni í samræmi við lög um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Komi til uppbyggingar á óbyggðum svæðum skulu þau metin með tilliti til áhrifa á náttúrufar og eftir atvikum viðerna.

Af einstökum náttúrufyrirbrigðum er lögð sérstök áhersla á að varðveita:

- ◆ **Strandsvæðin**, þ.e. vernda og viðhalda viðkvæmum og sérstæðum strandsvæðum, lífríki þeirra og eyjalandslagi. Sérstök áhersla er á að viðhalda sjónlinum og útsýni til eyjanna frá mikilvægum stöðum, þ.e. frá Skarðsströnd, Fellsströnd og Skógarströnd.
- ◆ **Birkiskógar og votlendi**, þ.e. að tryggja að ekki verði gengið á þessi svæði við framkvæmdir umfram það sem nauðsyn krefur. Við nýskógrækt er einnig mikilvægt að taka tillit til birkiskóga og votlendis, sbr. viðmið Dalabyggðar um flokkun landbúnaðarlands.
- ◆ **Fjölsóttir náttúrustaðir**, þ.e. að stuðla að aðgengi að þeim stöðum og byggja upp innviði fyrir slíka staði í samræmi við Áfangastaðaáætlun Vesturlands.

Stefnan um lífríki og landslag er útfærð nánar í markmiðum um Hverfisvernd (kafli 8), á skipulagsupprætti (HV) og ákvæði um takmarkanir á landnotkun, þ.e. Hverfisvernd (kafli 18.4).

Helstu stefnubreytingar

Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda og verndun sérkenna en jafnframt lögð áhersla á gott aðgengi að náttúrunni. Meginstefnan er í aðalatriðum sú sama og í fyrra aðalskipulagi, en hún er uppfærð og aukin og tekið er mið af nýjum lögum um náttúruvernd og stefnumörkun stjórnvalda í málaflokknum. Einnig er tekið mið af nýjum gögnum Náttúrufræðistofnunar um náttúrufar svæðisins.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufarslega þætti eins og líffræðilega fjölbreytni og viðhalda vistgerðum með hátt verndargildi. Gott aðgengi að náttúru svæðisins hefur jákvæð áhrif á heilsu, stuðlar að möguleikum til útivistar og hreyfingar. Verndun votlendis og birkiskóga stuðlar að bindingu gróðurhúsalofttegunda. Stefnan hefur óveruleg áhrif á atvinnu og þjónustu, félags- og velferðarmál og öryggi.

6 AUÐLINDIR

Til náttúruauðlinda teljast allir þættir náttúrunnar sem nýtast manninum, svo sem jörð, lífríki, vatn, loft og sólarljós, t.a.m. í formi orku, fisks og beitar- og byggingarlands. Íslenskt samfélag og efnahagslíf byggir að verulegu leyti á náttúruauðlindum landsins, sem eru afar fjölbreytilegar að gerð. Miklu skiptir að góð þekking sé á stöðu þeirra og eðli á hverjum tíma og að leitast sé við að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra.

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu sveitarfélagsins um tiltekna þætti er varða nýtingu auðlinda.

6.1 ORKA

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) byggir á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Samkvæmt 7. gr. laganna er áætlunin bindandi við gerð skipulagsáætlana. Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjanakosta sem verkefnistjórn hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmafl 50 MW eða meira.

Í *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* um skipulag í dreifbýli er fjallað um orkuvinnslu og orkuflutning, sbr. gr. 2.5 *Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi*. Þar er lögð áhersla á að skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings skulu falla sem best að landslagi og annarri landnotkun samkvæmt landsskipulagsstefnu.

Í Dalabyggð eru ekki stórar vatnsafls- eða jarðvarmavirkjanir. Tvær heimarafstöðvar eru í notkun samkvæmt gögnum Orkustofnunar. Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkugarða, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og

Sólheima. Einnig hafa verið áform um uppbyggingu á sjávarfallavirkjun í landi Straums í Hvammsfirði en þau hafa ekki enn þá komið til framkvæmda. Aðstæður í Hvammsfirði eru taldar góðar til virkjunar sjávarfalla, enda er fjörðurinn innfjörður og mikill munur á flóði og fjöru. Árið 2020 kom út á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi skýrslan *Smávirkjanir á Vesturlandi; Frumúttekt valkosta*, sbr. meðfylgjandi töflu (Tafla 6.1).²⁴ Fjallað er um 20 virkjunarkosti í Dalabyggð, alls 4.879 kw af uppsettum afli eða 36.679 Mwh árs orkuvinnslu. Allir þeir virkjanakostir myndu tengjast raforkukerfinu gegnum dreifikerfi Rarik á svæðinu, en talin er þörf á nánari greiningu fyrir hvern virkjunarkost í samráði við Rarik.

Í skýrslunni er lagt gróft mat á hagkvæmni einstakra virkjanakosta, en ekki lágu fyrir upplýsingar til að gera kostnaðaráætlun fyrir einstaka virkjanakosti og byggir hagkvæmniflokkun því að mestu á huglægu mati út frá reynslu við byggingu virkjana og frumhönnun virkjana þar sem kostnaðaráætlanir hafa verið gerðar. Almennt gildir að stofnkostnaður lækkar hlutfallslega eftir því sem virkjun er stærri og munar þar mest um kostnað við vélbúnað. Í skýrslunni er ekki lagt sérstaklega mat á umhverfisáhrif virkjanakosta enda er nánari greininga þörf með vettvangsathugunum og aðstoð fagaðila. Verkefnin eru eftir atvikum háð lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í skýrslunni kemur fram að æskilegt næsta skref hjá sveitarfélögum sé að auðvelda stjórnsýsluferlið fyrir smávirkjanir, sem sé þungt í vöfum, sér í lagi fyrir þær minni.

Í Dalabyggð er jarðhiti á nokkrum stöðum, þ.e. lághitasvæði. Dæmi um það eru Laugar í Sælingsdal og Reykjadalur í Miðdöllum, en ítarleg úttekt á möguleikum á nýtingu jarðhita í Dalabyggð hefur ekki farið fram. Rarik rekur hitaveituna í Dalabyggð í Búðardal og nágrenni og er sjálfrennandi heitu vatni frá borholum í Gröf í Miðdöllum dælt áfram til Búðardals. Lítill hitaveita er einnig á Laugum í Sælingsdal.

Nokkrar hleðslustöðvar fyrir rafbíla eru í Dalabyggð og líklegt er að þeim muni fjölga mikið á næstu árum.

²⁴ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. 2020.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Tafla 6.1 Virkjanakostir smávirkjana í Dalabyggð samkvæmt skýrslu SSV.²⁵

Virkjunarkostur	Uppsett afl [kW]	Árs orkuvinnsla [MWh]
Stóra Langadalsá	1.153	8.665
Jörfa við Saursstaði Haukadal	259	1.947
Villingadalsá Haukadal	250	1.881
Haukadalsá við Villingadalsá	178	1.340
Sælingsdalsá	310	2.327
Hvammsá Hvammssveit	417	3.137
Skoravíkurá Fellsströnd	114	860
Hallsstaðagil í Flekkudal	54	404
Orrahólgsgil í Flekkudal	72	544
Stóra Galtardalsgil	238	1.785
Krossdalsá Skarðsströnd	191	1.435
Hvarfdalsá Skarðsströnd	99	746
Nýpurá Skarðsströnd	125	942
Svínadalsá suður	216	1.624
Svínadalsá norður	115	865
Hvítidalur	158	1.188
Staðarhólsá við Kjarlaksvelli	264	1.982
Ólafsdalsá og Hvarfsdalsá	359	2.699
Brekkuvið Fremri Brekku	142	1.067
Laugá í Laugardal	165	1.241


²⁵ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. 2020.

²⁶ Laxar.net. 2022.

6.2 VEIÐI Í ÁM OG VÖTNUM

Í Dalabyggð eru fjölmargar ár og vötn þar sem veiðinýting er stunduð og eru veiðinytjar mikilvæg hlunnindi í sveitarfélaginu. Alls eru 14 skráðar laxveiðíar í Dalabyggð. Helstu ár eru Búðardalsá og Krossá á Skarðsströnd, Flekkudalsá á Fellströnd, Fáskrúð, Laxá í Laxárdal, Haukadalsá, Miðá í Miðdolum og Skrauma, Dunká, Setbergsá og Laxá á Skógarströnd.²⁶ Laxá í Laxárdal er talin með bestu laxveiðiám landsins.²⁷ Auk þess er silungsveiði í Hörðudalsá.

Flestar veiðíar í Döllum einkennast af litlum vatnsviðum en árnar eru hins vegar almennt frjósamar með afrennsli af láglendum heiðum og grónum vatnsviðum.²⁸



Mynd 6-1 Meðalveiði á laxi (fjöldi fiska) í tólf ám í Dalabyggð (Hafrannsóknarstofnun).

²⁷ Landssamband veiðifélaga. 2022.

²⁸ Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson. 1988.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Árnar eru almennt mjög laxauðugar þar sem veiðinýting á laxi er öflug og stunduð með sjálfbærum hætti. Meðalveiði á stangveiddum laxi í Döllum er samtals 3.124 laxar miðað við tímabilið 1985 -2020.²⁹ Laxá í Laxárdal (1.153 laxar) og Haukadalsá (634 laxar) eru afkastamestu veiðíarnar, en aðrar ár eru yfirleitt með minna en 200 laxa árlega veiði (Mynd 6-1).

Veiðiréttur fylgir landi og ber veiðiréttarhöfum að mynda veiðifélög. Veiðifélögin bera ábyrgð á veiðistjórnun til sjálfbærrar nýtingar skv. markmiði laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Veiðinýting á laxi er arðbær grein og styður við búsetu í sveitarféluginu. Árið 2018 er á landsvísu áætlað að rekja megi tæplega 9 milljarða landsframleiðslu beint til lax- og silungsveiða.³⁰ Framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.



Mynd 6-2 Ósar Hvolsár í Saurbæ. Sést til Torffjalls til vinstri.

²⁹ Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. 2021.

³⁰ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. 2018.

6.3 NEYSLUVATN

Á grundvelli rammatilskipunar Evrópusambandsins um verndun vatns (vatnatilskipun 2000/60/EB) eru í gildi lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðir nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar. Samkvæmt lögunum nær vatn yfir straumvötn, stöðuvötn, árósa, strandsjó, grunnvatn og jökla. Vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Búið er að flokka vatnshlot í Dalabyggð á grundvelli reglugerðar um flokkun þeirra. Skráð vatnshlot í sveitarféluginu eru alls 94, þar af 7 fyrir strandsjó, 22 í grunnvatni, 2 í stöðuvötnum og 63 í vötnum. Ástand vatnshlota í sveitarféluginu er metið gott.³¹

Hér á landi eru einnig í gildi lög, reglugerðir og alþjóðlegar samþykktir er varða mengun, þar á meðal lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samningur um verndun hafrýmis NA-Atlantshafsins (OSPAR). Reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999 m.s.br., er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Skv. reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtímaþmarkmið fyrir vatn.

Flokkun vatns skv. reglugerð 796/1999 hefur ekki farið fram í Dalabyggð. Almennt má telja líklegt að flokka megi ástand vatns sem ósnortið eða lítið snortið vegna dreifðrar byggðar og fámennis, sbr. einnig flokkun vatnshlota í sveitarféluginu.

³¹ Umhverfisstofnun. 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Tafla 6.2 Flokkun vatns.

Flokkur	Ástand
A	Ósnortið vatn
B	Lítið snortið vatn
C	Nokkuð snortið vatn
D	Verulega snortið vatn
E	Ófullnægjandi vatn

Í Dalabyggð er um tugur samveitna og eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði helstu vatnsveitna auðkennd á skipulagsuppdrætti. Annars staðar eru einkaveitur.

6.4 Loftgæði og hljóðvist

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er m.a. fjallað um gæði í hinu byggða umhverfi. Þar er mælst til þess að við skipulagsgerð verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum, svo sem varðandi hljóðvist og loftgæði.

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Skv. reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlunar nr. 1000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að aðgerðaráætlun sé gerð til að draga úr áhrifum hávaða, þar sem það á við. Reglugerðin kveður einnig á um það að skipulagsáætlunar séu í samræmi við niðurstöður hávaðakortlagningar.

Helsta umferðaræð í þéttbýlinu í Búðardal er Vestfjarðarvegur nr. 60, þ.e. Vesturbraut. Í tengslum við gerð aðalskipulags er ekki talin þörf á gerð

hávaðakorts fyrir þéttbýlið og stofnveginn um Búðardal, þar sem umferð um veginn er undir þeim viðmiðum sem sett eru í reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlana, þ.e. um hvað telst stór vegur.

Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera og m.a. er hafið skipulagsferli í tengslum við það. Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir þessi vindorkuver var hávaði frá vindmyllunum kortlagður. Um er að ræða nýjar áskoranir og full þörf er á að setja skýr viðmið um hávaða frá slíkri starfsemi í aðalskipulaginu.

Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029³² var gefin út árið 2017 og er meginmarkmið hennar að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Loftgæðáætlunin tekur til þeirra þátta er varða loftgæði utandyra. Í henni koma fram mælanleg markmið, upplýsingar um loftgæði og tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði. Umhverfisstofnun fylgist með loftgæðum á öllu landinu og á árinu 2019 kom út skýrslan *Loftgæði á Íslandi; Ársskýrsla 2017*.³³ Skýrslan er gefin út í samræmi við áætlun um loftgæði. Mælingar Umhverfisstofnunar taka til stærstu þéttbýlisstaða og stóriðnaðarsvæða og mældur er styrkur helstu mengunarefna í lofti, svo sem svifryks, brennisteinsdíoxíðs, brennisteinsvetnis og köfnunarefnisdíoxíðs.

Í könnun um búsetuskilyrði frá árinu 2020 (*Íbúakönnun 2020: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Samantekt á niðurstöðum*)³⁴ voru könnuð viðhorf íbúa til fjölmargra þátta, m.a. í Dalabyggð. Meðal þátta sem komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis voru náttúran, friðsæld og loftgæði.

Í tengslum við gerð aðalskipulags Dalabyggðar er ekki talin þörf á sérstökum aðgerðum í skipulagi varðandi loftgæði eða loftmengun, miðað við núverandi og fyrirhugaða starfsemi í sveitarfélagini.

³² Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2017.

³³ Umhverfisstofnun. 2019.

³⁴ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). 2021.

Markmið og stefna - Auðlindir

Markmið

- ◆ Að nýta orkulindir með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, fyrir orkuskipti og til uppbyggingar atvinnulífs.
- ◆ Staðinn verði vörður um hefðbundin veiðihlunnindi. Veiðinytjar skulu vera sjálfbærar þannig að viðgangur stofna verði tryggður.
- ◆ Að kannaðir verði möguleikar á nýtingu jarðhita, svo sem til þróunar í landbúnaði, framleiðslu á vönduðum, hreinum sjávarafurðum og fiskeldi.
- ◆ Að kannaðir verði möguleikar á nýtingu vindorku og skal þess gætt að uppbygging vindorkuvera falli sem best að landslagi, lífríki og annarri landnotkun.
- ◆ Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst og stuðlað verði að aukinni orkunýtni.
- ◆ Að sem stærstur hluti byggðar í Dalabyggð njóti hitaveitu og eftir atvikum jarðvarma með varmadælingu.
- ◆ Hugað verði að orkuskiptum í samgöngum við skipulagsgerð og aðra ákværðanatöku.
- ◆ Allir íbúar og fyrirtæki hafi ávallt nægan aðgang að heitu vatni og ómenguðu köldu vatni.

Útfærsla stefnu

Dalabyggð mun leggja áherslu á öflun orku í sveitarféluginu í sátt við náttúru og umhverfi. Rannsóknum verður haldið áfram og möguleikar á að nýta jarðhita til upphitunar á húsnæði sem víðast í Dalabyggð verði rannsakaðir. Einnig verða skoðaðir aðrir umhverfisvænir og hagkvæmir kostir eins og varmadælur.

Áhersla er lögð á að tryggja hefðbundin veiðihlunnindi og að lagður verði grunnur að frekari nýtingu veiðistofna með sjálfbærni að leiðarljósi, s.s. sjófuglaveiði, sjóstangveiði auk lax- og silungsveiði.

Heimilt verður að reisa smávirkjanir í sátt við umhverfi og náttúru auk þátt eins og samfélags, atvinnu og veiðihlunninda, þar sem aðstæður og hagkvæmni leyfa. Aðalskipulagið heimilar smávirkjanir og litlar vindmyllur og sólarsellur til heimanotkunar innan landbúnaðarsvæða sbr. stefnu um landbúnað (kafli 11.3). Á hverfisvernduðum svæðum og svæðum á náttúrumínjaskrá skal meta áhrif virkjanaframkvæmda sérstaklega í gegnum umhverfismat áætlana deiliskipulags, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Dalabyggð mun leggja áherslu á að á skipulagstímabilinu verði mótuð stefna um hvort kemur til álita að reisa ný vindorkuver í sveitarféluginu. Í þeiri stefnu verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Stefnan mun byggja á stefnu stjórvalda um nýtingu vindorku þegar nánari stefnumótun á landsvísu liggar fyrir,³⁵ svo og viðmiða í lögum og reglugerðum sem varða skipulagsmál með tilliti til vindorkuvera. Fyrr er þess getið að áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkugarða, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Aðalskiplagsbreyting þess efnis hefur verið staðfest og eru þær áætlanir því óháðar ofangreindri stefnumótun Dalabyggðar um vindorkuver.

Dalabyggð mun leggja áherslu á að íbúar búi við hreint og heilnæmt umhverfi. Þessar áherslur munu hafa jákvæð áhrif á íbúa og undirstöðuatvinnugreinar á svæðinu. Markmiðunum má m.a. ná með því að auka vitund almennings og atvinnulífs um afleiðingar mengunar og hvetja

³⁵ Vísað er m.a. til rammaáætlunar og landsskipulagsstefnu.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

sömu aðila til að forðast slíka mengun. Taka skal markmið vatnaáætlunar, þegar hún liggar fyrir, til greina við skipulagskvarðanir.

Miða skal við að byggt verði upp net hleðslustöðva í tengslum við orkuskipti í samgöngum. Í deiliskipulagi verði útfærð nánar stefna um staðsetningu hleðslustöðva til orkusölu til almennings.

Til að ná settum markmiðum um vatnsvernd er mikilvægt að beina framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Tryggja skal, í samræmi við lög og reglugerðir, að mengun frá atvinnustarfsemi berist ekki í jarðveg eða vatn.

Stefna um orku er útfærð nánar með markmiðum um orkuvinnslu og skipulagsákvæðum um löðnaðar- og athafnasvæði (kafli 11.6) og afmörkun á skipulagsuppdrætti (I). Stefna um neyslуватн er útfærð nánar með afmörkun á skipulagsuppdrætti (VF, VG og VB) og ákvæðum um takmörkun á landnotkun, þ.e. Vatnsverndarsvæði og Vatnsból (kafli 18.3). Einnig eru sett fram markmið um Veitur (kafli 14.1), afmörkun á skipulagsuppdrætti (VE) og skipulagsákvæði um Veitur og helgunarsvæði (kafli 17.21).

Helstu stefnubreytingar

Nýjar áherslur í aðalskipulaginu beinast einkum að loftslagsvænni byggð og aðgengi að grænni orku. Líkt og í eldra aðalskipulagi er áhersla á nýtingu jarðvarma, en hér er auk þess rík áhersla á orkunýtni, smávirkjanir og innviði fyrir orkuskipti í samgöngum. Eftir sem áður er rík áhersla á vatnsvernd og aðgang að köldu vatni.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sjálfbærni byggðarinnar hvað varðar þol samfélagsins gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Stefnan er einnig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á loftslagsmál og atvinnulíf með áherslu á græna orku og innviði fyrir orkuskipti. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar og útivist að því gefnu að tekið sé tillit til þeirra í tengslum við smávirkjanir og nýtingu jarðhita.

7 MENNINGAR- OG BÚSETUMINJAR

Til menningarminja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, mannvirki og hvers konar nytjahlutir. Einnig aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.

Dalabyggð er rík af sögu og menningararfleifð. Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu sveitarfélagsins um varðveislu og viðhald þessa mikilvæga menningararfs sem hefur gildi fyrir íbúa svæðisins og í stærra samhengi.

7.1 MENNINGARMINJAR


Hugtakið menningarminjar er skilgreint í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem „*ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar*

.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga þarf að gera grein fyrir friðuðum og friðlýstum húsum og minjum, vinna að skráningu menningarminja í samráði við Minjastofnun og marka eftir atvikum stefnu um verndun svæða eða einstakra húsa eða minja. Skráningu menningarminja er ekki lokið í Dalabyggð en gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að skráningunni.

Svæðisskráning fornleifa hefur farið fram í fyrrum Haukadalshreppi,³⁶ Hörðudalshreppi,³⁷ Laxárdalshreppi,³⁸ Miðdalahreppi,³⁹ Saurbæjarhreppi,⁴⁰ og Skógarstrandarhreppi.⁴¹

Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna hefur staðið að fornleifaskráningum og rannsóknunum. Skráning eða rannsóknir hafa farið fram í Akureyjum (aðalskráning fornleifa), Hörðudal (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Saurbæ (skráning á dysjum, leiðum og haugum),



Mynd 7-1 Friðlýstar og friðaðar fornminjar í Dalabyggð.

³⁶ Eva Kristín Dal. 2008A.

³⁷ Þóra Pétursdóttir. 2009.

³⁸ Eva Kristín Dal. 2008B.

³⁹ Óskar Leifur Arnarsson. 2008.

⁴⁰ Sigrún Inga Garðarsdóttir og Andrea S. Harðardóttir. 2006.

⁴¹ Þóra Pétursdóttir. 2008.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Skógarströnd (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Haukadal (fornleifarannsóknir) og Öxney (fornleifarannsókn). Auk þessa hefur fornleifaskráning farið fram í Ólafsdal á vegum Minjaværndar og Ólafsdalsfélagsins. Unnið er að rannsóknum á fornminjum að Staðarholí í Saurbæ en markmiðið með þeim er að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar⁴². Hluti ofangreindra fornleifaskráninga uppfyllir ekki að öllu leyti þær kröfur sem Minjastofnun gerir til slíkrar skráningar í dag.

Friðlýstar fornminjar eru sýndar á skipulagsuppdrætti og tilgreindar í kafla 18.1.



Mynd 7-2 Stáðarholzkirkja í Saurbæ.

Lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 er ætlað að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Í gildi er Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019⁴³ og þar er m.a. markmiðið að tryggja verndun menningarminja á verndarsvæðinu. Á

⁴² Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2021.

verndarsvæði Breiðafjarðar er mikill fjöldi merkra menningarminja um búsetu, eyjabúskap og sjósókn sem voru á meðal ástæðna þess að sérstök lög voru sett um vernd svæðisins.

7.2 BYGGINGARARFUR OG HÚSFRIÐUN

Samkvæmt 4. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs og á það við um eftirfarandi:


- ◆ *Stök hús eða hluta þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir.*
- ◆ *Kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar.*
- ◆ *Brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.*

Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru því friðuð skv. 29. grein laganna og er óheimilt að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er enn fremur skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

⁴³ Breiðafjarðarnefnd. 2014.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Friðlýsing húsa og mannvirkja og friðun kirkna sem ákveðin hefur verið á grundvelli eldri laga heldur gildi sínu og samsvarar friðlýsingu í gildandi lögum. Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám hennar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands hefur enn fremur heimild til skyndifriðunar menningarminja sé hætta á að minjunum verði spillt, þær glatist eða að gildi þeirra rýrist á einhvern hátt.



Mynd 7-3 Fjöldi húsa í Dalabyggð sem eru friðlýst, friðuð, verða eldri en 100 ára á skipulagstímabilinu eða leita þarf álits um hjá Minjastofnun vegna aldurs.⁴⁴

Tíu hús og mannvirki í Dalabyggð eru friðlýst skv. lögum. Þar af eru sjö kirkjur og tvö mannvirki (í Öxney og Brokey) sem friðuð voru 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Einnig var samþykkt þann 11. ágúst 2009 að Dagverðarneskirkja skyldi sett á skrá yfir friðuð hús, skv. 6. gr. laga um húsafríðun nr. 104/2001.


Í Öxney er torfhús sem talið er mjög fornt bænahús að stofni til. Getið er um bænahúsið í málðaga Narfeyrarkirkju 1224 en frá því líklega um 1600 hefur það verið notað sem skemma. Í Brokey er steinhlaðinn hjallur sem talinn er reistur í byrjun 18. aldar.

Í Dalabyggð eru minnst 34 byggingar friðaðar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, þar af eru átta í Búðardal. Leita þarf álits hjá Minjastofnun Íslands um minnst átta byggingar í dreifbýlinu ef fyrirhugað er að breyta þeim, flytja eða rífa. Auk þess verða minnst 33 byggingar 100 ára á skipulagstímabilinu og munu þar með njóta friðunar skv. ofangreindum lögum en þrjár þeirra eru í Búðardal.

Í töflunni hér á eftir (Tafla 7.1) eru tilgreindar byggingar eða byggingarhlutar sem njóta friðunar eða munu njóta friðunar á skipulagstímabilinu en ekki er lagt mat á varðveislugildi þeirra. Öll íbúðarhús, kirkjur, félagsheimili og skólahús sem eru skráð í þjóðskrá og falla undir ákvæði ofangreindra laga eru tilgreind í töflunni. Á býlum í dreifbýli eru í mörgum tilfellum allar byggingar skráðar undir einu fasteignanúmeri, hvort sem um er að ræða stakar eða samþygðar byggingar. Í þeim tilvikum er aðeins elsta bygging eða byggingarhluti tilgreind í töflunni. Þessar byggingar geta verið gripahús, hlöður, verkstæði, geymslur og önnur útihús. Á þessum býlum geta því verið fleiri byggingar eða byggingarhlutar sem falla undir lögini og þar þarf því að leggja mat á aldur bygginga ef framkvæmdir við þær eru fyrirhugaðar. Einnig kunna einhverjar byggingar að vera horfnar þótt þær séu enn tilgreindar í þjóðskrá.

⁴⁴ Þjóðskrá Íslands, fasteignir. Mars 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033



Skýringar

Verndun húsa og mannvirkja skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012

- Friðlystar byggingar (10)
- Byggingar sem eru eldri en 100 ára (26)
- Byggingar þar sem leita þarf á tilts Minjastofnunar Íslands (8)
- Byggingar sem verða 100 ára á tímabilinu (30)
- Aðrar byggingar sem falla ekki undir lögini

Mynd 7-4 Hús sem njóta verndar í Dalabyggð skv. lögum um menningarminjar.



Skýringar

Verndun húsa og mannvirkja skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012

- Friðað - 100 ára og eldra
- Verða 100 ára á skipulastimibili
- Byggt fyrir 1950
- Byggt fyrir 2000
- Byggt eftir 2000
- Ótilgreint

Mynd 7-5 Hús sem njóta verndar í Búðardal skv. lögum um menningarminjar.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Tafla 7.1 Hús í Dalabyggð sem eru friðlýst, friðuð, verða eldri en 100 ára á skipulagstímabilinu eða leita þarf álits um hjá Minjastofnun vegna aldurs. (þjóðskrá, 2021)

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðað	Leita þarf álits MÍ	Verður 100 ára á tímbili
Akureyjar 1		1914		
Arney				1927
Ballará			1925	
Fremri Hrafnabjörg				1930
Blönduhhlíð			1925	
Brautarholtsland		1908		
Breiðabólstaður			1925	
Brekkuhammur 2		1900		
Brekkuhammur 4				1930
Brokey - Friðað 1990	1900			
Búðarbraut 1		1900		
Búðarbraut 3				1930
Búðarbraut 6		1900		
Búðardalur í Skarðshreppi				1926
Bær - íbúðarhús				1929
Bær - útihús				1930
Dagverðarnes		1915		
Dagverðarneskirkja		1935		
Friðuð 2009				
Dunkur 1				1930
Fremri-Hundadalur		1912		

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðað	Leita þarf álits MÍ	Verður 100 ára á tímbili
Fremri-Langey				1928
Galtartunga				1931
Geirshlíð 1				1931
Gillastaðir 2			1903	
Glerárskógar - íbúðarhús			1908	
Glerárskógar - útihús			1917	
Gunnarsbraut 6			1915	
Gunnarsstaðir			1920	
Gvendareyjar			1898	
Hamrar				1930
Háls			1914	
Háls				1930
Hjarðarholtskirkja				
Friðlýst 1990	1904			
Hólmhláttur				1927
Hrappsey				1930
Hvammskirkja				
Friðlýst 1990	1884			
Hörðuból 1				1930
Innra-Leiti				1931
Kambsnes			1906	
Ketilsstaðir			1920	
Kjarlaksstaðir 2				1930
Kolsstaðir I			1915	

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðað	Leita þarf álits MÍ	Verður 100 ára á tímabili
Kvennabrekkuþólkirkja			1923	
Kýrunnarstaðir		1911		
Litli-Langidalur				1931
Lækjarskógar				1930
Lækur				1930
Magnússkógar				1930
Narfeyrarkirkja				
Friðlýst 1990	1899			
Narfeyri		1913		
Ormsstaðir - íbúðarhús		1909		
Ormsstaðir - útihús				1930
Orrahóll - íbúðarhús				1927
Orrahóll - útihús			1924	
Ólafsdalur 2		1890		
Purkey				1932
Seljaland		1903		
Skarð 1			1925	
Skarðskirkja - Friðlýst 1990	1915			
Skarðsstöð		1900		
Skerðingsstaðir (upphaflega byggt á Arnarbæli)			1876	
Skoravík		1920		
Skógvík				1930

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðað	Leita þarf álits MÍ	Verður 100 ára á tímabili
Smyrlahóll				1930
Snóksdalskirkja	1875			
Friðlýst 1990				
Staðarfell 2			1912	
Staðarfell				1931
Staðarfellskirkja				
Friðlýst 1990	1891			
Staðarholtskirkja				
Friðlýst 1990	1899			
Stekkjarhvammur 9b			1905	
Stóra-Holtsland	1919			
Stóri-Múli				1928
Tjaldanes 3			1921	
Túnigarður				1929
Valshamar				1927
Ægisbraut 1			1912	
Ægisbraut 4				1930
Ægisbraut 7			1912	
Ægisbraut 11			1908	
Öxney		1884		
Friðað 1990				

7.3 SÖGUSTAÐIR OG SÖFN

Dalabyggð er rík af sögu en á svæðinu áttu sér stað helstu örlaga- og átakaatburðir Íslandssögunnar á landnámsöld. Í *Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030* er unnið með þennan menningararf, m.a. með skilgreiningu á svokallaðri Dalaleið. Í því felst t.d. að skilgreina uppbyggingu aðstöðu ferðafólks á tilteknum leiðum með það fyrir augum að auka upplifun og styrkja ímynd staða og svæða.

Í Dalabyggð eru fjögur söfn á vegum sveitarfélagsins, þ.e. Byggðasafn Dalamanna, Héraðsbókasafn Dalasýslu, Héraðsskjalasafn Dalasýslu og Listasafn Dalasýslu. Auk þess eru á vegum einkaaðila rekin nokkur setur eða söfn, svo sem Vínlandssetur í Leifsbúð í Búðardal, tilgátuhús með lifandi leiðsögn á Eiríksstöðum í Haukadal og sögusýning um brautryðjendastarf Torfa og Guðlaugar í Ólafsdal. Einnig er unnið að uppbyggingu Sturluseturs í Dalabyggð.



Mynd 7-6 Ólafsdalur.

7.4 BÚSETU- OG MENNINGARLANDSLAG

Til búsetu- eða menningarlandslags telst allt landslag þar sem ummerki mannsins sjást. Hugtakið er oftast tengt landslagi mótuðu af hefðbundnum landbúnaði.⁴⁵ Í núverandi lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) er búsetulandslag skilgreint sem hluti fornleifa og ber því að vernda á sama hátt og aðrar fornleifar.

Landsskipulagsstefna leggur m.a. áherslu á að varðveita sérstæða náttúru, menningu og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi og *Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030* tekur í sama streng.

⁴⁵ Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir. 2010.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Í mörgum Breiðarfjarðareyjum eru minjar um búsetu sem hafa sögulegt gildi. Skv. 1. gr. laga um vernd Breiðarfjarðar er tilgangur þeirra að stuðla að verndun Breiðarfjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Í *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019*⁴⁶ eru m.a. markmiðið um landslag og menningarlandsdag. Markmiðið er að „...vernda sérstætt eyjalandslag (og landslagsheildir) svæðisins, sérstaklega m.t.t. sjónrænna þátta“ og einnig að „...varðveita það menningarlandsdag sem mótað hefur Breiðarfjarðareyjar um aldir og ráðist hefur af nýtingu landsins“.

Markmið og stefna - Menningar- og búsetuminjar

Markmið

- ◆ Vernda sérstætt landslag og landslagsheildir í Dalabyggð, sérstaklega m.t.t. sjónrænna þátta.
- ◆ Varðveita það menningarlandsdag sem mótað hefur svæðið um aldir og ráðist hefur af nýtingu landsins.
- ◆ Staðinn verður vörður um byggingararf svæðisins og tekið tillit til hans við mannvirkjagerð.
- ◆ Sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð, svo sem á áfangastöðum ferðamanna.
- ◆ Landbúnaðarlandslagi verði viðhaldið eftir fremsta megni.

Útfærsla stefnu

Í Dalabyggð er rík áhersla á menningararfinn og hvernig unnið er með hann í skipulagi, svo sem í tengslum við ferðaþjónustu og skipulag landbúnaðarlands sbr. viðmið sveitarfélagsins fyrir flokkun og greiningu á landbúnaðarlandi. Dalabyggð mun leggja áherslu á verndun sérkenna í

sveitarfélagini, þ.e. verndun sögu og menningarminja og draga sérstaklega fram sögusvið einstakra sagna. Með því er einnig átt við búsetulandslag, þ.e. það umhverfi sem mannshöndin hefur mótað með athöfnum sínum í gegnum tíðina. Í sveitarfélagini eru margs konar minjar sem lýsa metnaði fyrri tíma, landnámi svæðisins, atvinnuháttum og fornum leiðum. Við Breiðafjörð og á Breiðarfjarðareyjum má finna fjölbreyttar minjar tengdar búsetu, útgerð, búskap og hlunnindanýtingu.

Í skipulagi er leitast við að varðveita gömul hús í þéttbýli og dreifbýli, þ.e. hús sem hafa á einhvern hátt verndargildi. Einig er leitast við að vernda staði sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum, svo og mannvirki sem bera vitni um búsetu og menningu sem er horfin. Þessari stefnu er ætlað að styrkja staðaranda og stuðla að áhugaverðu umhverfi fyrir íbúa og gesti og styðja við ferðaþjónustu og fleiri atvinnuvegi.

Við uppbyggingu nýrra mannvirkja verður tekið mið af landslagi og byggingararfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa verður þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar og eftir atvikum leitað álits fagaðila ef ástæða er til.

Menningar- og búsetuminjar og sérkenni eru vernduð fyrir framkvæmdum og ágangi náttúrunnar. Almennt séð er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum. Jafnframt er almenna reglan að stöðva verk og tilkynna Minjastofnun komi fornleifar í ljós við framkvæmdir, skv. 24. gr. laga um menningarminjar. Í skógræktaráætlunum þarf að taka tillit til fornminja og ekki er plantað nær þekktum fornminjum en 20 m.

Skráningu menningarminja er ekki lokið í Dalabyggð. Á skipulagstímabilinu verður hafin vinna við að ljúka fornminjaskráningu og húsa- og mannvirkjaskráningu í öllu sveitarfélagini í samræmi við lög um menningarminjar nr. 620/2019. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að hafa farið fram áður en deiliskipulag er samþykkt og framkvæmdaleyfi er veitt skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 4. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019. Það á einnig við um

⁴⁶ Breiðarfjarðarnefnd. 2014.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

framkvæmdir á svæðum þar sem fyrirriggjandi skráningar uppfylla ekki núgildandi skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. *Stefnan um menningar- og búsetuminjar er útfærð nánar með afmörkun fyrir svæðið á skipulagsuppdrætti (MV og HV) og sem ákvæði um takmörkun á landnotkun, þ.e. ákvæði um Minjavernd (kafli 18.1). Einnig er vísað til stefnu um Hverfisvernd (kafli 8). Stefna um hverfisvernd er útfærð nánar með afmörkun fyrir svæðið á skipulagsuppdrætti (HV) og með ákvæði um takmörkun á landnotkun, þ.e. Hverfisvernd (kafli 18.4).*

Helstu stefnubreytingar

Áhersla er lögð á að nýta menningararfinn til að styrkja sjálfsmynnd samfélagsins og til hagsbóta fyrir atvinnulíf á svæðinu. Stefnan er í takt við eldra aðalskipulag en tekur jafnframt mið af stefnumörkun sveitarfélaga og ríkisins. Það á t.d. við um landsskipulagsstefnu, Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030 og verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að stuðla að varðveislu menningarminja, landslags og landslagsheilda og sérkenna Dalabyggðar sem felst í sagnaarfinum. Verndun menningarverðmæta er ætlað að styrkja efnahagslegan grunn og leiða til jákvæðrar þróunar í sveitarfélagini. Stefnan er í samræmi við þá stefnu sem stjórnvöld hafa markað um verndun menningarminja. Í heildina mun stefnan styrkja þol samfélagsins gegn samfélags- og umhverfisbreytingum, styrkja staðaranda og styrkja ferðaþjónustu og útvist á svæðinu.

8 HVERFISVERND

Í aðalskipulagi Dalabyggðar eru sett ákvæði um hverfisvernd þar sem talin er þörf á að vernda, svo sem sérkenni eldri byggðar, náttúru- og menningarminjar og menningarlandslag. Hverfisvernd getur tekið til einstakra mannvirkja, reita, götuhluta, fornleifastaða eða sögulegra eða náttúrufarslega merkra staða. Framkvæmdir innan hverfisverndaðra svæða mega ekki raska þeim þáttum sem verndin tekur til.

Vísað er til stefnu um vernd lífríkis og landslags (kafli 5), menningar- og búsetuminjar (kafli 7) og forsendur fyrir vernd náttúru- og menningarminja.

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu sveitarfélagsins um breytingar á svæðum sem áður voru hverfisvernduð og einnig ný svæði sem Dalabyggð telur ástæðu til að njóti hverfisverndar.

Markmið og stefna – Hverfisvernd

Markmið

- ◆ Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.
- ◆ Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins með hverfisvernd.
- ◆ Stuðlað verði að verndun viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða með hverfisvernd.
- ◆ Stuðlað verði að verndun æðarvarps sem rennir styrkari stoðum undir atvinnu á svæðinu.

Útfærsla stefnu

Dalabyggð leggur ríka áhersla á að varðveita sögu- og náttúruminjar og önnur umhverfisgæði sem eru undirstaða byggðar á svæðinu, auk þess að skapa umgjörð fyrir einstaka menningar- og náttúruupplifun.

Svæði sem hafa verndargildi vegna sérstæðrar náttúru, menningarminja eða hafa mikil útvistargildi eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Það á einkum við um landslag, sjávarfitjar og leirur, votlendi, kjarrlendi, heiðalönd, jarðhitasvæði, æðarvarp og sögustaði.

Hverfisverndinni er ætlað að vernda svæðin fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum. Einnig að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn sveitarfélagsins og hefur jákvæð áhrif á þróun þess.

Um hverfisverndarsvæði gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska þeim þáttum sem vernd þeirra byggir á.

Við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa innan hverfisverndarsvæða skal þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Í deiliskipulagi á hverfisvernduðum svæðum skal gera greiningu á áhrifum framkvæmda í umhverfismati áætlana, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með þeim hætti er leitast við að tryggja að tillit sé tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins.

Stefnan um hverfisvernd er útfærð nánar með afmörkun fyrir svæðið á skipulagsuppdrætti (HV) og með ákvæði um takmörkun á landnotkun, þ.e. Hverfisvernd (kafli 18.4).

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Helsta breytingin felst í að æðarvarp nýtur nú einnig hverfisverndar ásamt aðliggjandi sjávarfitjum, leirum og votlendi. Auk þess eru núverandi hverfisverndarsvæði endurskoðuð í ljósi reynslu á skipulagstímanum og nákvæmari grunngagna, ásamt því að gera verndunina markvissari. Það á við um hverfisverndarsvæði á ósasvæðum í botni Hvammsfjarðar sem eru endurskilgreind og svæðin í Sælingsdal og Reykjadal sem eru minnkuð. Einnig er hverfisvernd í Flekkudal felld niður.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að auka viðnámsþol gegn umhverfisbreytingum og stuðla að sjálfbærri nýtingu hlunninda og náttúruauðlinda, styðja við vernd Breiðafjarðar og setja skýran ramma um nýtingu svæðisins. Einnig er hún líkleg til að stuðla að verndun menningarminja og styrkja sérstöðu og styðja við ferðapjónustu. Stefnan mun tryggja aðgengi að náttúru svæðisins og þannig stuðla að hreyfingu og bættri lýðheilsu. Stefnan hefur jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, er ákveðið mótvægi við loftslagsbreytingar þar sem hún stuðlar að verndun og endurheimt vistkerfa. Stefnan hefur óveruleg áhrif á félags- og velferðarmál og öryggi.



Mynd 8-1 Langejarnes.

9 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Í Dalabyggð eru umfangsmikil óbyggð svæði sem eru áhugaverð til útivistar og um þau liggja í sumum tilfellum vegslóðar og gönguleiðir. Óbyggð svæði samkvæmt skipulagsreglugerð eru svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og beitilönd, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, beitarafnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Í aðalskipulagi Dalabyggðar er megin þorri lands skilgreindur sem landbúnaðarland, þ.e. ef frá eru taldar eyjarnar á Breiðafirði. Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Dalabyggðar um þessi svæði, svo sem helstu atriðum sem varða aðstöðu og mannvirkjagerð í tengslum við notkun svæðanna og öðrum skipulagsforsendum sem þörf er á fyrir gerð deiliskipulags.

9.1 EYJAR OG STRANDSVÆÐI

Breiðafjörður er verndaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði innan marka Dalabyggðar. Þó svæðið sé verndað með sérstökum lögum hefur sveitarfélagið skipulagsvald innan þess.

Í gildi er *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019*⁴⁷ sem unnin er samkvæmt lögunum um vernd Breiðafjarðar. Markmið verndaráætlunarinnar er að tryggja vernd náttúru- og menningarminja svæðisins. Í því felst m.a. að náttúra verndarsvæðisins fái að þróast eftir eigin lögmálum eins og kostur er um leið og almenningi og landeigendum er, eftir ákveðnum reglum, gert kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Áætlunin markar m.a. stefnu um útfærslu stjórnunar og umsýslu vegna verndar, skipulags og framkvæmda á svæðinu og sýnir leiðir til að ná þeim markmiðum.

⁴⁷ Breiðafjarðarnefnd 2014.

Á vegum Breiðafjarðarnefndar er unnið að undirbúningi á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar og hafin er ítarleg kynningar- og samráðsvinna sem hefur gengið undir nafninu *Framtíð Breiðafjarðar*. Í skýrslunni *Framtíð Breiðafjarðar - Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs* eru teknar saman upplýsingar um þær leiðir sem taldar eru koma til greina fyrir framtíð svæðisins og grein gerð fyrir kynningar- og samráðsvinna nefndarinnar.⁴⁸

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 markar m.a. stefnu um landnotkun, auðlindanýtingu og landslag og mannvirkjagerð. Þar er m.a. áhersla á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda. Þar er lagt til að möguleg nýtingarsvæði mismunandi sjávar- og strandauðlinda verði kortlögð þannig að yfirsýn fáist yfir auðlindirnar og samspli þeirra svo stuðla megi að vel ígrunduðum ákvörðunum um sjálfbæra nýtingu og góðri stjórnun við framleiðslu. Svæðisskipulagið leggur einnig áherslu á að við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa verði þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Tekið verði mið af landslagi og byggingararfí, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 markar m.a. stefnu um skipulag í dreifbýli og á haf- og strandsvæðum. Þar er m.a. áhersla á að skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og landslags og öryggi almennings gagnvart náttúrvá og loftslagsbreytingum.

9.2 HEÐARLÖND

Í Dalabyggð eru umfangsmikil óbyggð svæði ofan byggðar sem gegna hlutverki sem beitilönd. Um er að ræða eignarlönd þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi. Þessi svæði eru skilgreind sem landbúnaðarland í aðalskipulagi (sbr. kafla 11.3) en ekki sem óbyggð svæði. Dalabyggð hefur markað sér stefnu um flokkun landbúnaðarlands, viðmið og útfærslu í skipulagi, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsnefndar 2. mars

⁴⁸ Breiðafjarðarnefnd 2020.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

2020 og samþykkt sveitarstjórnar 5. mars 2020. Viðmiðin eru hér í viðauka en að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um landbúnaðarland í kafla 11.3.

Markmið og stefna – Óbyggð svæði

Markmið

- ◆ Viðhalda stórum samfelldum óbyggðum svæðum þar sem mannvirki eru fá og áhrifa mansins gætir lítið.
- ◆ Að renna styrkum stoðum undir hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði.
- ◆ Að byggja upp innviði og aðstöðu fyrir ferðamenn og tryggja almenningi aðgang að náttúru án þess að spjöll hljótist af.
- ◆ Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn á óbyggðum svæðum taki mið af náttúru, menningu og sögu, sem og afþreyingarrófi.
- ◆ Við framkvæmdir verði vernd sjónræns gildis og heildstæð mynd umhverfisins ávallt höfð að leiðarljósi.
- ◆ Að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Útfærsla stefnu

Dalabyggð mun leggja áherslu á að samræma skipulag eyja og strandsvæða að verndarákvæðum sem um þau svæði gilda í lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 en þau setja ákveðinn ramma um landnýtingu á svæðinu. Auk þess eru á svæðinu merkar náttúru- og menningarminjar og um þær gilda lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og lög um menningarminjar nr. 80/2012. Því hefur Dalabyggð ákveðið að tiltekin óbyggð svæði skuli auk þess njóta hverfisverndar sbr. kafla 8.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó, samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Stefnan um óbyggð svæði er útfærð nánar með afmörkun fyrir svæði (ÓB) á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum. Stök hús á eyjum sem annars eru skilgreindar sem óbyggð svæði eru skilgreind sem frístundabyggð (F) á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum í kafla 17.11. Hluti óbyggðra svæða nýtur einnig hverfisverndar, þ.e. með afmörkun á skipulagsuppdrætti, markmiðum um Hverfisvernd (kafli 8) og ákvæði um takmörkun á landnotkun vegna hverfisverndar (kafli 18.4). Stefna um nýtingu heiðarlanda er útfærð með markmiðum um landbúnað (kafli 11.3) og í kafla 17.13 um landbúnaðarsvæði.

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu lands og að vernd Breiðafjarðar verði útfærð í skipulagi. Helsta breytingin er að óbyggð svæði í nágrenni við þéttbýlið breytast í opin svæði, enda er um að ræða svæði fyrir útvist, í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem tilheyrir almennri útvist, svo og stígum og áningaráðum.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefna um óbyggð svæði, ásamt hverfisvernd, er líkleg til að styðja við vernd Breiðafjarðar og setja skýran ramma um nýtingu svæðisins og þá takmörkuðu uppbyggingu sem er heimil. Almennt er lítil uppbygging á óbyggðum svæðum, en sú aðstaða sem byggð er upp á að taka mið af náttúru, menningu og sögu, sem og afþreyingarrófi. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúru og landslag og styrkja ferðapjónustu og útvist.

SAMFÉLAG

10 BYGGÐ

Dalabyggð er landstórt sveitarfélag, landbúnaðarhérað og byggðin dreifist yfir stórt svæði. Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Dalabyggðar um byggðina og almenn búsetuskilyrði í sveitarfélagini.



Mynd 10-1 Séð inn Ægisbraut.

10.1 ÞRÓUN BYGGÐAR

Saga byggðar

Sveitarfélagið Dalabyggð varð fyrst til við sameiningu Suðurdalahrepps, Haukadalshrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps, Fellsstrandahrepps og Skarðshrepps árið 1994. Árið 1998 sameinuðust Skógarstrandahreppur og Dalabyggð. Saurbæjarhreppur og Dalabyggð sameinuðust síðan árið 2006 og sveitarfélagið Dalabyggð nær nú frá botni Álfafjarðar að Gilsfjarðarbotni.

Dalabyggð er landbúnaðarhérað en ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Búðardalur er eini þéttbýlisstaðurinn í Dalabyggð, en upphaf þéttbýlismyndunar þar má rekja allt aftur til aldamótanna 1900. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar varð talsverður vöxtur í þéttbýlinu eftir seinna stríð, einkum frá 1960 til 1990. Búðardalur óx upp sem verslunar-, stjórnsýslu- og þjónustukjarni fyrir sveitirnar í kring.

10.2 ÍBÚAPRÓUN

Íbúafjöldi

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar bjuggu 665 íbúar í sveitarfélagini 1. janúar 2022 en 694 bjuggu í sveitarfélagini 1. janúar 2010. Um aldamótin, þ.e. í janúar 2000 voru íbúarnir 775.

Á undanförnum fimm árum hefur fjöldi íbúa verið nokkuð stöðugur, þ.e. óveruleg fjölgun eða fækken milli einstakra ára. Á árunum 2019-2020 fækkaði þó íbúum um 53, en fjölgar aftur 2022. Í þéttbýlinu í Búðardal voru íbúar 255 þann 1. janúar 2010, en 256 1. janúar 2022.


Á undanförnum tveimur áratugum hefur íbúum í Dalabyggð fækkað, en fjöldi íbúa í Búðardal hefur um það bil staðið í stað síðustu ár. Til framtíðar er erfitt að spá fyrir um mannfjöldaþróun með mikilli vissu, en ríkur vilji er til þess að snúa þróuninni við svo að íbúum sveitarfélagsins muni fjölgja á ný. Í *Stefnu Dalabyggðar 2019 – 2022*⁴⁹ kemur fram í SVOT greiningu að

⁴⁹ Dalabyggð. 2020A.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

fólksfækkun sé einn helsti veikleiki svæðisins og ein helsta ógnunin sé vontun á fólkí á barneignaraldri. *Húsnæðisáætlun Dalabyggðar 2020-2024*⁵⁰ reiknar með hóflegri fjölgun íbúa í sveitarfélagini. Í áætluninni er bent á að helst vanti leiguíbúðir.

Í aðalskipulagi Dalabyggðar er einnig gert ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa og tekið er mið af lágspá Hagstofu Íslands.



Mynd 10-2 Fjöldi íbúa í Dalabyggð 1. janúar hvers árs.⁵¹

Samsetning íbúa

Í lok árs 2020 voru um 45 erlendir ríkisborgarar með skráð aðsetur í Dalabyggð samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.⁵² Samkvæmt greiningu á aldursdreifingu íbúa Dalabyggðar í samanburði við landið allt, er hlutfall aldurshópsins eldri en 67 ára nokkuð hærra í sveitarfélagini en á landsvísu (Tafla 10.1). Hlutfall íbúa 20-67 ára er heldur lægra í Dalabyggð en á landsvísu.

Tafla 10.1 Aldurssamsetning íbúa í Dalabyggð og samanburður við landið allt, 1. janúar 2020.⁵³

	Dalabyggð, fj. íbúa	Dalabyggð %	Landið allt %
0-1 árs	8	1,3	2,4
2-5 ára	20	3,1	4,7
6-15 ára	87	13,6	12,9
16-19 ára	37	5,8	4,9
20-67 ára	369	57,7	63,6
>67 ára	118	18,5	11,5

10.3 MIKILVÆGI BÚSETUSKILYRÐA Í DALABYGGÐ

Í *Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024* er markmiðið m.a. að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Í *Stefnu Dalabyggðar 2019-2022* er skilgreint hlutverk sveitarfélagsins hvað varðar búsetuskilyrði. Þar segir: „*Hlutverk Dalabyggðar er að tryggja lífsgæði íbúa með góðri þjónustu og ábyrgum rekstri. Dalabyggð leggur áherslu á fjölskylduvænt samfélag, sjálfbærni og góð búsetuskilyrði í sveitarfélagini.*“

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa staðið fyrir reglubundnum íbúakönnunum meðal íbúa á Vesturlandi. Árið 2020 var framkvæmd umfangsmikil könnun sem náði til alls landsins en niðurstöður fyrir Vesturland eru birtar í skýrslunni *Íbúakönnun 2020: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi Samantekt á niðurstöðum*.⁵⁴ Íbúar á þessum svæðum voru einnig spurðir í hliðstæðri könnun árið 2017. Könnuð voru viðhorf íbúa til fjölmargra þátta og niðurstöðurnar fyrir Dalabyggð (í skýrslunni nefnt Dalir) má sjá á eftirfarandi mynd (Mynd 10-3).

⁵⁰ Dalabyggð. 2020B.


⁵¹ Hagstofa Íslands. 2021A.

⁵² Hagstofa Íslands. 2021B

⁵³ Hagstofa Íslands. 2021A.

⁵⁴ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033



Mynd 10-3 Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Dalabyggð samkvæmt íbúakönnun SSV 2020.⁵⁵

Meðal þátta sem komu best út í Dalabyggð þegar horft var til stöðu og mikilvægis eru náttúran, friðsæld og loftgæði. Þættir sem fylgdu þar á eftir voru öryggi og heilsugæsla, svo og mannlíf og innviðir eins og internet og rafmagn. Vegakerfið kom verst út og er sá þáttur sem krefst mestra úrbóta. Launatekjur og vöruúrval komu þar á eftir.

Í samanburði könnunarinnar við önnur svæði á landinu á búsetuskilyrðum kom Dalabyggð verst út hvað varðar þætti á borð við afþreyingu, almenningssamgöngur, farsímaþjónustu, framhaldsskóla, framfærslu almennt, háskóla, íþróttir, laun, mannlíf, umferðaröryggi, þjónustu við útlendinga og vöruverð. Þátttakendur úr Dalabyggð voru hins vegar

ánægðastir allra með loftgæði og gáfu heilbrigðisþjónustu og friðsæld einnig háa einkunn í samanburði við aðra.

10.4 ÍBÚÐARBYGGÐ

Dalabyggð markar stefnu í aðalskipulagi um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Greining á þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði er ein af grundvallarforsendum þegar unnið er að gerð aðalskipulags. Unnin hefur verið *Húsnaðisáætlun 2020-2024⁵⁶* fyrir Dalabyggð þar sem gerð er grein fyrir stöðu húsnæðismála í sveitarfélagini, framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum eru greind og sett fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf íbúa, bæði til skemmri og lengri tíma.


Í Dalabyggð voru 358 íbúðir (á matsstigi fjögur eða hærra) í lok árs 2019 samkvæmt gögnum Þjóðskrár Íslands og hefur sú tala haldist nær óbreytt frá árinu 2010.⁵⁷

⁵⁵ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). 2021.

⁵⁶ Dalabyggð. 2020B.

⁵⁷ Þjóðskrá Íslands. 2021.


Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033



Mynd 10-4 Byggingarár íbúðarhúsa í Dalabyggð.⁵⁸

Þéttbýli

Í landsskipulagsstefnu segir m.a. í umfjöllun um skipulag í þéttbýli (gr. 3.2 *Sjálfbært skipulag þéttbýlis*) að uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnaðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar. Því er sérstaklega beint til sveitarfélaga að marka stefnu í skipulagi um uppbyggingu íbúðarhúsnaðis sem tekur mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Einnig að stuðla að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðlar að félagslegri fjölbreytni og hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.



Mynd 10-5 Íbúðir í Búðardal, byggt á gögnum Þjóðskrár Íslands og kortagrunni aðalskipulags Dalabyggðar.

⁵⁸ Þjóðskrá Íslands, fasteignir. Mars 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu⁵⁹ eru einnig áherslur sem varða stefnumörkun aðalskipulagsins um íbúðarbyggð, svo sem um 20 mínútna bæinn og græna innviði. Í tillögum er m.a. rík áhersla á loftslagsvæna byggð, gönguhæfi byggðar og þjónustu í göngufærri.

Í *Húsnaðisáætlun 2020-2024* kemur m.a. fram að um 20 nýjar íbúðir hafi verið byggðar í Búðardal á síðustu 20 árum. Jafnframt að fjöldi íbúa á hverja íbúð hafi farið lækkandi á umliðnum áratugum. Í *Húsnaðisáætlun* kemur einnig fram að í Búðardal séu skráðar 118 íbúðir árið 2019 og eru þá ekki meðtalín íbúðarrými í dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni. Þar af var skráð búseta í 107 íbúðum og teljast því vera 2,3 íbúar á íbúð.

Stjórnvöld og Dalabyggð hafa gert samkomulag um aðkomu stjórnvalda að uppbyggingu á leiguþúsnaði í Búðardal. Skortur hefur verið á íbúðarhúsnaði í Dalabyggð á síðustu árum. Á árinu 2020 voru 5 íbúðir í byggingu. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir 2-3% fjölgun íbúa á ári í Búðardal og þörf væri fyrir að byggja 2-3 íbúðir á ári til að mæta þeirri fjölgun og breyttri aldursssamsetningu íbúa. Ekki er því talin þörf á að marka stefnu um vaxtarmörk þéttbýlisins í samræmi við kafla 3.2 í Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til álita um þróun byggðar í þéttbýlinu eru í umhverfismati greindir valkostir um vöxt þéttbýlis og útfærslu þjóðvegar í og við Búðardal. Um er að ræða valkosti um þróun þéttbýlisins, uppbyggingarsvæði og útfærslu þjóðvegar um þéttbýlið. Greiningin er gerð með það fyrir augum að valkostirnir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar. Eftirfarandi valkostir voru til greiningar.

- Núll-kostur.** Að ekki verði mótuð ný stefna í aðalskipulagi um þróun þéttbýlis og Vesturbraut verði með óbreyttu sniði.
- Vöxtur út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd vegarins.** Vöxtur þéttbýlis verði einkum á svæðum við núverandi þjóðveg, þ.e. að nýrri uppbyggingu verði beint að hentugum

svæðum í jaðri núverandi byggðar. Megin áherslan í samgöngum er að lækka hraða á Vesturbraut, svo sem með hringtorgum, bæta ásýnd og styrkja gróður í umhverfi núverandi Vesturbrautar og styrkja hjóla- og gönguleiðir innan þéttbýlisins.

- Vöxtur til austurs og hjáleið.** Vöxtur þéttbýlis verði einkum á svæðum austur og suðaustur af núverandi byggð. Megin áherslan í samgöngum er á að léttu á umferð um þéttbýlið með hjáleið, þ.e. með ofanbyggðarvegi austan við þéttbýlið, auk þess að styrkja hjóla- og gönguleiðir milli hinnar nýju byggðar og eldri hluta Búðardals.

Niðurstaða greiningar á valkostum er að núll-kostur hefur í heildina neikvæð áhrif á samfélagslega þætti þar sem augljós þörf er á úrbótum á umhverfi Vesturbrautar, svo sem hvað varðar umferðaröryggi, hljóðvist og ásýnd. Överuleg áhrif eru talin vera á náttúrufarslega þætti, svo sem náttúru- og menningarminjar en nauðsynlegt er að styrkja gróður á miðsvæði í þéttbýlinu. Búðardalur er þjónustustaður sem sinnir stóru svæði og líkur eru á að nærbjónusta eflist að einhverju marki, m.a. vegna aukinnar umferðar um Búðardal og vaxandi fjölda ferðamanna og að störf verði til í þjónustu í tengslum við það. Í núverandi aðalskipulagi er svigrúm til uppbyggingar húsnaðis til næstu framtíðar.

Stefna um vöxt þéttbýlisins út frá Vesturbraut og úrbætur á umferðaröryggi og ásýnd þjóðvegarins hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Stefnan er þó líkleg til að hafa neikvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda þar sem grónu landi verður raskað og nýtt land tekið undir byggð. Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og áhrif á fornleifar eru óljós. Valkosturinn er líklegur til að stuðla að auknum gæðum byggðarinnar. Stefnan felur í sér aðgerðir sem eru líklegar til að stuðla að lækkan umferðarhraða á Vesturbraut og bæta ásýnd götunnar. Stefnan felur einnig í sér að styrkja gróður í umhverfi núverandi Vesturbrautar. Það mun stuðla að auknu gönguhæfi byggðarinnar og heilsusamlegum samgöngum þar sem umferðarhraði er tekinn niður og allt land þéttbýlisins verður innan

⁵⁹ Alþingi. 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

göngufærис. Líkur eru á að samkeppnishæfni svæðisins styrkist. Líkur eru á að Búðardalur eflist sem miðstöð þjónustu og viðkomustaður ferðamanna og störf verði til í héraðinu. Í heildina er bessi valkostur æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa, þ.e. að skapa þéttbýlinu þróunarmöguleika út frá Vesturbraut og stuðla að úrbótum á umferðaröryggi og ásýnd vegarins.


Stefna um vöxt þéttbýlisins til austurs og hjáleið um Búðardal er talin hafa neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti einkum vegna þess að grónu landi verður raskað og nýtt land tekið undir byggð og nýjan veg (hjáleið). Fornleifaskráning hefur ekki farið fram og áhrif á fornleifar eru óljós. Að einhverju marki verða úrbætur á umferðaröryggi þar sem hjáleið um Búðardal felur í sér að umferð um þéttbýlið minnkar en ekki er endilega gripið til aðgerða til lækkunar á umferðarhraða um Vesturbraut. Minni umferð í þéttbýlinu stuðlar að einhverju marki að auknu umferðaröryggi og bættri hljóðvist í Búðardal. Verulega neikvæð áhrif eru af færslu vegarins á atvinnulíf, þ.e. að færsla þjóðvegarins úr þéttbýlinu er líkleg til að veikja Búðardal sem þjónustustað til langs tíma litið þar sem líkur eru á að ferðamenn um Vestfjarðaveg stoppi síður í Búðardal. Á móti verða til tímabundin störf við vegaframkvæmdir.

Dreifbýli

Í landsskipulagsstefnu er áhersla á sjálfbæra byggð í dreifbýli, sbr. gr. 2.1. Þar er sett markmið um að skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli. Landsskipulagsstefna beinir því sérstaklega til skipulagsgerðar sveitarfélaga að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annari staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.

Ákveðnar vísbendingar eru um breytingu á byggð í dreifbýli í Dalabyggð. Íbúum í dreifbýlinu hefur fækkað á undanförnum áratugum. Sveitarfélagið er þó sterkt landbúnaðarhérað, en nýjar greinar eins og ferðapjónusta og

skógrækt hafa vaxið frá aldamótum. Í dreifbýlinu er því vöxtur í byggð sem ekki hefur tengsl við hefðbundna landbúnaðarframleiðslu.



Mynd 10-6 Íbúðir í Dalabyggð byggt á gögnum þjóðskrár Íslands.

10.5 MIÐSVÆÐI

Nær öll starfsemi sem tengist verslun og þjónustu í Dalabyggð er staðsett við Miðbraut og Vesturbraut. Vesturbraut er þjóðvegurinn í gegnum þéttbýlið og nær öll íbúðarbyggð er vestan hennar. Miðbraut liggur þvert á Vesturbraut og myndar ás sem liggur þaðan og að hafnarsvæðinu. Aðalverslun sveitarfélagsins er austan Vesturbrautar við gatnamót Miðbrautar. Þar eru einnig minni verslanir og veitingasala. Við Miðbraut er stjórnsýsla, bókasafn, félagsheimili ásamt skólum og í næsta nágrenni er vinsælt tjaldsvæði. Vínlandssetur í Leifsbúð er næst höfninni. Við Gunnarsbraut er einnig heilsugæsla og vínbúð er við Vesturbraut. Ólíkt því sem er í mörgum þéttbýlisstöðum á Íslandi er starfsemi með daglega þjónustu og viðskipti á tiltölulega afmörkuðu svæði í Búðardal. Það gefur mikla möguleika til að byggja upp öflugan miðbæ. Auk þess er Búðardalur miðsvæðis gagnvart nálægum landshlutum og margir eiga þar leið um, þar sem þjóðvegurinn liggur í gegnum bæinn.

Eins og fjallað er um í kafla 15.3 um vegi og gatnakerfi hefur umferð um þjóðveginn aukist töluvert með tilkomu þjóðvegar um Þróskulda. Einig að búast megi við enn meiri aukningu með frekari samgöngubótum á Vestfjörðum og með aukningu í ferðaþjónustu í landshlutunum. Umferðarhraði getur verið nokkuð mikill á þjóðveginum og hefur talsverð áhrif á öryggi þeirra sem þangað fara, einkum gangandi vegfarenda. Óbreyttur hefur hann því ákveðin neikvæð áhrif á miðsvæðið.

Aðgengi að svæðinu er gott og það er í góðum tengslum við aðra bæjarhluta, s.s. íbúðarbyggð og atvinnusvæði en einnig útvistarsvæði. Svæðið er miðsett við megininn komuna í bæinn. Útsýni er til allra átta svo sem yfir Hvammsfjörðinn en höfnin og Leifsbúð við enda Miðbrautar eru þó í hvarfi.

Vistlegur miðbær er mikilvægur fyrir samfélagið í heild. Hann getur haft áhrif á það að íbúar velji að búa í sveitarfélagini og styrkir þannig samkeppnisstöðu þess. Einn af grundvallarþáttum öflugs miðbæjar er að þar sé dagleg þjónusta sem íbúar sækja en auk þess að svæðið sé aðlaðandi þannig að þangað leiti íbúar og gestir án þess að eiga þangað brýnt erindi.



Mynd 10-7 Næturásýnd Miðbrautar í Búðardal. Séð til austurs og þvert á hana liggur Vesturbraut til norðurs og suðurs.




Mynd 10-8 Næturásýnd Vesturbrautar í Búðardal. Séð til norðurs og þvert á hana liggur Miðbraut til vesturs.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032


10.6 FRÍSTUNDABYGGÐ

Í landsskipulagsstefnu er áhersla á umhverfis- og menningargæði, sbr. gr. 2.2. Þar er markmið um að skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárni og landslagi. Landsskipulagsstefna beinir því sérstaklega til sveitarfélaga að við skipulag frístundabyggðar verði almennt gert ráð fyrir afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar og náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.



Mynd 10-9 Fjöldi frístundahúsa í Dalabyggð 31. desember ár hvert.⁶⁰

Í lok árs 2019 voru 129 frístundahús í Dalabyggð og hafði þeim fjölgæð um 36 frá árinu 2000 samkvæmt gögnum Þjóðskrár Íslands. Á milli áranna 2018 og 2019 fækkaði þó frístundahúsum um 19, sem skýrist af breyttri skráningu.



Mynd 10-10 Byggingarár frístundahúsa í Dalabyggð.⁶¹

Með aukinni frístundabyggð er brýnt að auka bruna- og slysavarnir á svæðinu. Í Dalabyggð eru umfangsmiklir birkiskógar og auk þess er skógrækt vaxandi í sveitarfélagini, en almennt séð er ekki talin mikil hætta af gróðureldum í sveitarfélagini vegna lítils umfangs frístundabyggðar. Það kann þó að breytast með aukinni frístundabyggð.

⁶⁰ Þjóðskrá Íslands. 2021B.

⁶¹ Þjóðskrá Íslands. 2021C.

Markmið og stefna – Byggð

Markmið

- ◆ Skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Dalabyggðar og styrkir jákvæða íbúaþróun sveitarfélagsins.
- ◆ Stuðlað verði að fjölbreyttum búsetukostum í Búðardal.
- ◆ Miðsvæði myndi öflugan og heilsteyptan miðbæ með gott framboð af þjónustu.
- ◆ Miðbærinn verði vistlegur og með áherslu á aðgengi gangandi og hjólandi.
- ◆ Skapa skilyrði fyrir uppbyggingu í tengslum við Silfurtún þar sem íbúar geti nýtt sér þjónustuna sem þar er til staðar.
- ◆ Að gefa kost á búsetu í dreifbýli án tengsla við búskap, en í sått við náttúru og umhverfi.
- ◆ Að gefa kost á uppbyggingu frístundabyggðar í sått við náttúru- og umhverfi.
- ◆ Staðinn verður vörður um byggingarárf svæðisins og tekið tillit til hans við skipulag nýrrar byggðar.

Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir fjölgun íbúa í Dalabyggð og liður í því er að styrka efnahagslegan og samfélagslegan grunn sveitarfélagsins, sbr. stefnu um atvinnu. Í sveitarfélaginu er ríkur vilji til að snúa við íbúaþróuninni. Liður í því er að bjóða alla velkomna í sveitarfélagið og bjóða upp á fjölbreytta búsetukosti, svo sem leiguíbúðir, eignaríbúðir, íbúðir í mismunandi stærðarflokum og ekki síst íbúðir fyrir aldraða. Í samráðsferlinu við móturn aðalskipulagsins var m.a. bent á möguleikana sem felast í því að gefa kost á

uppbyggingu íbúða fyrir aldraða í nágrenni Silfurtúns með það að markmiði að þeir íbúar geti nýtt sér þá þjónustu sem þar er til staðar.

Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir að byggðin í Búðardal þróist út frá núverandi byggð, þ.e. að nýrri uppbyggingu verði beint að hentugum svæðum í jaðri núverandi byggðar til norðurs og suðurs og suðausturs af núverandi byggð. Þetta er í samræmi við valkostagreiningu sem framkvæmd var við vinnslu aðalskipulagsins. Jafnframt verði skoðaðir möguleikar á að nýta betur land innan núverandi þéttbýlis og styrkja ásýnd þéttbýlisins og byggðamynstrið, þ.e. lögun og yfirbragð byggðarinnar.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að ávallt séu fyrrilliggjandi nægar lóðir fyrir nýjar íbúðir. Áhersla er á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis innan svæðis ÍB6, þar sem gert er ráð fyrir allt að 30 nýjum lóðum auk þeirra 21 sem eru til úthlutunar skv. deiliskipulagi. Uppbygging á þessu svæði getur mætt rúmlega þeiri fólksfjölgun sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir. Á svæði ÍB7 er gert ráð fyrir allt að 120 nýjum íbúðum en forsenda þess að uppbygging á því svæði geti hafist er að svæði ÍB6 teljist að mestu uppbyggt. Einnig er lögð áhersla á að uppbygging á ÍB7 þróist út frá þeiri byggð sem fyrir er. Aðalskipulagið gerir auk þess ráð fyrir að mögulegt sé að fjölgla íbúðum innan fyrrilliggjandi byggðar þ.e. á svæðum ÍB2, ÍB3, ÍB4, ÍB5 og ÍB6, enda skerði það ekki gæði aðliggjandi lóða og uppbygging falli að þeiri byggð sem fyrir er. Þannig skapast svigrúm fyrir fjölbreyttri íbúðarbyggð í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma.

Áhersla er lögð á að efla Miðbraut og aðliggjandi svæði við Vesturbraut sem miðbæ Búðardals. Sérstök áhersla er á að styrkja þá þætti sem geta gert götuna lífvænlega, svo sem að verslun og þjónustu verði beint á þetta svæði og efla það þannig sem aðlaðandi og líflegt miðsvæði.

Mikilvægt er að tenging Miðbrautar inn á og yfir Vesturbraut fái aukið vægi og sýnileika, að ásinn, sem Miðbraut myndar, fangi athygli þeirra sem eiga leið í gegnum bæinn. Leið til þess getur verið móturn gatnamótanna og að umhverfi þeirra verði með yfirbragði miðbæjar fremur en þjóðvegar. Upphækkuð gatnamót, breytt yfirborðsefni, afmörkuð götulýsing, aukin gróðurnotkun og fjölgun götugagna geta verið leiðir til að draga fram

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

miðbæjarásinn í götumynd Vesturbrautar. Slíkar aðgerðir draga einnig úr umferðarhraða sem er lykilþáttur í auknum gæðum svæðisins. Einnig að vinna með rýmismyndun sem höfðar til gangandi vegfarenda og að möguleiki verði til að mynda lítil svæði eða torg af stærðargráðu sem er í samræmi við fólkfjölda í bænum.

Með auknum sýnileika og styrkingu Miðbrautar þvert yfir Vesturbraut er lagður grunnur að því að það byggist upp miðbær með aðráttarafl fyrir fólk og starfsemi. Til að styrkja þann grunn er lögð áhersla á að hlúð verði að bæjarrýmum á svæðinu sem heild og gróðurnotkun verði aukin. Það dregur fram miðbæjarásinn, gerir götuna vistlegri og getur haft áhrif á staðbundna veðráttu. Mikilvægt er að draga úr umferðarhraða og auka gönguhæfi byggðarinnar. Einnig að taka tillit til hljóðvistar og ljósvistar við ákvarðanatöku, sbr. kafla 13.1 um skipulag byggðar og lífsgæði fólks.

Miðsvæðinu er ætlað að mynda tengsl milli svæða innan þéttbýlisins og veita svigrúm til eflingar starfsemi og þjónustu, ekki síst ferðaþjónustu sbr. kafla 11.5 um verslun og aðra þjónustu.

Í aðalskipulagi er einnig gefinn kostur á byggingu frístundahúsa innan landbúnaðarsvæða, en byggja má allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli, sbr. stefnu um landbúnaðarland (kafli 11.3). Almennt gildir að tekið verði mið af landslagi og byggingarárfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Leitað verði álits fagaðila eftir því sem ástæða þykir til. Staðinn verði vörður um lífríki, jarðveg, merkar jarðmyndanir, fornleifar og gott ræktarland og skal í deiliskipulagi beina byggð frá slíkum svæðum. Forðast skal að skerða aðgengi að útvistarsvæðum eða loka gömlum göngu- ogreiðleiðum. Æskilegt er að staðsetja frístundabyggð á lítt grónum svæðum eða svæðum sem þegar hefur verið raskað með öðrum mannvirkjum og/eða skógrækt, m.a. til að takmarka áhrif á ofangreinda bætti.

Mikilvæg forsenda þess að bregðast við breyttu búsetumynstri í dreifbýli er að gefa kost á byggð í dreifbýli án beinna tengsla við hefðbundinn búskap. Með því móti er m.a. stuðlað að nýtingu hlunninda. Við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa vegna nýrra bygginga eða framkvæmda skal þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og

umhverfismótunar. Staðinn verður vörður um byggingarárf svæðisins og tekið tillit til hans við mannvirkjagerð. Draga ber fram sérstöðu svæðisins í landslagi, sögu og menningu við umhverfismótun og mannvirkjagerð.

Stefnan um byggð er útfærð nánar með afmörkun fyrir Íbúðarbyggð (ÍB), Miðsvæði (M) og Frístundabyggð (F) á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum fyrir Íbúðarsvæði (kafli 17.1), Miðsvæði (kafli 17.2) og Frístundabyggð (kafli 17.8). Einnig er vísað til kafla um landbúnað (kafli 11.3) og útvist, íþróttir og opin svæði (kafli 13).



Mynd 10-11 Möguleg ásýnd Vesturbrautar, séð til suðurs að gatnamótum Miðbrautar (RG).

Helstu stefnubreytingar

Helsta breytingin á stefnu aðalskipulagsins felst einkum í ríkri áherslu á að skapa svigrúm fyrir vöxt byggðar í þéttbýli. Ríkur vilji er til að snúa við íbúaþróuninni og áhersla er á að bjóða alla velkomna í sveitarfélagið og bjóða upp á fjölbreytta búsetukosti, í samræmi við landsskipulagsstefnu og stefnu Dalabyggðar. Áhersla er einnig á loftslagsvæna byggð og styrkingu miðsvæðisins sem fái aukinn sýnileika í bæjarmyndinni, eflí aðra þjónustu og bæti lífsgæði fólks.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Svæði fyrir frístundabyggð hafa verið endurskoðuð m.t.t. þróunar síðustu ára. Meðal annars hefur verið dregið úr umfangi frístundabyggðar norðan þéttbýlisins til að auka svigrúm til uppbyggingar við Silfurtún. Svæði fyrir frístundahús innan landbúnaðarsvæða, því eða færri á jörð, eru ekki sýnd á uppdrætti. Stök frístundahús á óbyggðum svæðum eru sýnd á uppdrætti. Einnig eru veiðihús nú skilgreind sem landbúnaður en ekki hluti af frístundabyggð.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að styðja við þá stefnu sem Dalabyggð hefur markað um lífsgæði og búsetuskilyrði í sveitarfélagini. Stefnan veitir svigrúm fyrir möguleika á þróun þéttbýlisins í Búðardal og hóflega uppbyggingu frístundahúsa. Áhrifin af nýrri byggð eru talin óveruleg á náttúru og landslag að því gefnu að tekið sé tillit til náttúru og umhverfis og menningarminja. Áhrif af styrkingu miðbæjar á landslag og ásýnd eru talin verulega jákvæð. Lögð er áhersla á uppbyggingu húsnæðis fyrir alla og vöxtur byggðar og styrking miðbæjar eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á nærpjónustu. Stefnan er því líkleg til að hafa jákvæð áhrif á félags- og velferðarmál og öryggi og menningu. Að einhverju marki verða til störf í tengslum við uppbyggingu nýrrar byggðar.



Mynd 10-12 Tún norðan Silfurtúns. Skógræktarsvæði fjærst til hægri.



Mynd 10-13 Afmörkun miðsvæðis.

11 ATVINNA

Í þessum kafla er fjallað um atvinnumál, þróunarmöguleika atvinnulífs og landnýtingu tengda atvinnusvæðum í þéttbýli og dreifbýli.

11.1 ATVINNUÞRÓUN

Í gögnum Hagstofunnar eru ekki upplýsingar um fjölda starfa eftir starfsgreinum í Dalabyggð. Samkvæmt greiningu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi,⁶² byggðri á íbúakönnun 2016, er landbúnaður (og skógrækt) stærsta atvinnugreinin. Opinber þjónusta, stjórnsýsla og fræðslustarfsemi hefur einnig talsvert vægi samkvæmt greiningunni. Í stöðugreiningu Byggðastofnunar fyrir Vesturland 2019⁶³ er yfirlit yfir opinber störf eftir sveitarfélögum. Þar kemur fram að opinber ríkisstörf voru alls 48 í Dalabyggð árið 2018 og hafði fjölgæð um eitt frá 2014.

Samkvæmt gögnum Vinnumálastofnunar var óverulegt atvinnuleysi á árunum 2018 og 2019, en það fór að verða merkjanlegt á árinu 2020 í kjölfar heimsfaraldurs og samdráttar í ferðapjónustu. Í lok árs 2020 voru 15 atvinnulausir í sveitarfélagini.⁶⁴


Samkvæmt fyrilliggjandi stefnu Dalabyggðar um atvinnumál er hlutverk sveitarfélagsins í uppbyggingu atvinnulífs m.a. að „stuðla að frjóum jarðvegi fyrir fjölbreytt atvinnulíf og ferðapjónustu“. Einnig er markmiðið „að styðja við atvinnuuppbryggingu í sveitarfélagini og hlúa að því sem fyrir er“.⁶⁵

11.2 ÞJÓNUSTU- OG VINNUSÓKN

Samkvæmt könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna á vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Vesturlandi eru vinnusóknarsvæðin í grófum dráttum samfallandi við skiptingu landshlutans í fjögur undirsvæði sbr. eftirfarandi mynd (Mynd 11-1). Vinnusóknarsvæði Búðardals og

Reykhóla ná saman og vinnusóknarsvæði Búðardals og Bifrastar ná einnig saman samkvæmt greiningunni.⁶⁶

Almennt hefur styttir ferðatíma, vegstyttingar og aðrar samgöngubætur áhrif á vinnu- og þjónustusókn og þar með á búsetuskilyrði.



Mynd 11-1 Vinnusóknarsvæði á Vesturlandi samkvæmt greiningu Byggðastofnunar.⁶⁷

⁶² Vífill Karlsson. 2017.

⁶³ Byggðastofnun. 2020.

⁶⁴ Vinnumálastofnun. 2021.

⁶⁵ Dalabyggð. 2020A

⁶⁶ Byggðastofnun. 2020.

⁶⁷ Byggðastofnun. 2020.

11.3 LANDBÚNAÐUR

Sauðfjár- og nautgriparækt ásamt mjólkurframleiðslu eru ráðandi framleiðslugreinar í landbúnaði í Dalabyggð. Samkvæmt landeignaskrá þjóðskrár Íslands voru 239 lögbýli í sveitarfélagini árið 2018 og þar af eru 90 eyðibýli. Í lok árs 2015 voru 16 kúabú og 96 sauðfjárbú í Dalabyggð. Árið 2021 voru kúabú orðin átta auk tveggja nautgripabúa.

Auk hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu í Dalabyggð eru víða nýtt hlunnindi á sjó og landi. Auk þess er skógrækt vaxandi aukabúgrein í sveitarfélagini.

Í Búðardal er mjólkurstöð með ostagerð, en auk þess eru dæmi um heimaframleiðslu landbúnaðarafurða og sölu beint frá býli.

Skv. breytingu á jarðalögum nr. 81/2004, sem tók gildi í júlí 2021, tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á landnotkun á grundvelli heildstæðs mats samkvæmt skipulagsáætlun og þeirra sjónarmiða sem greinir í 1. mgr. greinar um vernd landbúnaðarlands í lögunum.



Mynd 11-2 Saurbær, séð til vesturs.

Flokkun landbúnaðarlands

Í landsskipulagsstefnu er lagt til að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland. Í landsskipulagsstefnu kemur m.a. fram að gerðar verði leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og stefnumótunar um landnýtingu.

Dalabyggð hefur markað sér stefnu um flokkun landbúnaðarlands, þ.e. viðmið og útfærslu í skipulagi, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsnefnar 2. mars 2020 og samþykkt sveitarstjórnar 5. mars 2020. Stefnan byggir á fyrirliggjandi stefnu Dalabyggðar og ríkisins um skipulagsmál er varðar landbúnað og landbúnaðarsvæði og eru viðmiðin aðlöguð að aðstæðum í Dalabyggð. Skilgreint er grunnið mið um hvað skuli teljast landbúnaðarland. Landbúnaðarlandi er skipt í flokka með tilliti til þess hve vel það hentar til ræktunar og annarra sjónarmiða sem taka þarf mið af við stefnumörkun um ráðstöfun landbúnaðarlands. Flokkar landbúnaðarlands í Dalabyggð eru:

- **Landbúnaðarland I.** Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar.
- **Landbúnaðarland II.** Verðmætt beitiland og land sem getur hentað til ræktunar.
- **Landbúnaðarland III.** Verðmætt beitiland.
- **Landbúnaðarland IV.** Votlendi.
- **Landbúnaðarland V.** Birkikjarr og -skóglendi.

Auk þess eru viðbótarflokkar, þ.e. hlunnindi, nytjar eða takmarkanir á landnotkun sem þarf að taka tillit til við ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum í Dalabyggð.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Í mars 2021 gaf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands, þ.e. *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar*.⁶⁸ Í leiðbeiningunum eru sett fram viðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands þar sem m.a. eru skilgreindir fjórir gæðaflokkar landbúnaðarlands:

- I. Mjög gott ræktunarland.
- II. Gott ræktunarland.
- III. Sæmilegt ræktunarland.
- IV. Lélegt ræktunarland.

Flokkun landbúnaðarlands samkvæmt leiðbeiningunum hefur ekki farið fram, en reiknað er með að leiðbeiningarnar og þau viðmið sem þar er að finna, verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu lands á landbúnaðarsvæðum.

Endurheimt votlendis

Votlendi eru mikilvæg búsvæði plantna, fugla, fiska og smádýra og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á þeim. Jarðvegurinn er mjög kolefnaríkur og geymir verulegan hluta af kolefnisforða jarðar ásamt því að bæta vatnsbúskapinn. Votlendi hafa burði til þess að jafna vatnsrennslí og geta þannig minnkað hættu á flóðum, sveiflum í vatnsrennslí og jarðvegsrofi. Það er því til mikils að vinna að vernda votlendi og endurheimta raskað votlendi sem ekki er verið að nýta, t.d. til landbúnaðarframleiðslu. Á Íslandi teljast mýrar, flóar, vötn og straumvötn m.a. til votlendisgerða.⁶⁹ Íslensk stjórnvöld hafa á stefnuskrá sinni að auka kolefnisbindingu og bæta landnotkun til að bregðast við loftslagsbreytingum, sbr. *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*.⁷⁰ Stefnan felur m.a. í sér að herða takmarkanir á framræslu votlendis og að ráðast í átak til að endurheimta votlendi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt allar vistgerðir á landinu og umfangsmikil votlendissvæði eru í Dalabyggð og hluti þeirra hefur hátt

verndargildi sbr. tillögur Ní til B-hluta náttúruminjaskrár. Þá hefur Landbúnaðarháskóli Íslands skráð inn nær alla skurði landsins og jarðvegskort. Þessi gögn voru skoðuð til að kanna hvar helst væru tækifæri til endurheimtar votlendis.

Skógrækt

Í *Landsskipulagsstefnu 2015-2020* er áhersla á að skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu sambætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útvistar.

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og getur haft áhrif á gróðurfar, landslag, veðurfar, samfélag og svæði sem njóta verndar, t.d. vegna vatns, náttúrufars eða söguminja.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Skógrækt ríkisins annast skilgreiningu birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Í Dalabyggð eru sjálfsánir birkiskógar, alls 5.924 ha samkvæmt gögnum Skógræktarinnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.


Skógrækt er vaxandi búgrein í sveitarfélagini, en árið 2016 voru 32 ábúendur með samning við Skógræktina um skógrækt. Samningar eru í gildi fyrir 45 skógræktarsvæði í sveitarfélagini, samtals um 4.500 ha, sjá mynd fyrir neðan (Mynd 11-3).

⁶⁸ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2021.

⁶⁹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2016.

⁷⁰ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033



Mynd 11-3 Náttúrulegir skógar, ræktað skóglendi og Skógræktarsamningar.

Markmið og stefna - Landbúnaður

Markmið

- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum í sátt við umhverfið.
- Styrkja stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar og leita leiða til uppbyggingar.
- Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði ekki ráðstafað í aðra nýtingu.
- Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu. Svigrúm verði fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli.
- Hlunnindanýting verði tryggð á landbúnaðarsvæðum og afskekktari svæðum sem farin eru í eyði.
- Skipulag á landbúnaðarsvæðum gefi kost á nýtingu veiðíáa og uppbyggingu þeim tengdum í sátt við umhverfið.
- Skipulag á landbúnaðarsvæðum gefi kost á byggingu smávirkjana í sátt við umhverfið.
- Settar verði reglur um umferð vélknúinna farartækja á beitilöndum til að tryggja frið og ró fyrir búfé.
- Efla skógrækt á svæðinu til viðarframleiðslu, útvistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.
- Skógræktarsvæði verði skipulögð með tilliti til hættu af völdum gróðurelda.
- Stuðlað verði að viðhaldi landbúnaðarlandslags, s.s. með góðu viðhaldi landbúnaðarmannvirkja og túnslætti.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

- ◆ Stuðlað verði að verndun votlendis, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða.
- ◆ Unnið verði að endurheimt votlendis í sátt við umhverfi og samfélag.
- ◆ Varast ber notkun tegunda sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika í skógrækt.

Útfærsla stefnu

Dalabyggð leggur áherslu á að skapa sátt um skipulag landnotkunar í dreifbýli til hefðbundinna landbúnaðarnota, skógræktar og ferðaþjónustu. Liður í því er að styrkja stöðu landbúnaðar en skapa jafnframt svigrúm til þróunar annarra greina samhliða því í sátt við náttúru og umhverfi.

Allt land sveitarfélagsins, sem ekki er skilgreint til annarra nota, er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarland, þar með talin heiðarlönd. Til grundvallar ákvörðunum um ráðstöfun landbúnaðarlands verði flokkun landbúnaðarlands, þ.e. hlutlæg viðmið um það hve vel land hentar til ræktunar og annarra sjónarmiða sem taka þarf mið af við ráðstöfun landbúnaðarlands í skipulagi. Landbúnaðarland í Dalabyggð hefur ekki verið flokkað með tilliti til þeirra viðmiða sem liggja fyrir. Fyrirliggjandi opinber grunngögn hafa reynst ófullnægjandi til að byggja á við flokkunina og stefnumörkun aðalskipulagsins í heild um landbúnaðarland. Nauðsynlegt hefur reynst að sannreyna undirliggjandi gögn og slíkt er óframkvæmanlegt fyrir gerð heils aðalskipulags. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að framkvæmd verði flokkun landbúnaðarlands við gerð deiliskipulags á landbúnaðarsvæðum, við áform um skógrækt og landgræðslu og þegar land er tekið úr landbúnaðarnotum. Flokkunin skal taka til alls láglendis viðkomandi jarðar, þ.e. undir 200 m h.y.s. Í þeim tilvikum verði miðað við þá flokkun landbúnaðarlands sem sveitarstjórn hefur samþykkt og birt er í viðauka og skal greiningarlykill sem þar er birtur nýttur við þá vinnu. Jafnframt er áætlað að á skipulagstímabilinu verði hafin vinna við flokkun landbúnaðarlands á láglendi með sérstaka áherslu á þau svæði þar sem er ræktað land eða land sem hentar sérstaklega vel til ræktunar sbr. gæðaflokka I og II skv. leiðbeiningum atvinnuvega-

nýsköpunarráðuneytisins um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar. Einnig verði áhersla á svæði þar sem fyrirhuguð er uppbygging á landbúnaðarsvæðum. Dalabyggð mun fara í ofangreinda vinnu við flokkun landbúnaðarlands á fyrrí hluta skipulagstímabilsins, þ.e. 2023-2027. Gerður er fyrirvari á því að opinber grunngögn séu fullnægjandi til að byggja á við flokkunina. Þegar flokkun landbúnaðarlands í samræmi við leiðbeiningar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er lokið skal aðalskipulaginu breytt með tilliti til niðurstöðu flokkunarinnar. Jafnframt skal greiningarlykillinn sem sveitarstjórn hefur samþykkt endurskoðaður með tilliti til ofangreindra leiðbeininga.

Á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverju lögbýli án þess að breyta aðalskipulagi þessu, sbr. kafla 10.6 um frístundabyggð. Á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I er skógrækt heimil, allt að 200 ha, án þess að breyta aðalskipulagi þessu sbr. skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði (kafla 17.13). Landeigendum er heimilt að virkja bæjarlækinn með smávirkjun þar sem gert er ráð fyrir byggð á landbúnaðarsvæðum, sbr. kafla 6 um auðlindir. Minniháttar mannvirki eru heimil á landbúnaðarsvæðum, svo sem lítil fjarskiptamöstur, litlar vindmyllur og sólarsellur til heimanotkunar sbr. kafla um fjarskipti (kafla 14.2). Nánar er fjallað um stærðarmörk framkvæmda í skipulagsákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði (kafla 17.13).

Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir heimild til uppbyggingar minniháttar ferðaþjónustu, þ.e. starfsemi sem nýti þau mannvirki sem fyrir eru á jörðinni og skerði ekki möguleika til hefðbundinna landbúnaðarnota. Nánar er fjallað um leyfilegt umfang í skipulagsákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði (kafla 17.13). Ferðaþjónusta sem kallar á ný mannvirki skal vera innan verslunar- og þjónustusvæðis, sbr. kafla 11.5 eða afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðis, sbr. kafla 11.4, allt eftir eðli starfseminnar.

Á skipulagstímabilinu verður framkvæmd nánari greining á umfangi framræsts lands og tækifæri til endurheimtar votlendis. Það verkefni verður unnið í nánu samstarfi við landeigendur viðkomandi jarða og stofnana. Í því sambandi verður litið til flokkunar á gæðum landbúnaðarlands til ræktunar,

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

framtíðaráætlana um nýtingu lands til landbúnaðarframleiðslu og takmarkana á landnotkun sem taka skal tillit til við framtíðar ráðstöfun lands.

Við val á svæðum til skógræktar skal sneitt hjá þekktum náttúru- og menningarminjum sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og menningarminjar og tryggja verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sbr. kafla 5. Skipulagsákvæðanir um skógrækt á landbúnaðarsvæðum skulu grundvallaðar á flokkun landbúnaðarlands eins og fyrr er getið. Við skipulag skógræktarsvæða og frístundabyggðar verði sérstaklega hugað að forvrðnum vegna gróðurelda, svo sem með flóttaleiðum og varnarlínum (brunahólfum) sbr. kafla 4.4 um gróðurelda.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði (kafla 17.13) og skógræktar- og landgræðslusvæði (kafla 17.14).

Stefnan um landbúnað er útfærð nánar með afmörkun fyrir landbúnaðarsvæði (L) á skipulagsuppdrætti og skipulagsákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði (kafla 17.13). Stefna um skógrækt er útfærð nánar með almennum skipulagsákvæðum fyrir skógrækt og landgræðslu (kafla 17.14). Einnig er vísað til stefnu um Útivist, íþróttir og opin svæði (kafla 13) og Byggð (kafla 10) varðandi frístundahús á landbúnaðarsvæðum og skógrækt og varnir gegn gróðureldum og Auðlindir (kafla 6). Auk þess er vísað til stefnu um hverfisvernd (kafla 8), neysluvatn (kafla 6.3) og verndarákvæða vegna takmarkana á landnotkun (kafla 18).

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan um landbúnað er sú sama og í fyrra aðalskipulagi, en stefnan hefur verið uppfærð miðað við landsskipulagsstefnu og stefnu stjórvalda í loftslagsmálum. Eins og í fyrra aðalskipulagi er allt land sveitarfélagsins, sem ekki er skilgreint til annarra nota, skilgreint sem landbúnaðarland. Aukin er áhersla á ferðaþjónustu og skógrækt á bújörðum og skapað er rými fyrir þessar nýju atvinnugreinar í skipulaginu. Eins og í fyrra aðalskipulagi eru skógræktarsvæði ekki afmörkuð á skipulagsuppdrætti. Gert er ráð fyrir að nýting veiðiáa og uppbygging tengd þeim falli undir landbúnaðarnot en ekki

frístundabyggð. Einnig er mörkuð stefna um stakar framkvæmdir innan landbúnaðarlands.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að styðja við hefðbundinn landbúnað og styrkja byggð í dreifbýlinu. Svigrúm er fyrir skógrækt, hlunnindanýtingu og ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum. Almennt er áhersla á að viðhalda búsetulandslagi og ásýnd lands með tilliti til framkvæmda og skógræktar. Stefnan hefur í för með sér jákvæð áhrif á loftslagsmál til lengri tíma liðið vegna aukinnar skógræktar, en ekki er gert ráð fyrir umtalsverðri endurheimt á votlendi á framræstu votlendi, þar sem áhersla er á að nýta það til landbúnaðarframleiðslu. Óvissa er um áhrif stefnunnar á menningarminjar vegna aukinnar skógræktar, en almennt er gert ráð fyrir því að viðhalda búsetulandslagi og skapa rými fyrir ferðaþjónustu á bújörðum og það mun hafa jákvæð áhrif á atvinnu og útvist.



Mynd 11-4 Sauðfé við Hvammsfjörð.

11.4 AFPREYINGAR- OG FERÐAÐJÓNUSTA

Afpreyingar- og ferðaþjónustusvæði taka m.a. til svæða eins og tjaldstæða og uppbyggðra ferðamannastaða. Hér er fjallað um ferðaþjónustu og afpreyingu og stefnu um uppbyggingu í tengslum við það í þéttbýli og dreifbýli.

Ferðaþjónusta sem drifkraftur atvinnuuppbyggingar í dreifbýli

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein á Íslandi sem hefur vaxið hvað mest á undanförnum árum. Ferðaþjónusta er afar mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og ein hagkvæmasta leiðin til að fylgja störfum og auka efnahagsvöxt, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samdráttur hefur verið í öðrum greinum.⁷¹ Ferðaþjónusta getur aukið eftirspurn eftir þekkingu sem leiðir af sér betur launuð störf. Hún hefur einnig oft jákvæð áhrif á menningarlíf, afpreyingu, þjónustu og manngert umhverfi. Fjölgun ferðamanna fylgir jafnan aukið álag á samfélag og náttúru og þar með eykst börfin fyrir að draga úr þeim áhrifum.

Þjónusta og afpreying fyrir ferðamenn

Upplýsingar um gistiætur í Dalabyggð liggja ekki fyrir. Ferðamálastofa hefur gert umfangsmiklar ferðavenjukannanir og á grunni þeirra er hægt að áætla fjölda ferðamanna á einstökum stöðum og svæðum. Samkvæmt því er áætlað að um 48% erlendra ferðamanna hafi komið á Vesturland að sumarlagi og rúmlega 13% í Búðardal/Dali árið 2017. Að vetrarlagi er áætlað að 29% erlendra ferðamanna hafi heimsótt Vesturland og tæplega 6% Búðardal/Dali.⁷²

Árið 2019 léti Eiríksstaðanefnd vinna samantekt á tölulegum upplýsingum um ferðamenn í sveitarfélagini, sbr. *Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018*. Samkvæmt skýrslunni er áætlað að 296 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Dalabyggð árið 2018 en 49 þúsund árið 2004, sem er sexföldun.

⁷¹ Ferðamálastofa. 2008.

⁷² Ferðamálastofa. 2021.

Einnig er áætlað að 112 þúsund íslendingar hafi lagt leið sína í Dalabyggð árið 2017. Að sama skapi er áætlað að 74 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft einhverja viðsvöl í Búðardal árið 2018.⁷³


Þrátt fyrir áhrif Covid-19 heimsfaraldurs og fækkan erlendra ferðamanna á árunum 2019 til 2021, er ljóst að Dalabyggð er mikilvægur viðkomustaður ferðamanna. Mikil vakning er í ferðaþjónustu á Vesturlandi og greinin hefur fest sig í sessi sem einn af lykil atvinnuvegum í landsfjórðungnum.



Mynd 11-5 Við Guðrúnarlaug að Laugum í Sælingsdal.

⁷³ Rögnvaldur Guðmundsson. 2019.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032



Mynd 11-6 Ferðaleiðir í Dalabyggð samkvæmt Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.

Dalabyggð er rík af sögu, menningararfleifð og náttúru sem höfðað getur til ferðamanna. Unnið hefur verið að uppbyggingu áfangastaða sem líklegir eru til að draga að ferðamenn og dæmi um það eru Vínlandssetur í Búðardal, Eiríksstaðir í Haukadal og Ólafsdalur við Gilsfjörð. *Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030* markar stefnu um ferðapjónustu á svæðinu m.a. með áherslu á eflingu ferðapjónustu og vörubróun og markaðssetningu. Einnig fjallar svæðisskipulagið um tengsl ferðapjónustu við aðrar atvinnugreinar.

Ferðamálastofa, í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands, hefur gefið út *Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023*, en þar er greining á stöðu ferðapjónustu á Vesturlandi ásamt stefnu og aðgerðaáætlun fyrir tilgreinda áfangastaði og svæði.⁷⁴ Í eftirfarandi töflu (Tafla 11.1) er yfirlit yfir ferðamannastaði og verkefni sem áætlunin tilgreinir.

Vestfjarðarstofa hefur skilgreint svokallaða Vestfjarðaleið, en verkefnið er unnið í samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum ásamt Dalabyggð. Markmiðið er að auka aðdráttarafl Vestfjarða fyrir ferðamenn, skilgreina styrkleika svæðisins og vinna með upplifun svæðisins. Hluti fyrirhugaðrar Vestfjarðaleiðar liggur um Dalabyggð, þ.e. um Bröttubrekkur, gegnum Miðdali, Fellströnd og Skarðsströnd.⁷⁵

⁷⁴ Áfangastaðastofa Vesturlands. 2021.

⁷⁵ Vestfjarðarstofa. 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Tafla 11.1 Uppbygging áfangastaða í Dalabyggð skv. áfangastaðaáætlun.⁷⁶

Staður	Tilgangur	Verkefni
Klofningur	Áningarstaður, Útvistarleið, útsýni	Aðkoma, aðgengi og upplýsingagjöf
Búðardalur	Útvistarstígar/áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Laugar í Sælingsdal	Útvistarleið	Stikun leiða, merkingar og upplýsingar
Guðrúnarlaug í Sælingsdal	Áningarstaður, náttúrlaug	Stefnumótun, aðkoma, aðstaða, upplýsingar og merkingar
Dalahyttur	Útvistarleiðir, náttúrluagar	Stefnumótun, hönnun og uppbygging
Skrauma	Áningarstaður, útsýni, Útvistarleið	Stefnumótun
Vínlandssetur	Áningarstaður, upplifun, menning, saga	Áframhaldandi uppbygging aðgengis og umhverfis
Staðarhóll í Döllum	Áningarstaður, Útvistarleið	Áframhaldandi uppbygging
Merkjahryggur á Bröttubrekku	Áningarstaður, útsýnisstaður	Stefnumótun, skipulag, hönnun og uppbygging
Seljaland	Útvistarleið	Stikun leiða, merkingar og upplýsingar
Eiríksstaðir	Áningarstaður	Áframhaldandi uppbygging
Straumur	Áningarstaður	Stefnumótun
Kolstaðir	Uppbygging ferðamannastaða	Stefnumótun, hönnun og uppbygging
Hafratindur	Útvistarleið	Stefnumótun, stikun leiða, merkingar og upplýsingar

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til árita um ferðamannastaði í aðalskipulaginu eru í umhverfismati greindir valkostir um uppbyggingu áfangastaða ferðamanna. Um er að ræða valkosti um umfang og eðli uppbyggingar áfangastaða með hliðsjón af stefnu sveitarfélagsins og ríkisins um ferðaþjónustu. Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:


- **Núll-kostur.** Að ekki verði áhersla á uppbyggingu áfangastaða ferðamanna í Dalabyggð. Valkosturinn lýsir grunnástandi umhverfisþátta og líklegri þróun umhverfisins án framfylgdar nýrrar stefnu um áfangastaði ferðamanna í aðalskipulaginu.
- **Áhersla á marga ferðaþjónustustaði og -leiðir.** Uppbygging áfangastaða ferðamanna beinist að mörgum stöðum í sveitarfélagini og umfang uppbyggingar taki mið af aðstæðum, ástandi svæða, en almennt er ekki gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu aðstöðu á hverjum stað.
- **Áhersla á fáa tiltekna ferðaþjónustustaði og -leiðir.** Uppbygging áfangastaða ferðamanna beinist einkum að fáum tilteknunum stöðum í sveitarfélagini og áhersla verði á vandaða uppbyggingu og góða aðstöðu fyrir móttöku ferðamanna.

Niðurstaða valkostagreiningarinnar er í stuttu máli að núll-kostur hefur í heildina neikvæð áhrif á umhverfisþætti til langs og skamms tíma litið.

Valkostur um áherslu á marga ferðaþjónustustaði og -leiðir er í heildina ekki æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa, þ.e. að kröftunum sé dreift um of og innviðir ferðaþjónustustaða og -leiða geti ekki mætt því álagi sem skapast af för ferðamanna um svæðið. Það er ákveðinn ávinningur af því að byggja upp ferðaþjónustustaði og -leiðir en þar sem um er að ræða marga staði, er hætta á að ekki verði byggðir upp æskilegir innviðir á hverjum stað og öll umhirða verður kostnaðarsöm. Vegna skorts á innviðum er hætta á að náttúru- og menningarminjar verði fyrir skemmdum af völdum álags af ferðamönnum og ferðamannastaðirnir tapi aðráttaraflí sínu.

⁷⁶ Áfangastaðastofa Vesturlands. 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032



Mynd 11-7 Ferðamannastaðir í Dalabyggð sem fjallað er um í Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023.⁷⁷

⁷⁷ Áfangastaðastofa Vesturlands. 2021.

Valkostur um áherslu á fáa tiltekna ferðaþjónustustaði og -leiðir hefur heilt yfir mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn og styrkja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum svæðum. Þar sem fókus er á fáa tiltekna staði og leiðir, þá gefst tækifæri til að byggja svæðin vel upp, öll umhirða svæðanna verður auðveldari og áhrif á náttúru- og menningarminjar verða jákvæð. Stefnan sem valkosturinn felur í sér er í aðalatriðum í samræmi við stefnu sveitarfélagsins, gildandi svæðisskipulag og áfangastaðaáætlun. Í heildina er þessi valkostur æskilegur með tilliti til umhverfisáhrifa. Með þessari nálgun er hægt að byggja upp sterka segla í ferðaþjónustu sem styrkja samkeppnishæfnina og skapa störf í héraði. Jafnframt er álaginu létt af öðrum svæðum sem ekki hafa næga innviði. Á móti kemur að svokallaðir náttúruferðamenn eru síður líklegir til að sækja á fjölsóttu uppbyggða ferðamannastaði, en þeir eru eigi að síður líklegir til að heimsækja Dalabyggð.



Mynd 11-8 Vegur um Klofning.

Markmið og stefna – Afþreyingar- og ferðaþjónusta

Markmið

- ◆ Aðalskipulagið leggi grunn að öflugri og sjálfbærri ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði þess.
- ◆ Tekið verði tillit til þarfa ferðaþjónustunnar og öryggis ferðamanna við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.
- ◆ Markvisst verði byggðir upp áhugaverðir staðir sem laða að ferðamenn.
- ◆ Lögð verði áhersla á sterk tengsl á milli landbúnaðar, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi.
- ◆ Náttúrulegar aðstaður, auðlindir, sagan og svæðisbundnir möguleikar verði nýttir til uppbyggingar fjölbreyttrar ferðaþjónustu sem íbúar eru stoltir af.
- ◆ Ferðaþjónusta eflist sem heilsársatvinnugrein og sem hliðargrein með öðrum greinum.
- ◆ Í boði verði margs konar möguleikar til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu.

Útfærsla stefnu

Dalabyggð leggur áherslu á að vinna með umhverfisgæði á afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðum og skapa vandaða umgjörð og innviði. Stefnumanni er ætlað að styðja við og auka upplifun fólks á náttúru og sögu sveitarfélagsins. Rík áhersla er á að vinna með staðaranda og sérkenni hvers staðar og að þeir höfði jafnt til heimamanna og gesta. Auk þess er áhersla á að auka öryggi á ferðaþjónustustöðum. Með því að byggja upp sterka segla skapast einnig

tækifæri og rými fyrir ferðamenn sem vilja njóta einveru og náttúruupplifunar fjarri fjölsóttari stöðum.

Uppbygging ferðaþjónustastaða skal stuðla að varðveislu náttúrulegra sérkenna og menningarminja og hafa sem minnst óafturkræf áhrif. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 markar stefnu um að tryggja vernd náttúru- og menningarminja á Breiðafirði og skipulag áfangastaða ferðamanna tekur mið af því. Hið sama gildir um náttúru- og menningarminjar á svæðinu sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og um menningarminjar. Uppbygging afþreyingar- og ferðaþjónustu skal því sérstaklega taka mið af stefnu aðalskipulagsins um lífríki og landslag (kafli 4) og menningar- og búsetuminjar (kafli 7).

Stefnan um afþreyingar- og ferðaþjónustu er útfærð nánar með afmörkun fyrir Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) á skipulagsupprætti og skipulagsákvæðum (kafli 17.8). Einnig er vísað til stefnu um landbúnaðarsvæði (kafli 11.3) og verslun og þjónustu (kafli 11.5) varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu.

Helstu stefnubreytingar

Stefna aðalskipulagsins er að grunni til hin sama og í eldra aðalskipulagi, en tekið er mið af nýjum áskorunum vegna aukins fjölda ferðamanna og breytinga á atvinnuháttum í Dalabyggð og nýrrar skipulagsreglugerðar. Mikilvægur liður í nýrri stefnumörkun aðalskipulagsins er *Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030* og *Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023*.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélagsbreytingum. Stefnan mun einnig vinna í sömu átt og stefna aðalskipulagsins um náttúru og landslag og menningarminjar. Gott aðgengi að náttúru svæðisins hefur jákvæð áhrif á heilsu, stuðlar að möguleikum til útvistar og hreyfingar fyrir heimamenn og gesti. Stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á atvinnu og mjög jákvæð áhrif á öryggi.



Mynd 11-9 Tjálfað að Laugum í Sælingsdal.

11.5 VERSLUN OG ÖNNUR ÞJÓNUSTA

Í Búðardal er fjölbreytt verslunar- og þjónustustarfsemi en þéttbýlið er þjónustustaður fyrir dreifbýlið og þá atvinnustarfsemi sem þar er stunduð. Einnig er Búðardalur vaxandi viðkomustaður ferðamanna, ekki síst vegna staðsetningar miðsvæðis á norðvestur hluta landsins, þar sem leiðir milli héraða mætast. Í kaflanum er fjallað um verslun og aðra þjónustu í þéttbýli og dreifbýli.

Verslun

Mestur hluti verslunar og þjónustu í þéttbýlinu er norðan við Miðbraut og austan Vesturbrautar (þjóðvegar 60) þar sem m.a. er matvörubúð og bensínafgreiðsla (miðsvæði á aðalskipulagsuppdrætti). Í gildandi

aðalskipulagi er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæðum á nokkrum stöðum í dreifbýlinu, einkum í tengslum við ferðabjónustu. Hluti þeirra svæða fellur nú undir landnotkunarflokkinn afþreyingar- og ferðamannasvæði í samræmi við nýja skipulagsreglugerð.

Gistibjónusta

Árið 2015 léti Dalabyggð vinna samantekt á tölulegum upplýsingum um ferðamenn í sveitarfélagini og samkvæmt því er áætlað að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Dalabyggð árið 2014. Af þeim er talið að 27 þúsund hafi gist í sveitarfélagini (20%) en 108 þúsund verið dagsgestir (80%). Að sumarlagi gisti um 24% gestanna en einungis 11% þeirra sem komu í sveitarfélagið utan sumars.⁷⁸

Í umhverfismati aðalskipulagsins eru greindir valkostir er varða áherslur um uppbyggingu gistaðstöðu í Dalabyggð og hvert beina skuli uppbyggingunni.

- **Núll-kostur/dreifð uppbygging.** Að ekki verði sérstök áhersla á uppbyggingu gistaðstöðu umfram það sem nú er, en smærri og stærri uppbyggingu verði jöfnum höndum beint að dreifbýli og þéttbýli.
- **Beina stærri uppbyggingu í þéttbýlið.** Áhersla verði á uppbyggingu gistaðstöðu í Búðardal, svo sem hótel og gjistiheimilisgistingu og stækkan tjaldstæðis. Uppbygging gistaðstöðu í dreifbýli verði einkum tengd starfsemi á bújörðum.

Niðurstaðan er að núll-kostur eða dreifð uppbygging gistaðstöðu hefur í heildina neikvæð áhrif á samfélag, náttúrufar og landslag, bæði til langs og skamms tíma litið. Dreifð uppbygging er ekki líkleg til að nýta að fullu þá möguleika sem eru í ferðabjónustu fyrir samfélagið og þá sérstaklega þéttbýlið. Dreifð uppbygging er einnig líkleg til að breyta ásýnd lands í dreifbýlinu og starfseminni fylgir aukið álag á umhverfið og hætta er á að náttúru- og menningarminjar glatist. Almennt hefur uppbygging

⁷⁸ Rögnvaldur Guðmundsson. 2015.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

gistiaðstöðu jákvæð áhrif á atvinnulífið, ný störf verða til og aukinn fjöldi ferðamanna styrkir stoðir þjónustustarfsemi í Dalabyggð.

Stefna um að beina stærri uppbyggingu gistiaðstöðu í þéttbýlið hefur í heildina mjög jákvæð eða jákvæð áhrif á þá þætti sem voru til skoðunar. Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn og styrkja samkeppnisstöðu svæðisins gagnvart öðrum svæðum. Með því að beina stærri uppbyggingu á gistiaðstöðu í Búðardal gefst tækifæri til að halda betur utan um ýmsa þætti sem varða losun frá starfseminni og áhrif á náttúru- og menningarminjar. Einnig næst meiri ávinningur fyrir samfélagið í heild þar sem starfsemin styrkir stoðir þeirrar þjónustu sem er til staðar og til verða fjölbreytt heilsárs störf í þéttbýlinu. Eftir sem áður er gert ráð fyrir uppbyggingu gistiaðstöðu í dreifbýlinu, einkum í tengslum við starfsemi á bújörðum.



Mynd 11-10 Laugar í Sælingsdal.

Markmið og stefna – Verslun og önnur þjónusta

Markmið

- ◆ Stuðla að fjölbreyttri verslunar- og þjónustustarfsemi sem eykur lífsgæði íbúa og ánægju ferðamanna.
- ◆ Verslun og þjónusta verði miðsvæðis og aðgengileg fyrir íbúa í Búðardal og ferðamenn og myndi þungamiðju í samfelldri og áhugaverðri byggð.

Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að verslun og þjónusta eflist í Búðardal samfara vexti í ferðaþjónustu, svo sem í tengslum við opnun Vestfjarðaleiðarinnar (Hringvegar 2). Mikilvægt er að skapa þróunar- og vaxtamöguleika fyrir núverandi og nýja starfsemi. Mikilvægt er að öll nærbjónusta eins og matvöruverslun verði áfram í göngufæri innan þéttbýlisins í Búðardal.

Verslun og þjónustu er beint á svæði sem myndar ás við Miðbraut og yfir Vesturbraut. Styrkja á þetta þjónustusvæði með betri nýtingu lóða og svæða og bættri ásýnd og góðum tengingum við aðra hluta þéttbýlisins. Mikilvægt er að styrkja gróður í umhverfi núverandi Vesturbrautar, taka niður umferðarhraða og auka gönguhæfi byggðarinnar. Með þeim hætti er hægt að skapa áhugavert umhverfi fyrir verslun og þjónustu á miðsvæðinu og auka samkeppnishæfni Búðardals sem þjónustustaðar. Nánar er fjallað um miðsvæðið í kafla 10.5 og kafla 15.3 um vegi og gatnakerfi.

Í Búðardal er áfram gert ráð fyrir uppbyggingu hótels og annarrar gistibjónustu sbr. greiningu á valkostum um uppbyggingu gistiaðstöðu og skipulagsákvæði í kafla 17.3. Mikilvægt er að slík uppbygging styrki stöðu Búðardals sem lykil þjónustustaðar í sveitarfélagini. Eftir sem áður verður svigrúm fyrir uppbyggingu gistiaðstöðu í dreifbýlinu, einkum í tengslum við starfsemi á lögbýlum.

Stefnan um verslun og aðra þjónustu er útfærð nánar með afmörkun fyrir verslunar- og þjónustusvæði á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum. Einnig er vísað til stefnu um landbúnaðarsvæði (kafli

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

11.3) og afþreyingar- og ferðapjónustu (kafli 11.4) varðandi uppbryggingu verslunar og þjónustu.

Helstu stefnubreytingar

Hluti svæðis sem áður var skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði og hluti athafnasvæðis er nú skilgreint sem miðsvæði. Styrkja á verslunar- og þjónustusvæðið og miðsvæðið í Búðardal með bættri ásýnd og góðum tengingum við aðra hluta þéttbýlisins. Einnig er aukin áhersla á að byggja Búðardal upp sem þjónustustað í Dalabyggð og eftir atvikum fyrir stærra svæði.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag, atvinnu og þjónustu, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir nærbjónustu og skapar atvinnu í sveitarféluginu. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar og áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er óveruleg. Efling þjónustunnar og aukið gönguhæfi byggðarinnar hvetur einkum íbúa í Búðardal og gesti til hreyfingar og bættrar lýðheilsu.

11.6 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Í Búðardal er eitt skilgreint athafnasvæði, þ.e. Vegagerðarreitur við Vesturbraut. Þar eru einnig fjögur iðnaðarsvæði, þrjú við Vesturbraut og eitt við hafnarsvæðið. Uppbygging á nyrsta svæðinu við Vesturbraut er ekki hafin. Í dreifbýlinu tengjast tvö svæði veitustarfsemi en önnur svæði tengjast verkstæðum, frystihúsi, tengivirkni og sorpurðun.

Búðardalur liggur miðsvæðis í Dalabyggð sem einnig liggur miðsvæðis milli landshluta sbr. kafla 11.2 um þjónustu- og vinnusókn.

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Starfsemi tengd búrekstri, s.s. vörugeymslur og verkstæði, getur rúmast innan athafnasvæða og landbúnaðarsvæða.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli, sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha, eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Margvíslegar framkvæmdir innan iðnaðar- og athafnasvæðis eru umhverfismatsskyldar eða tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar og er vísað til laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Nýting vindorku

Á árinu 2018 léti Dalabyggð vinna samantekt á helstu forsendum og meginatriðum sem leggja skal til grundvallar við mat á svæðum fyrir vindorku, svo sem m.t.t. áhrifa á samfélag, umhverfi, skipulag og innviði.⁷⁹ Tilgangurinn með samantektinni var að setja fram og kynna nálgun á því hvernig vindorkuverkefni eru unnin frá upphafi til enda. Meðal annars var farið yfir hvernig svæði eru metin m.t.t. ólíkra þátta og sett fram á uppdráttum hvaða svæði koma hugsanlega til greina fyrir staðsetningu vindtúrbína.

Áætlanir eru um uppbryggingu tveggja vindorkugarða, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Frá árinu 2019 hefur verið unnið að aðalskipulagsbreytingum og umhverfismati og eftirfarandi eru helstu áfangar í þeiri vinnu. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 14. október 2021 að 419 ha svæði í landi Hróðnýjarstaða og 408 ha svæði í landi Sólheima yrði leyst úr landbúnaðarnotum, í samræmi við jarðalög.

Vindorkugarður að Hróðnýjarstöðum

Skipulags- og matslysing fyrir breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkugarðs að Hróðnýjarstöðum var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 10. apríl 2019. Sveitarstjórn samþykkti 18. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulaginu. Hinn 4. janúar 2022 vísaði Skipulagsstofnun staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar til innviðaráðuneytisins. Þann 6. apríl 2022 synjaði ráðuneytið staðfestingu á

⁷⁹ Efla. 2018.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

breytingu á aðalskipulaginu. Þar sem vindorkuverið hefur ekki fengið umfjöllun í rammaáætlun skal svæðið, skv. ákvörðun innviðaráðherra, tímabundið skilgreint sem varúðarsvæði, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Aðalskipulagsbreytingin var svo samþykkt að nýju í sveitarstjórn þann 16. júní 2022.⁸⁰ Skipulagsstofnun staðfesti breytinguna þann 29. júní 2022.

Tillaga að matsáætlun vegna vindorkugarðs að Hróðnýjarstöðum var lögð fram til Skipulagsstofnunar 8. apríl 2020 og ákvörðun stofnunar um matsáætlunina lá fyrir 28. júlí 2020. Frummatsskýrsla verkefnisins og álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar liggur ekki fyrir.

Vindorkugarður í landi Sólheimu

Skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkugarðs í landi Sólheima var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 10. apríl 2019. Sveitarstjórn samþykkti 18. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulaginu. Hinnt 4. janúar 2022 vísaði Skipulagsstofnun staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar til innviðaráðuneytisins. Þann 6. apríl 2022 synjaði ráðuneytið staðfestingu á breytingu á aðalskipulaginu. Þar sem vindorkuverið hefur ekki fengið umfjöllun í rammaáætlun skal svæðið, skv. ákvörðun innviðaráðherra, tímabundið skilgreint sem varúðarsvæði, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 og 4.5.3 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Aðalskipulagsbreytingin var svo samþykkt að nýju í sveitarstjórn þann 16. júní 2022.⁸¹ Skipulagsstofnun staðfesti breytinguna þann 29. júní 2022.

Tillaga að matsáætlun vegna vindorkugarðs á Sólheimum var lögð fram til Skipulagsstofnunar 7. janúar 2020 og ákvörðun stofnunarinnar um matsáætlunina lá fyrir 17. september 2020. Frummatsskýrsla verkefnisins og álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar liggur ekki fyrir.

⁸⁰ Efla. 2022A.

⁸¹ Efla. 2022B.

Greining á valkostum um vindorkugarða á Sólheimum og Hróðnýjarstöðum í tengslum við vinnu við breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuvera í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða voru bornir saman valkostir um stefnu aðalskipulagsins. Í fyrsta lagi var það núll-kostur sem fóli í sér að ekki yrði af uppbyggingu vindorkugarðanna og viðkomandi svæði væru áfram skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Í öðru lagi að staðsett væri nýtt iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver, annað hvort á Sólheimum (allt að 30 vindmyllur) eða Hróðnýjarstöðum (allt að 40 vindmyllur). Í briðja lagi að staðsetja ný iðnaðarsvæði fyrir tvö vindorkuver fyrir allt að 70 vindmyllur.

Helstu niðurstöður eru að núll-kostur er talinn hafa óveruleg áhrif á þá þætti sem metnir voru. Áhrif af valkosti 2, þ.e. vindorkugarður á Hróðnýjarstöðum eða Sólheimum, eru m.a. talin óveruleg á jarðmyndanir, landnotkun, verndarsvæði og heilsu og öryggi. Áhrifin eru metin neikvæð á gróður og dýralíf, ásýnd og landslag, en jákvæð á samfélag. Áhrif á minjar eru talin óviss eða óveruleg, þ.e. eftir stöðu fornleifaskráningar á þessum stöðum. Valkostur 3, vindorkugarðar á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum hafa samlegðaráhrif á umhverfið. Ef af báðum vindorkuverum verður, eru einkum neikvæð áhrif á gróður og dýralíf og ásýnd og landslag. Jákvæð áhrif eru á samfélag og eru þau samlegðaráhrif eins og í öðrum þáttum samkvæmt umhverfismati aðalskipulagsbreytinga fyrir vindorkugarðana.

Úrvinnsla landbúnaðarafurða og nýsköpun

Úrvinnsla landbúnaðarafurða á sér langa sögu í Búðardal. MS rekur þar mjólkurstöð og um er að ræða einn stærsta vinnustað í Dalabyggð. Sláturhús var einnig rekið í Búðardal fram til ársins 2006. Í *Stefnu Dalabyggðar 2019-2022* er áhersla á að sveitarfélagið bjóði upp á lóðir fyrir atvinnustarfsemi og stuðli að fjölbreyttri úrvinnslu matvæla í héraði. Slík aðstaða hefur þegar verið opnuð í Miðskógi⁸².

⁸² Dalabyggð. 2020A.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032



Mynd 11-11 Mjólkurstöðin í Búðardal.

Markmið og stefna – Iðnaðar- og athafnasvæði

Markmið

- ◆ Atvinnuuppbrygging styrki efnahagslegan og samfélagslegan grunn sveitarfélagsins
- ◆ Nægt rými verði fyrir uppbryggingu og starfsemi á athafna- og iðnaðarsvæðum í sátt við samfélagið og náttúruna.
- ◆ Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmynadar og umhverfi snyrtilegt á iðnaðar- og athafnasvæðum.
- ◆ Auka möguleika til nýsköpunar og uppbryggingar í tengslum við hana.

Útfærsla stefnu

Áhersla er lögð á að sú atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu geti vaxið og dafnað en jafnframt verði svigrúm fyrir uppbryggingu nýrra greina. Það á bæði við um nýsköpun og hefðbundnari starfsemi. Einnig er

lögð áhersla á að bæta aðstöðu sem getur tengt saman menntun og rannsóknir við nýsköpun og þróun til atvinnuuppbryggingar. Horfa skal til sérstöðu svæðisins og leita leiða til að nýta hagstæða staðsetningu sveitarfélagsins gagnvart aðliggjandi landsvæðum.

Hafa ber í huga að iðnaðarstarfsemi getur haft margvísleg áhrif á atvinnuvegi sem fyrir eru í sveitarfélagini og því mikilvægt að gera grein fyrir hugsanlegum árekstrum á milli atvinnugreina áður en ákvörðun um slíkt er tekin. Einnig er mikilvægt að ekki sé gengið á náttúrugæði eða lífsgæði fólks. Þetta á sérstaklega við um starfsemi sem byggir afkomu sína að talsverðu leyti á náttúru og ímynd, m.a. landbúnað og ferðaþjónustu.

Iðnaðarsvæðin í Búðardal eru í mikilli nálægð við íbúðarbyggð sem og helstu útvistarsvæði Dalamanna. Svæðin eru mjög sýnileg við innkomuna í bæinn, en snyrtileg atvinnusvæði geta styrkt ímynd bæjarins. Lögð er áhersla á að umgengni á iðnaðar- og athafnasvæðum verði til fyrirmynadar. Hugað skal að því að fyrirkomulag á lóð hvetji til snyrtilegs umhverfis og að bæjarland verði aðlaðandi, m.a. með aukinni gróðurnotkun og vistlegum gönguleiðum meðfram Vesturbraut í samræmi við kafla 10.5 um miðsvæði.

Gert er ráð fyrir að landeigendur geti virkjað bæjarlækinn á landbúnaðarsvæðum með smávirkjun. Nánar er fjallað um þetta í kafla 6 um auðlindir og í kafla 11.3 um landbúnað.

Stefnan er útfærð með afmörkun athafnasvæðis (AT) og iðnaðarsvæða (I) á uppdrætti og skipulagsákvæðum fyrir landnotkun og frágang reitanna í köflum 17.5 og 17.6.

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi og síðari breytingum á því. Þó er aukin áhersla á nýsköpun og að starfsemi falli vel að annarri landnotkun. Einnig að atvinnustarfsemi skapi jákvæða ímynd fyrir sveitarfélagið.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag, atvinnu og þjónustu, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir nærbjónustu í Búðardal og skapar atvinnu í sveitarfélagini. Stefnan getur haft neikvæð áhrif á náttúru- og menningarminjar ef ekki er vandað til verka og er háð eðli og umfangi t.d. vindorkunýtingar. Áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er háð útfærslu og eðli starfsemi en ekki er gert ráð fyrir að brjóta ný svæði undir atvinnustarfsemi í þéttbýlinu. Uppbygging á svæði við Vesturbraut mun auka losun gróðurhúsalofttegunda.

Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkugarða, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima, en þessar framkvæmdir voru ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Að teknu tilliti til stefnu um fyrirhugaða uppbyggingu vindorkugarða í Dalabyggð, sbr. breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna Hróðnýjarstaða⁸³ og Sólheima⁸⁴, verða áhrifin á náttúru og landslag verulega neikvæð, m.a. vegna áhrifa á búsvæði fugla og áflugshættu, breytingar á ásýnd lands og áhrifa á landslag. Framkvæmdunum fylgir einnig aukin losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs og rasks og hættu á mengun jarðvegs vegna jarðvinnuvéla. Uppbygging vindorkugarðanna kann einnig að hafa neikvæð áhrif á menningarminjar, en fornleifaskráning hefur ekki farið fram á Sólheimum. Uppbygging vindorkugarðanna er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á útvist og ferðamennsku en gætu þó haft jákvæð áhrif á önnur atvinnumál.



Mynd 11-12 Iðnaðarsvæði við Ægisbraut. Séð til suðurs með ströndinni í Búðardal.

11.7 HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Fjallað er um hafnarsvæði í Hafnalögum nr. 61/2003 og um hafnir Dalabyggðar gildir hafnarreglugerð fyrir Dalabyggð nr. 335/1997.

Hafnarsvæðin í Dalabyggð eru þrjú, þ.e. Skarðsstöð og Hnúksnes á Skarðströnd og svæði neðan við Leifsbúð í Búðardal. Smábátaaðstaða er á öllum stöðunum en Skarðsstöð hefur einkum verið nýtt vegna grásleppuveiða, en einnig vegna siglinga með ferðamenn. Aðstaðan í

⁸³ Efla. 2022A.

⁸⁴ Efla. 2022B.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Hnúksnesi er mikilvæg vegna siglinga við Hvammsfjörð og Breiðafjörð. Starfsemi á hafnarsvæðinu í Búðardal hefur verið takmörkuð hin síðari ár en svæðið hefur einnig verið nýtt til útvistar.

Markmið og stefna – Hafnarsvæði

Markmið


- ◆ Aðstaða á hafnarsvæðum miðist við þarfir sjávarútvegs en einnig annarra atvinnugreina eins og ferðaþjónustu.
- ◆ Skipulag hafnarsvæða skapi svigrúm fyrir uppbyggingu á sjávartengdri ferðaþjónustu.
- ◆ Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði tryggð.
- ◆ Ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmynadar.

Útfærsla stefnu

Hafnirnar gegna mikilvægu hlutverki við nýtingu sjávar, s.s. í tengslum við sjávarnytjar eins og grásleppuveiðar en einnig vegna uppbyggingar ferðaþjónustu og útvistar um firði og eyjar.

Lögð er áhersla á að fjölbreytt starfsemi geti dafnað á og við hafnarsvæðin. Við uppbyggingu og hönnun hafnarsvæða þarf að gera ráð fyrir fjölbreyttri notkun og þróun ólíkra atvinnutækifæra, án hagsmunárekstra. Mikilvægt er að haga landnotkun þannig að hún styrki aðra starfsemi og nýtingu og að ekki verði þrengt svo að hafnarsvæðunum að það hefti uppbyggingu og þróun þeirra.

Stefnan um hafnarsvæði er útfærð nánar með afmörkun fyrir hafnir (H) og sérstök not haf- og vatnssvæða (SN) á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (kaflar 17.12 og 17.16).



Mynd 11-13 Höfnin í Búðardal.

Helstu stefnubreytingar

Höfnin í Búðardal og nánasta umhverfi hennar er nú skilgreind sem hafnarsvæði en var í fyrra skipulagi opið svæði til sérstakra nota. Haldið er opnum möguleikum á þróun tengdri sjávarútvegi og sjávarnytjum.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að styðja við fjölbreytta starfsemi en einnig viðhalda möguleikum til útvistar. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélagsbreytingum. Stefnan stuðlar að möguleikum til sjávarnytja og getur þannig styrkt tengsl við sögu og hefðir við Breiðafjörð og haft jákvæð áhrif á atvinnulíf.

11.8 ÚRGANGUR

Skv. lögum nr. 55/2003 bera sveitarfélög ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skulu sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarféluginu.

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi úrgangsmeðhöndlun. Áhersla er lögð á að huga að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu. Einnig kemur fram að huga þurfi að nýjum leiðum varðandi úrgangsmeðhöndlun og nýtni við auðlindanotkun.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist í átt að *hringrásarhagkerfi*⁸⁵. Í aðgerðaaætlun í loftslagsmálum stjórnvalda eru settar fram aðgerðir sem banna urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Einnig má nefna að umhverfis- og auðlindaráðherra hefur gefið út fyrstu almennu stefnuna um úrgangsforvarnir sem ber heitið *Saman gegn soun* sem gildir fyrir árin 2016-2027. Markmið stefnunnar eru m.a. að draga úr myndun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda. Stjórnvöld hafa einnig gefið út stefnuna *Almenn stefna um meðhöndlun úrgangs 2021-2032*.

Samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórn skilt að gera og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála og aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun. Jafnframt skal greina frá því hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum sínum um meðhöndlun úrgangs og úrgangsvarnir.

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033 fyrir Suðvesturhornið liggar fyrir en hún tekur einnig til Dalabyggðar.

Rekin er endurvinnslustöð fyrir úrgang í Búðardal þar sem áhersla er á flokkun og endurvinnslu. Grenndarstöðvar fyrir heimilisúrgang frá frístundahúsum eru á nokkrum stöðum í sveitarféluginu. Sorp er flutt að Fíflholtum á Mýrum. Lífrænn úrgangur er jarðgerður af þjónustuaðila.⁸⁶

⁸⁵ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021B.

Markmið og stefna – Úrgangur

Markmið

- ◆ Stuðlað verði að endurvinnslu og endurnýtingu og dregið úr myndun úrgangs.
- ◆ Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft. Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið.

Útfærsla stefnu

Áfram er gert ráð fyrir að sorp verði flokkað á endurvinnslustöðinni í Búðardal og það flutt til endurvinnslu og til urðunar í Fíflholtum og jarðgerðar í Stykkishólmi. Einnig verði urðunarstaður á Höskuldsstöðum nýttur fyrir viðeigandi úrgang.

Mikilvægt er að úrgangsmál verði til fyrirmynnar í sveitarféluginu og stuðli þannig að öryggi og heilbrigði íbúa og gesta. Úrgangsmál geta einnig haft mikil áhrif á ímynd sveitarfélagsins og þar af leiðandi áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana en einnig val fólks um búsetu.

Leitað skal leiða til að draga úr myndun úrgangs í sveitarféluginu, m.a. með endurnotkun og endurnýtingu. Fyrirtæki og stofnanir verði einnig hvött til aðgerða og áætlana sem stuðla að minna umfangi sorps.

Stefnan um úrgang er útfærð nánar með afmörkun fyrir iðnaðarsvæði (I) á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (kafli 17.6).

Helstu stefnubreytingar

Óbreytt stefna en hvatt til aukinnar endurnotkunar og endurnýtingar.

⁸⁶ Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033 á Suðvesturlandi..

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan stuðlar að endurvinnslu og endurnýtingu til langs tíma litið, en talsverður hagur er af því fyrir samfélagið að minnka umfang á úrgangi sem fluttur er úr sveitarféluginu.

11.9 EFNISTAKA OG VINNSLA

Áður en framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku er gefið út skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku (sjá nánar gr. 13 og 14 í skipulagslögum nr. 123/2010). Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi þarf frá Fiskistofu fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Óheimilt er að veita leyfi fyrir efnistöku sem er tilkynningar- og matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana áður en ákvörðun um matskyldu liggur fyrir og/eða álit í mati á umhverfisáhrifum. Skilyrði um umhverfismat er m.a. háð umfangi efnistökusvæða en einnig er efnistaka á verndarsvæðum tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar (Tafla 11.2).

Tafla 11.2 Efnistaka og mat á umhverfisáhrifum.


Efnistaka	Flokkur	Umhverfismat
Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m ³ eða meira.	A	Ávallt háð umhverfismati.
Efnistaka þar sem áætlað er að raska 2,5 - 25 ha svæði eða efnismagn er 50.000 – 500.000 m ³ .	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Neðanjarðarnámur.	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.

Námr í Dalabyggð eru aðallega setnámur en víða í sveitarfélagini er að finna merkar jarðminjar frá lokum ísaldar.

Vegagerðin vinnur að frágangi náma í samræmi við langtímaáætlun sína um námufrágang. Frá gildistöku fyrra aðalskipulags hefur verið gengið frá 37 nánum í sveitarfélagini og teljast þær fullfrágengnar⁸⁷. Í sveitarfélagini eru ófrágengin efnistökusvæði sem ekki eru lengur í notkun.

⁸⁷ <http://namur.vegagerdin.is/>

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033



Mynd 11-14 Efnistökusvæði í Dalabyggð.

Markmið og stefna – Efnistaka og vinnsla

Markmið

- ♦ Öll efnistaka og efnislosun fari fram með skipulegum hætti og nýting jarðefna miðar að því að hámarka virði þeirra og draga úr sónum.
- ♦ Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi og uppbyggingu innviða.
- ♦ Efnistaka og efnislosun valdi sem minnstum umhverfisáhrifum og ónæði fyrir íbúum.
- ♦ Öllum eldri nánum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulagsuppdraett, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt.

Útfærsla stefnu

Aðgengi að efnisnánum er forsenda margs konar mannvirkjagerðar. Opin og ófrágengin efnistökusvæði hafa hins vegar neikvæð áhrif á ásýnd og ímynd sveitarfélagsins. Slík svæði leiða gjarnan til lakari umgengni og jafnvel efnistöku án heimildar. Áhersla er því lögð á vandaðan frágang eldri efnistökusvæða til að fyrirbyggja áframhaldandi notkun. Þegar hlé verður á notkun námunnar eða henni lokað skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæðinu þannig að það falli sem best að umhverfi. Jafnframt skal ganga snyrtilega um efnistökusvæði á meðan á vinnslu stendur. Nýta skal opnar eða eldri námur til haugsetningar efnis, fremur en að opna ný svæði.

Forðast skal að raska merkum jarðminjum frá lokum ísaldar. Einnig skal forðast efnistöku í eða svo nærri vatnsföllum að þær geti haft neikvæð áhrif á lífriki þeirra og þær með veiðinytjar. Lágmarka skal rofhættu vegna efnistöku. Efnistaka á vatnsverndarsvæðum og svæðum sem njóta hverfisverndar skal vera í samræmi við ákvæði verndarinnar sbr. kafla 6.3 um neysluvatn og kafla 8 um hverfisvernd.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Framkvæmdaleyfi verður bundið skilyrðum um að framfylgja markmiðum aðalskipulagsins, sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á landslag, lífríki, vistkerfi og núverandi eða fyrirhugaða starfsemi eða landnýtingu í nágrenni svæðanna. Við ákvarðanatöku skal sveitarfélagið kynna fyrirhugaða efnistöku fyrir landeigendum og þeim er kunna að hafa hagsmuna að gæta.

Gert er ráð fyrir 50 efnistökusvæðum í sveitarfélagini og eru þau tilgreind í skilmálatöflu í kafla 17.7. Öðrum náum verður lokað og frá þeim gengið í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins og deiliskipulag þar sem það er í gildi. Einnig er heimil minniháttar efnistaka til rannsókna og vöruþróunar á jarðleir í botni Hvammsfjarðar, en staðsetning er ekki sýnd á upprætti. Vinnsla jarðleirs í atvinnuskyni kallar á breytingu á aðalskipulagi og er eftir atvikum háð umhverfismati. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis efnistaka á eignarlandinu til eigin nota á allt að 0,5 ha svæði og allt 5.000 m³ af efni, en efnistaka yfir 1.000 m³ skal tilkynnt til Dalabyggðar. Efnið skal nýtt innan landareignarinnar og skal samræmast markmiðum aðalskipulagsins með sama hætti og önnur efnistaka.

Breytingar á efnistökusvæðum má sjá á mynd hér að ofan (Mynd 11-14).

Stefnan um byggð er útfærð nánar með afmörkun fyrir svæðin (E) á skipulagsupprætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum fyrir Efnistöku- og efnisolunarsvæði (kafli 17.7).

Helstu stefnubreytingar

Efnistökusvæðum er fækkað nokkuð. Í fyrra aðalskipulagi voru 63 efnistökusvæði en þau verða nú 51. Hluta af fyrri náum er lokað en einnig eru nýjar námur skilgreindar í samræmi við breyttar þarfir s.s. fyrir vegagerð.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að stuðla að hagkvæmri nýtingu jarðefna og draga úr sóun á verðmætum jarðefnum en jafnframt að tryggja nægilegt framboð jarðefna til uppbyggingar í sveitarfélagini.

Fækkun efnistökusvæða dregur úr áhrifum þeirra, svo sem á ásýnd lands og íbúa á nærliggjandi svæðum. Stefnan hefur óveruleg áhrif á

menningarminjar, vatnsvernd og svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Stefnan er líkleg til að valda aukinni losun gróðurhúsalofttegunda til skamms tíma litið vegna rasks á grónu landi en skilyrði um frágang náma draga verulega úr þeim.



Mynd 11-15 Séð inn Hvammsfjörð norðan Búðardals.

11.10 VARÚÐARSVÆÐI

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal skilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana. Svæði í biðflokk samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun skal einnig skilgreina sem varúðarsvæði.

Miltisbrandsgrafir

Embætti yfirdýralæknis hefur um skeið skráð miltisbrandsgrafir á Íslandi, eftir munnlegum og skráðum heimildum. Staðsetning þeirra er ekki alltaf ljós og fleiri grafir kunna að finnast sem ekki hafa verið skráðar. Í einhverjum tilvikum kann að vera að ekki sé um miltisbrandsgröf að ræða, þó munnmæli

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

bendi til þess. Í Dalabyggð er að finna reiti þar sem miltisbrandssmituð dýrahræ hafa verið urðuð, en nákvæm staðsetning þeirra er í mörgum tilvikum ekki þekkt. Hætta getur skapast ef landi er raskað og smituð hræ eða jarðvegur kemur upp á yfirborðið en gró bakteríunnar getur lifað í jörðu í a.m.k. 200 ár. Allir staðir, þar sem miltisbrunahræ hafa verið grafin eru hugsanlega hættulegir og geta verið uppsprettu miltisbrunasýkingar um ótiltekinn tíma.⁸⁸ Sú hætta hefur aukist með auknu jarðraski og framkvæmdum, en einnig getur breytt tíðarfari raskað eldri gröfum.

Samkvæmt 12. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 skal Umhverfisstofnun vinna í gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun. Stofnunin vinnur að þessari skráningu en þar verða skráðar upplýsingar um svæði þar sem grafin hafa verið dýrahræ, þ.m.t. miltisbrandsgrafir. Samkvæmt 13. gr sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags.

Vindorkugarðar

Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkugarða, þ.e. í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima en þessir virkjunarkostir hafa ekki hlotið afgreiðslu í rammaáætlun. Skv. skipulagsreglugerð skal afmarka svæði sem varúðarsvæði þar sem takmarkanir gilda vegna ákvæða um biðflokk skv. lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Markmið og stefna – Varúðarsvæði

Markmið

- ◆ Lágmarka hættu fyrir heilsu og öryggi almennings s.s. vegna mengunar eða náttúrvár
- ◆ Tryggt verði að ekki verði hróflað við miltisbrandsgröfum.
- ◆ Miltisbrandsgrafir verði kortlagðar.

- ◆ Afmarka varúðarsvæði fyrir vindorkunýtingu þar til svæðið hefur hlotið umfjöllun í rammaáætlun.

Ljúka skal við skráningu á miltisbrandsgröfum á fyrri hluta skipulagstímabilsins svo hægt sé að tryggja að ekki verði hróflað við þeim. Einnig þarf að ganga úr skugga um hvort um raunverulega gröf er að ræða. Þar sem nákvæm staðsetning er þekkt, skulu grafir merktar á staðnum.

Sýna þarf varúð, ef leifar dýra koma upp við jarðrask. Loka skal aðgengi að svæðinu og gera skal Matvælastofnun viðvart sem metur hættuna og ákvarðar um þörf á aðgerðum.

Svæði sem skilgreind eru sem iðnaðarsvæði ætluð vindorkugörðum, sbr. kafla 11.6, eru einnig skilgreind sem varúðarsvæði. Á þessum svæðum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu, þar sem þau hafa ekki hlotið umfjöllun í rammaáætlun. Verði svæði sett í nýtingarflokk í rammaáætlun skal viðkomandi varúðarsvæði aflétt í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Stefnan um varúðarsvæði er útfærð nánar með afmörkun á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og viðbótarákvæðum fyrir varúðarsvæði (kafli 18.2).

Helstu stefnubreytingar

Varúðarsvæði vegna orkunýtingar hafa ekki áður verið afmörkuð í aðalskipulagi Dalabyggðar.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan um skráningu og reglur um umgengni við miltisbrandsgrafir hefur jákvæð áhrif á velferð og öryggi manna og dýra, þ.e. hún dregur úr hættu á smiti og hefur þannig áhrif á lýðheilsu og vellíðan íbúa. Stefnan um varúðarsvæði orkunýtingar er í samræmi við markmið laga um verndar- og orkunýtingaráætlun sem og skipulagslaga.

⁸⁸ Sigurður Sigurðarson. 2005.

12 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA

12.1 SKÓLAR OG ÍPRÓTTAHÚS

Í Dalabyggð er samrekinn grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli í Búðardal, þ.e. Auðarskóli við Miðbraut. Skólinn þjónar öllu sveitarfélagini og er skipulagður skólaakstur fyrir íbúa dreifbýlisins. Búðardalsvöllur er inni í þéttbýlinu, auk íþróttasvæða við Auðarskóla og opinna útvistar- og leiksvæða. Íþróttahús með sundlaug er rekið að Laugum í Sælingsdal. Dalabyggð áformar uppbyggingu sundlaugar og íþróttahúss á svæði sem tengist Auðarskóla í Búðardal. Deiliskipulag fyrir Auðarskóla og íþróttamiðstöð tók gildi í júlí 2021.



Mynd 12-1 Séð inn á lóð Auðarskóla í Búðardal.

Markmið og stefna – Skólar og íþróttahús

Markmið

- ◆ Efla möguleika íbúa til náms í heimabyggð.
- ◆ Aðgengi fyrir alla verði tryggt í skólabyggingum og íþróttaaðstöðu.
- ◆ Umhverfi skóla verði heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efla þroska allra nemenda. Skólnir nýti sér nálægðina við náttúruna.
- ◆ Allir íbúar sveitarfélagsins eigi möguleika á skipulagðri íþróttaiðkun.

Útfærsla stefnu

Lögð er áhersla á gott aðgengi til náms á öllum skólastigum. Leggja skal áherslu á samstarf milli skólastiga og að skólastarfið taki einnig til sí- og endurmenntunar og nýsköpunar. Þannig geta skólamál tengt saman kynslóðir og hópa og myndað miðstöð þekkingar sem um leið er félagsmiðstöð sem styrkir samfélagið.

Gott aðgengi að menntun eflir búsetuskilyrði. Lykilþáttur í góðu aðgengi eru öflugar samgöngur, skólaakstur og að aðgengi sé tryggt fyrir alla að mannvirkjum. Mikilvægt er að miðstöð þekkingar sé staðsett miðsvæðis í Búðardal og styrki þannig miðbæjarstarfsemina þar, sbr. kafla 10.5 um miðsvæði.

Góð íþróttaaðstaða er í dag talin grunnþjónusta og hefur áhrif á val fólks til búsetu. Fyrirhuguð er uppbygging íþróttamannvirkja í Búðardal, þ.e. ný sundlaug og íþróttahús í samræmi við nýtt deiliskipulag. Grunnskóla- og leikskólalóðirnar verða í góðum tengslum við íbúðarhverfi og nýtast sem útvistarvæði.

Stefnan um skóla og íþróttahús er útfærð nánar með afmörkun fyrir samfélagsþjónustu á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (kafli 0).

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan um skóla og íþróttahús er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Þó er aukin áhersla á að skólar og íþróttamannvirki tengist miðsvæðinu, styrki það og myndi öfluga miðstöð í samfélagini.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag, félags- og velferðarmál, atvinnu og þjónustu, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir nærbjónustu og stuðlar að bættri lýðheilsu og vellíðan íbúa og gesta. Hún getur einnig skapað atvinnu í sveitarfélagini og styrkt aðra þjónustu. Stefnan hefur takmörkuð áhrif á náttúru og menningarminjar og áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er óveruleg.

12.2 MENNING

Fjögur félagsheimili eru í Dalabyggð, Tjarnarlundur í Saurbæ, Árblik í Suðurdölum, Staðarfell á Fellsströnd og Dalabúð í Búðardal. Dalabúð er í mikilli notkun en breytt búsetumynstur hefur dregið úr notkun annarra félagsheimila. Menningarmálanefnd vann úttekt á stöðu félagsheimilanna í sveitarfélagini og fundaði haustið 2021 með íbúum um nýtingarmöguleika þeirra. Lagðir voru til fjölbættir nýtingarmöguleikar, einkum í þágu ferðaþjónustu⁸⁹.

Bókasafn er við Miðbraut sem er miðsvæðis í Búðardal. Vínlandssetrið er sögusýning sem staðsett er í Leifsbúð í Búðardal en fleiri áhugaverða áfangastaði tengda menningu og ferðaþjónustu má finna í sveitarfélagini. Byggðasafn Dalamanna hefur verið rekið í Sælingsdal og Listasafn Dalasýslu í Búðardal. Söfnin hafa ekki verið í rekstri undanfarið en vonast er til að hægt verði að finna gott húsnæði fyrir þau. Ýmsir viðburðir eru haldnir í sveitarfélagini sem tengjast sögu og menningu svæðisins.

Í Dalabyggð eru ellefu kirkjur og eru þær allar í dreifbýlinu. Sjö þeirra voru friðlýstar árið 1990 og ein var friðuð árið 2009. Nánar er fjallað um kirkjur sem menningarminjar í kafla 7.2. Kirkjugarðar eru við allar kirkjurnar og er

því ekki fjallað um kirkjugarða í sér kafla. Nægt rými er í kirkjugörðum í sveitarfélagini út skipulagstímabilið.

Markmið og stefna – Menning

Markmið

- ◆ Efla safna- og menningarstarfsemi með áherslu á sérstöðu svæðisins.
- ◆ Styrka stoðir félagsheimilanna með möguleika á fjölbreyttri nýtingu.
- ◆ Efla menningarstarfsemi á miðsvæðum í Búðardal.
- ◆ Kirkjum og kirkjugörðum verði viðhaldið.

Útfærsla stefnu

Lögð er áhersla á að styrkja núverandi tengsl menningar og ferðaþjónustu, einnig með áherslu á landbúnað sem lykilþátt í sögu og menningu svæðisins. Leita skal leiða til fjölbreyttari nýtingar félagsheimila s.s. með auknum möguleikum til verðmæta- og nýsköpunar sem styrkt getur samfélagið og rennt þannig styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.

Gert er ráð fyrir fjölbreyttri safnastarfsemi í bókasafninu og annari starfsemi sem getur styrkt það, s.s. viðburðum og kaffihúsi. Bókasafnið er mikilvægur samverustaður fyrir heimamenn, en getur einnig orðið áhugaverður staður fyrir ferðamenn. Efling bókasafnsins getur þannig verið mikilvægur þáttur í styrkingu miðsvæðis.

Gert er ráð fyrir að allar kirkjur og kirkjugarðar geti áfram þjónað sínu hlutverki. Gert er ráð fyrir að hver kirkja og tilheyrandir kirkjugarður verði varðveitt sem ein heild og einnig sem sögu- og menningarminjar.

Stefnan um menningu er útfærð nánar með afmörkun fyrir samfélagsþjónustu á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (kafli 0). Einnig er vísað til stefnu um afþreyingar- og

⁸⁹ Menningarmálanefnd Dalabyggðar. 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

ferðamannasvæði (kafli 17.9) og verslun og þjónustu (kafli 11.5). Auk þess er vísað til verndarákvæða vegna takmarkana á landnotkun (kafli 18).

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan um menningu er sú sama og í fyrra aðalskipulagi en aukin áhersla er lögð á fjölbreytta starfsemi og nýtingu mannvirkja til að efla menningarstarfsemi sem styrkir svæðið.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag, félags- og velferðarmál, atvinnu og þjónustu, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir nærbjónustu og atvinnu í sveitarféluginu og styrkir aðra þjónustu. Stefnan hefur takmörkuð áhrif á náttúru- og menningarminjar og áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er óveruleg.



Mynd 12-2 Silfurtún, séð til norðurs.

12.3 FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Heilsugæsla er við Gunnarsbraut í Búðardal. Nyrst í bænum er hjúkrunarheimilið Silfurtún ásamt þjónustuþúðum. Hjúkrunarheimili er einnig að Fellsenda í Suðurdölum. Lögregla og slökkvilið eru við Miðbraut í Búðardal og björgunarsveitin Ósk er með aðsetur við Vesturbraut í Búðardal.

Markmið og stefna – Félags og heilbrigðismál

Markmið

- ◆ Fjölskylduvænt samfélag sem tryggir öryggi íbúa og veitir góða heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af þörfum íbúa óháð aldri og þjóðfélagsstöðu.
- ◆ Skipulag byggðar stuðli að lífsgæðum fólks, bættri lýðheilsu og vellíðan.
- ◆ Göngutengsl milli svæða og að þjónusta verði styrkt.
- ◆ Aðgengi verði fyrir alla að mannvirkjum í Búðardal.

Útfærsla stefnu

Gert er ráð fyrir aukinni uppyggingu í tengslum við hjúkrunarheimilið Silfurtún, s.s. með uppyggingu þjónustuþúða fyrir aldraða með bein tengsl við þjónustu sem veitt er íbúum Silfurtúns. Við uppyggunguna skal leggja sérstaka áherslu á bætta aðstöðu utandyra, góð göngutengsl við önnur hverfi og þjónustu og að ávallt verði hugað að aðgengi fyrir alla. Umhverfið hefur talsverð áhrif á líkamlega og andlega heilsu íbúa og dvalargestu stofnana. Þetta á bæði við um útsýni sem og beinan aðgang að svæðum utandyra. Þess vegna er lögð áhersla á að umhverfi stofnana verði hannað með þarfir notenda þeirra í huga og að jafnframt verði hugað að útsýni frá vistarverum þeirra.

Áhersla er lögð á að heilsugæslan og félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis en einnig að þjónustustarfsemi í dreifbýli geti eflst.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Í skipulaginu er lögð áhersla á gott net göngustíga og góðar almenningssamgöngur sem dregið geta úr loftmengun. Nánar er fjallað um útvist í kafla 13 og samgöngur í kafla 15.

Tryggja skal möguleika allra til fullrar þátttöku í samféluginu, óháð aldri, kyni, færni eða uppruna. Stefnt er að því að Dalabyggð verði bær með aðgengi fyrir alla. Forðast skal, eins og kostur er, aðgreiningu aðgengis eftir færni einstaklinga en miða heldur lausnir við að allir geti nýtt sér aðalinngang og megingönguleiðir.

Stefnan um félags- og heilbrigðismál er útfærð nánar með afmörkun fyrir samfélagsþjónustu á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (kafla 0). Einnig er vísað til stefnu um útvist, íþróttir og opin svæði (kafla 13).

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan um félags- og heilbrigðismál er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Svæði Silfurtúns hefur verið rýmkað með möguleika á meiri uppbyggingu og gert ráð fyrir að skógrækt og útvistarsvæði umlyki það til norðurs og vesturs. Fyrirhuguð frístundabyggð norðan þess hefur verið minnkuð og færð fjær. Einnig er svæði heilsugæslustöðvarinnar nú skilgreint sem miðsvæði til eflingar þess svæðis.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag, félags- og velferðarmál, atvinnu og þjónustu, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir nærbjónustu og stuðlar að bættri lýðheilsu og vellíðan íbúa og gesta. Aukin félags- og heilbrigðisþjónusta getur einnig skapað atvinnu í sveitarféluginu og styrkt aðra þjónustu. Stefnan hefur takmörkuð áhrif á náttúru og menningarminjar og áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er óveruleg.



Mynd 12-3 Staðarhólskirkja í Saurbæ.

13 ÚTIVIST, ÍÞRÓTTIR OG OPIN SVÆÐI

Hér er fjallað um almenna útivist, leiksvæði, íþróttir og önnur græn svæði. Einnig er fjallað um útivist á óbyggðum svæðum.

13.1 SKIPULAG BYGGÐAR OG LÍFSGÆÐI FÓLKS

Eitt af leiðarljósum landsskipulagsstefnu er að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að auknum lífsgæðum fólks. Í skipulagi eru teknar ákvarðanir um útfærslu byggðar, samspli byggðar og samgangna, hvar gera skuli ráð fyrir svæðum til útivistar og nánari útfærslu þeirra.

Þekkt er að útfærsla byggðar getur haft bein áhrif á lýðheilsu og vellíðan. Nefna má þætti eins og gæði hins byggða umhverfis og tækifæri til útiveru og hreyfingar í daglegu lífi.

Í *Landsskipulagsstefnu 2015-2020* og *Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030* er rík áhersla á samspli skipulags byggðar og lífsgæða sem felast í aðgengi að náttúrunni.

Leiðarljós aðalskipulagsins leggur áherslu á að auka lífsgæði íbúa, sjálfbærni daglegs lífs og þol samfélagsins gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Hér er tekið sérstaklega á þremur þáttum skipulags byggðar og lífsgæða fólks, þ.e. nærbjónustu og ferðatíma, hljóðvist og myrkurgæðum.

Nærþjónusta, ferðatími og sjálfbærni daglegs lífs íbúa

Mikilvægur þáttur í sjálfbærni byggðar er að tengja íbúðarbyggð, verslun og þjónustu og atvinnustarfsemi í þágu sjálfbærni daglegs lífs, lýðheilsu og aukinna lífsgæða. Samkvæmt athugun á korti eru allar íbúðir í Búðardal í 10 mínútna göngufjarlægð (um 1 km) frá matvöruverslun. Hið sama gildir um veitingastaði og grunnskóla. Ferðatími í dreifbýlinu og akstursfjarlægð í þjónustu er hins vegar í flestum tilfellum mun meiri.

Fjölmargir aðrir þættir en göngufjarlægð og göngutengsl hafa áhrif á gönguhæfi byggðar í þéttbýli. Meðal þátta sem koma helst til álita í Dalabyggð eru þættir eins og gæði umhverfis, gróður, vetrarþjónusta og öryggismál. Í skýrslu SSV *Íbúakönnun 2020*⁹⁰ kemur m.a. fram að almennt öryggi og heilsugæsla er meðal þátta sem koma best út í Dalabyggð, en vegakerfið og vöruúrvall kemur hvað verst út.



Mynd 13-1 Stjórnsýsluhúsið við Miðbraut í Búðardal.

Hljóðvist

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Skv. reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og

⁹⁰ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að aðgerðaáætlun sé gerð til að draga úr áhrifum hávaða, þar sem það á við. Reglugerðin kveður einnig á um það að skipulagsáætlunar séu í samræmi við niðurstöður hávaðakortlagningar.

Myrkurgæði

Myrkrið er manninum mikilvægt ekki síður en dagsbirtan. Í myrkrinu felast ákveðin gæði sem ættu að vera sjálfsagður þáttur náttúruverndar og líta ber á náttúrulegt myrkur sem umhverfisþátt sem bæði menn og dýr eigi að geta notið.⁹¹ Aukin umræða á sér stað um ljós mengun víða um heim. Þegar talað er um ljós mengun er átt við óheppileg hliðaráhrif sem gjarnan fylgja manngerðri lýsingu. Þá er lýsing notuð á rangan hátt, hún of mikil eða algerlega óþörf. Ljós mengun myndast þannig þegar birtan dreifist umfram það sem óskað er eftir. Oft er hægt að greina ljós mengunina yfir þéttbýli sem birtuhjúp og eru það einkum eftirfarandi þættir sem eru helstu uppsprettur hennar: Götulýsing, fyrirtæki, stofnanir, hafnir og athafnasvæði, t.d. íþróttavellir og iðnaðarsvæði ásamt heimilum.

Markmið og stefna – Skipulag byggðar og lífsgæði fólks

Markmið

- ◆ Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks með auknum gæðum byggðar og bættum búsetuskilyrðum.
- ◆ Að skipulag byggðar í Dalabyggð stuðli að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum og útfærslu í deiliskipulagi og sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við.
- ◆ Tekið verði tillit til hljóðvistar og myrkurgæða í öllu skipulagi.

⁹¹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2013.

Útfærsla stefnu

Við skipulag byggðar skal taka tillit til hljóðvistar og myrkurgæða þannig að íbúar Dalabyggðar eigi kost á því að búa við heilnæmt umhverfi. Við deiliskipulagsgerð skal, þar sem það á við, huga að ljós mengun og myrkurgæðum og gera hávaðakort sem nýtist við ákvarðanatöku. Við endurbætur á Vesturbraut skal huga sérstaklega að þessum þáttum.

Lýsingu skal nálgast á heildrænan hátt þar sem velferð íbúa er sett í forgrunn. Lýsing skal vera í samhengi við umhverfi sitt og huga skal að næturásýnd sveitarfélagsins. Það á einnig við um ljósaskilti og sambærilega ljósgjafa. Í dreifbýli, einkum á náttúrusvæðum, er mælst til þess að myrkursvæði verði varðveisitt eins og kostur er, um leið og öryggi vegfarenda er tryggt með ákjósanlegri lýsingu. Lýsing fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í þéttbýli skal vera að minnsta kosti jafnmikil eða meiri en á aðliggjandi samsíða vegum.

Helstu stefnubreytingar

Mörkuð er sérstök stefna um gæði byggðar en slík stefna var ekki í fyrra aðalskipulagi.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag og félags- og velferðarmál, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum og stuðlar að bættri lýðheilsu og vellíðan íbúa og gesta. Stefnunni er ætlað að viðhalda myrkurgæðum og ásættanlegri hljóðvist. Stefnan stuðlar að heilnæmu umhverfi og hefur jákvæð áhrif á samfélagið.

13.2 ÚTIVIST, ÍÞRÓTTIR OG OPIN SVÆÐI

Útivist, hreyfing og íþróttaiðkun hefur almennt aukist á Íslandi síðustu árin. Áhuginn tengist m.a. breytingum á viðhorfi og breyttum lífsgildum þar sem meira er horft til heilsu. Í skipulagsgerð er vaxandi meðvitund um áhrif hins byggða umhverfis á andlega og líkamlega heilsu og vellíðan. Koma þar margir

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

þættir til, svo sem aðgengi að vönduðum almenningsrýmum og aðstaða til göngu og hjóleiða í daglegu lífi. Einnig aðgengi að náttúru og grænum svæðum, sem og heilnæmi umhverfis. Í Dalabyggð er aðgengi að náttúrunni almennt gott og því er auðvelt að nýta þau umhverfisgæði sem eru til staðar. Hesthúsasvæði er austan Vesturbrautar. Íþróttasvæði með fótboltavelli er neðan Dalbrautar og Miðbrautar. Leiksvæði er bak við stjórnsýsluhúsið og opið grænt svæði er neðan skólasvæðisins milli Miðbrautar og Ægisbrautar. Skógrækt til útvistar er norðan þéttbýlisins.

Eins og fram kom í kafla 12.1 er fyrirhuguð uppbygging nýrrar sundlaugar og íþróttahúss í Búðardal. Uppbyggingin mun breyta verulega aðstöðu til íþróttaiðkunar í Búðardal og nágrenni. Leiksvæði eru við grunnskólann og leikskólann.



Mynd 13-2 Hestar í Búðardal.

Hestamennska er vinsæl íþróttar- og tómstundagrein í sveitarfélagini líkt og víða annars staðar á Íslandi. Hesthúsasvæði er austan Vesturbrautar og þar eru reiðskemma og skeiðvöllur auk hesthúsa. Út frá hesthúsasvæðinu liggur net reiðleiða um sveitarfélagið.

Hluti af þeim svæðum sem voru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota í fyrra aðalskipulagi falla nú undir landnotkunarflokkinn afþreyingar- og ferðapjónustusvæði (kaflar 11.4 og 17.9).

Markmið og stefna – útvist, íþróttir og opin svæði

Markmið

- ◆ Stuðla að auknum möguleikum til útvistar í Búðardal og nágrenni, svo sem með eflingu gróðurs og skjólmyndun.
- ◆ Uppbygging útvistarsvæða stuðli að heilsueflingu.
- ◆ Efla starfsemi á sviði útvistar og ferðapjónustu.
- ◆ Styrkja stöðu hestaþróta og tengsl hennar við aðra útvist.
- ◆ Aðgengi verði fyrir alla að íþróttar- og útvistarsvæðum í Búðardal.
- ◆ Aðstaða verði bætt á leiksvæðum og þeim fjölganda.
- ◆ Tryggja varðveislu náttúrunnar sem útvistarsvæðis.

Útfærsla stefnu

Gert er ráð fyrir að allt land Fjósa umhverfis þéttbýlið verði ætlað fyrir opin svæði til útvistar. Þannig verður Búðardalur umvafinn útvistarsvæðum í góðum tengslum við íbúðarhverfi og þjónustusvæði. Innan þessa svæðis er gert ráð fyrir neti göngu- og reiðleiða sbr. kafla um göngu og hjólateiðir (kafla 15.1) og kafla um reiðleiðir (kafla 15.2). Áhersla er lögð á að nýta náttúruleg

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

gæði svæðisins við uppbyggingu útvistarsvæða, s.s. nálægð við strönd og á, en einnig sögu- og menningarminjar.

Gert er ráð fyrir eflingu íþróttasvæðisins í miðju þéttbýlisins. Aðal leiksvæðið í Búðardal er á skólalóðum leik- og grunnskólans en einnig er leiksvæði við Stjórnsýsluhúsið. Huga skal að öruggum aðkomuleiðum að íþróttá- og leiksvæðum og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla. Áfram er gert ráð fyrir skógræktarsvæði við norðurjaðar byggðarinnar, beggja vegna Vestfjarðarvegar. Einnig er gert ráð fyrir aukinni skógrækt innan útvistarsvæða en það tryggt að hún skerði ekki verðmætt útsýni eða raski minjum á svæðinu.

Bæta skal og fjölga göngu- og hjólateiðum, þannig að þær hvetji til útvistar en verði jafnframt raunhæfur valkostur sem samgönguleið. Nánar er fjallað um göngu- og reiðleiðir í kafla 15 um samgöngur.

Varðveita skal náttúru þeirra svæða sem henta vel til útvistar. Uppbygging á útvistarsvæðum skal miðast við að skerða ekki gæði þeirra, en huga skal að aðgengi fyrir alla þar sem það er kostur.

Eins og fram kom í kafla 12.1 eru ný sundlaug og íþróttahús fyrirhuguð í Búðardal. Nánari útfærsla er í deiliskipulagi sem samþykkt var í júlí 2021. Einnig er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu hesthúsavæðisins austan Vesturbrautar.

Stefnan um útvist, íþróttir og opin svæði er útfærð nánar með afmörkun fyrir opin svæði (OP) og íþróttasvæði (Íþ) á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum um opin svæði (kafla 17.11) og íþróttasvæði (17.10).

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Þó er gert ráð fyrir að stærri svæði umhverfis þéttbýlið nýtist til útvistar og að þau verði efld. Ekki er lengur gert ráð fyrir hesthúsabyggð vestan Vesturbrautar.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á heilsu og öryggi íbúa og stuðla að heilbrigðu lífneri og vellíðan. Áhrifin á loftslagsmál eru óveruleg, en heilt yfir er stefnan líkleg til að auka tengsl íbúa við náttúru og menningu svæðisins.



Mynd 13-3 Íþróttasvæði í Búðardal. Séð yfir Hvammsfjörð.

INNVIÐIR

14 VEITUR OG FJARSKIPTI

Í þessum kafla er fjallað um fjarskipti og veitur, þ.e. vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafveitu.

14.1 VEITUR

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipti og fráveita. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum veitna, þ.e. flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er fjallað um veitur í kafla um Gæði hins byggða umhverfis. Þar kemur fram að „*við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði*“.

Gera þurfi ráð fyrir landrými, aðstöðu og aðgerðum til að tryggja vatnsból, fráveitu og aðra þætti sem varða heilnæmt umhverfi og skoða möguleika á sjálfbærum eða blágrænum ofanvatnslausnum.

Rafveita

Glerárskógalína 1, sem er 132 kV háspennulína, liggur frá Hrútatungu í Hrútafirði um Laxárdalsheiði að tengivirkni í Glerárskógi. Þaðan og yfir Gilsfjörð að tengivirkni í Geiradal liggur Geiradalslína 1 sem einnig er 132 kV háspennulína. Mannvirkin eru hluti af meginflutningskerfi Landsnets og gegna mikilvægu hlutverki í flutningi raforku milli landshluta. Dreifikerfi Rarik liggur um byggðina í Dalabyggð og hefur hluti raflínanna verið lagður í jörð. Dreifikerfi á vegum Orkubús Vestfjarða er auk þess í botni Gilsfjarðar⁹².

Fyrirhugaðir eru tveir vindorkugarðar í sveitarfélagini og auk þess eru svigrúm fyrir smærri vatnsaflsvirkjanir sbr. umfjöllun um raforku í kafla 6.

Gert er ráð fyrir að vindorkugarðar tengist flutningskerfi Landsnets með jarðstrengjum, í samráði við fyrirtækið. Möguleiki er á að tengja smærri

vatnsaflsvirkjanir inn á almenna dreifikerfið í samráði við eigendur raflínanna.



Mynd 14-1 Háspennumastur í Gilsfirði.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 eru ekki fyrirhugaðar breytingar á flutningskerfi fyrirtækisins innan Dalabyggðar. Í Kerfisáætlun eru skoðaðir möguleikar á að bæta raforkuflutning frá landskerfinu inn á Vestfirði en öll fæðing þangað fer um flutningskerfið sem liggur innan Dalabyggðar. Nýtt yfirbyggt tengivirkni í Hrútatungu bætir verulega afhendingaröryggi í Dalabyggð og til Vestfjarða. Í undirbúningi er efli flutningskerfis Landsnets milli Hvalfjarðar og Hrútatungu sem einnig mun bæta afhendingaröryggið enn frekar. Endurbæturnar opna einnig möguleika á að tengja nýja

⁹² Orkubú Vestfjarða. 2022. Kortasjá

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

orkuvinnslu við meginflutningskerfið, m.a. vindorku. Þessar breytingar eru utan marka sveitarfélagsins. Samband sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) sendi inn umsögn um Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030, þar sem bent er á aðgerðir til að tryggja afhendingaröryggi á Snæfellsnesi. Aðgerðirnar felast m.a. í hringtengingu Snæfellsness með því að tengja Vogaskeið í Helgafellssveit við Glerárskóga með jarðstreng, sæstreng eða loftlínú.

Rarik vinnur að endurnýjun dreifilína í Dalabyggð í samræmi við endurnýjunaráætlun fyrirtækisins, þar sem m.a. er stefnt að því að allt dreifikerfið hafi verið endurnýjað með jarðstrengjum árið 2035 og að öll býli geti tengst þriggja fasa rafmagni árið 2030.⁹³

Auk þess kalla uppbygging vindorkugarða á tengingu þeirra við flutningskerfið til afhendingar raforku.

Algengara er að háspennulínur séu lagðar í jörðu nú en áður til að draga úr sjónrænum áhrifum og auka afhendingaröryggi, en það á aðallega við um dreifikerfi á lægri spennu. Áhrifin fara þó talsvert eftir landslaginu og landfræðilegum aðstæðum hverju sinni. Í sumum tilvikum kunna loftlínur að valda minna raski en jarðstrengir. Jarðstrengir hafa einnig tæknilega annmarka sem tengjast spennubreytingum og því er einungis hægt að leggja takmarkaða vegalengd innan hvers svæðis. Loftlínur þurfa því einnig að koma við sögu, sérstaklega í flutningskerfinu.

Alþingi hefur sett fram stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og viðmið og meginreglur varðandi lagningu raflína.⁹⁴ Þar er mótuð sú stefna að þegar um meginflutningskerfi raforku er að ræða skuli meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur. Í lágspenntari landshlutakerfum raforku skuli meginreglan vera að notast við jarðstrengi, sé slíkt tæknilega raunhæft og kostnaður ekki meiri en tvöfaldur á við loftlínú.

Loftlínur utan þéttbýlis, til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri, eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 111/2021. Lagning loftlína til flutnings raforku með a.m.k. 66 kV spennu er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Það á

einnig við um lagningu strengja í jörð, vatn eða sjó sem eru a.m.k. 10 km og utan þéttbýlis, einnig styttri en 10 km ef þeir eru staðsettir á verndarsvæðum utan þéttbýlis.

Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði háspennulína er skv. ÍST EN 50341-1:2001 og EN 50341-3-12:2001 og ákvarðast af kennistærðum línumnar. Innan helgunarsvæðis háspennulína gildir byggingarbann sem felst í því að á því svæði er óheimilt að reisa mannvirkni og skógrækt er takmörkunum háð en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Allar framkvæmdir eru bannaðar innan öryggissvæðis jarðstrengja.

Stofnkerfi rafmagns með spennustig 132 kV eða meira er auðkennt á skipulagsuppdrætti.

Vatnsveita

Neysluvatn fyrir þéttbýlið kemur úr Svíadal en auk þess er um tugur samveitna í sveitarfélagini. Annars staðar eru einkaveitur. Vatnsverndarsvæði eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Einnig er vísað til umfjöllunar um vatnsvernd í kafla um neysluvatn (kafli 6.3).

Í lögum nr. 93/1995 um matvæli og neysluvatnsreglugerð nr. 536/2001 er fjallað um starfsleyfi vegna vatnsveitu. Ekki er sérstakt eftirlit á sveitabæjum, nema þar sem fram fer matvælastarfsemi, gisting, veitingasala, fiskvinnsla, kúabú eða annað sambærilegt.

⁹³ 283. fundargerð byggðaráðs Dalabyggðar.

⁹⁴ Þingsályktun nr. 11/144; Þingsályktun nr. 26/148.



Mynd 14-2 Vatnsveita í Búðardal.

Hitaveita

Hitaveita Rarik er stærsta veitan í sveitarféluginu og nýtir hún vatn úr Reykjadal sem er leitt í Búðardal. Flest býli á veituleiðinni tengjast veitunni. Auk þess er hitaveita á Laugum í Sælingsdal sem nýtt er til upphitunar alls húsnæðis þar og í sundlaug. Í fyrra aðalskipulagi var gert ráð fyrir frekari rannsóknar um nýtingarmöguleikum í tengslum við jarðhita. Þessi vinna hefur ekki farið fram af miklum þunga og því eru enn ókönnuð tækifæri fyrir hendi. Stofnæð hitaveitu er auðkennd á skipulagsuppdrætti.

Fráveita

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hefur það markmið að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps, en einnig að koma

á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð og tilteknum atvinnurekstri. Frá íbúðarbyggð berast lífræn efni, næringarefni og gerlar. Frá iðnaði geta auk þess borist ýmis önnur efni, s.s. olíuefni, þungmálmar og þrávirk lífræn efni. Í skólpi er einnig að finna rusl, hættuleg efni og lyfjaleifar sem ekki eyðast í sjó. Reglugerð um fráveitur og skólp gerir ráð fyrir hreinsun skólps frá þéttbýlinu með viðurkenndum hreinsibúnaði.

Til fráveitu teljast hreinsivirki og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frárennslis, hreinsun á frárennslig og losun í viðtaka. Frá Búðardal liggja tvær frárennslislagnir út fyrir stórstraumsfjöru. Sjórinn sem er viðtaki skólpsins þynnir og eyðir því að hluta til. Niðurstöður framkvæmdaáætlunar um varnir gegn mengun sjávar sýna einnig að hafið umhverfis Ísland er góður viðtaki og að með hreinsun má halda skólpumengun í lágmarki.

Unnið er að endurbótum á fráveitukerfi í Búðardal þannig að það uppfylli kröfur 9.2 gr. reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Útrásir fráveitunnar hafa verið sameinaðar norðan við höfnina og unnið er að því að reisa skólpþreinsistöð. Viðurkennd hreinsivirki eru við nær flesta bæi og sumarhús í dreifbýlinu. Stofnæð fráveitu er auðkennd á skipulagsuppdrætti.

Markmið og stefna – Veitur

Markmið

- ◆ Tryggja samkeppnishæft afhendingaröryggi raforku í dreifbýli og þéttbýli og að hægt verði að mæta aukinni orkuþörf.
- ◆ Hugað verði að orkuskiptum í samgöngum við skipulagsgerð og aðra ákvarðanatöku.
- ◆ Allir íbúar og fyrtæki hafi ávallt nægan aðgang að heitu vatni og ómenguðu köldu vatni.
- ◆ Fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við þarfir samfélagsins og lög og reglugerðir.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

- ◆ Tryggt verði að veitulagnir spilli ekki verðmætum náttúrusvæðum og að frágangur þeirra verði til fyrirmynðar.

Útfærsla stefnu

Öflugir og traustir innviðir eru ein af forsendum fyrir blómlegu samfélagi og kröftugu atvinnulífi. Mikilvægt er að lokið verði við þrífösun rafmagns í sveitarfélagini.

Gert er ráð fyrir hringtengingu rafmagns á Snæfellsnesi með háspennulínu milli Glerárskóga og Vogaskeiðs í Helgafellssveit. Ekki er tekin afstaða til þess hvort um jarðstreng, sæstreng eða loftlínu er að ræða sbr. ákvæði í kafla 17.21. Einnig er gert ráð fyrir endurnýjun dreifikerfis rafmagns með jarðstrengjum þar sem kostur er.

Í Dalabyggð er áformuð uppbygging tveggja vindorkugarða, þ.e. á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum. Gert er ráð fyrir að lagður verði strengur frá þessum stöðum og að tengivirki að Glerárskóginum í samráði við Landsnet. Orkunni verði þannig dreift í gegnum megin flutningskerfið.

Mikilvægt er að veitulagnir almennt falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Í öllum tilvikum skal gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms. Fyrirvari er gerður um legu veitulagna á uppdrætti vegna skorts á upplýsingum og mælikvarða korts.

Tryggja þarf næga orku til að framfylgja markmiðum aðalskipulagsins um samkeppnishæft afhendingaráryggi raforku í dreifbýli og þéttbýli. Meta skal m.t.t. umhverfisáhrifa hvort leggja skuli raflínur í jörðu eða lofti. Æskilegt er að línur liggi meðfram vegum þar sem land er þegar raskað. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma. Virða skal helgunarsvæði og tryggja gott aðgengi að línum og möstrum til að hægt sé að sinna viðhaldi. Viðhald á raflínum getur falið í sér lítils háttar tilfærslu þeirra eða endurnýjun mastra sem geta verið frábrugðin þeim sem fyrir eru.



Mynd 14-3 Geiradalsslína 1 liggur yfir Gilsfjörð og fæðir Vestfirði.

Innan helgunarsvæðis háspennulína er ekki heimilt að reisa mannvirki og ekki er gert ráð fyrir skipulagðri trjárækt innan þessa svæðis. Öryggissvæði jarðstrengja miðast við skurðbreidd og innan þess eru trjárækt og allar framkvæmdir bannaðar. Meðfram öryggissvæðinu er athafnasvæði og bar gildir byggingarbann. Helgunar- og öryggissvæði raflína eru tilgreind í töflu hér að neðan (Tafla 14.1). Leitast skal við að hækka ekki yfirborð lands sem er undir háspennulínum án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana. Gera skal ráð fyrir rými og aðgengi fyrir búnað vegna dreifingar og afhendingar raforku. Forðast skal þveranir háspennulína og vega.

Leita skal leyfis viðeigandi veitufyrirtækis um framkvæmdir innan helgunarsvæðis.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Tafla 14.1 Helgunarsvæði raflína.

Línustærð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
Jarðstrengur	Öryggissvæði miðast við skurðbreidd, 3,5 m athafnasvæði til beggja hliða	Innan öryggissvæðis er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil. Óheimilt að reisa mannvirki innan athafnasvæðis.
Loftlína 11 kV	10 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína 66 kv	25 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína 132 kV	35-45 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína 220 kV	65-85 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.

Lögð skal áhersla á það að viðhalda eða auka gæði þess neysluvatns sem afhent er í sveitarfélagini. Gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri og viðeigandi viðhaldi og uppbyggingu hitaveitu, eftir því sem þurfa þykir. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðist verði í almenna uppbyggingu á veitum utan þéttbýlis. Kannaðir verði möguleikar á frekari nýtingu jarðhita í sveitarfélagini, svo sem til húshitunar og ræktunar.

Áhersla skal lögð á góðar mengunarvarnir fyrir skólp frá iðnaði og byggð en með því næst viðunandi takmörkun á losun lífræns úrgangs í hafið. Þegar á fyrri hluta skipulagstímabilsins skal allt skólp í fráveitukerfinu fara í gegnum hreinsistöð áður en því er veitt út í sjó.

Mannabústaðir skulu tengdir við fráveitur eða viðurkennd hreinsivirk. Veitumannvirki skulu falla vel að landslagi og valda sem minnstu raski.

Uppfylla skal ákvæði laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti. Í því sambandi er vísað til reglugerðar um fráveit og skólp nr. 798/1999.

Stefnan er útfærð með því að setja stofnleiðir veitulagna inn á skipulagsupprátt og með almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (kafli 17.21).

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Áfram er lögð rík áhersla á uppbyggingu innviða til að auka samkeppnishæfni Dalabyggðar.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á samfélag og atvinnu og einnig er um að ræða stefnu sem stuðlar að orkuskiptum í samgöngum en það hefur jákvæð áhrif á loftslagsmál. Innviðauppbygging og viðhald innviða hefur óhjákvæmilega einhver umhverfisáhrif. Ekki þarf þó að ráðast í viðamiklar endurbætur á innviðum á skipulagstímabilinu. Þær úrbætur sem fjallað er um í skipulaginu munu í mörgum tilfellum hafa jákvæð umhverfisáhrif. Má í því sambandi m.a. nefna úrbætur á fráveitu og lagningu raflínu í jörðu þegar það á við. Lögð er áhersla á endurnýjanlega orkugjafa og vandaðan yfirborðsfrágang á landi. Í heildina hefur stefna um veitur óveruleg áhrif á umhverfið.

Að teknu tilliti til stefnu um fyrirhugaða uppbyggingu vindorkugarða í Dalabyggð, sbr. breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna Hróðhnýjarstaða⁹⁵ og Sólheima⁹⁶, verða áhrifin á náttúru- og landslag neikvæð, m.a. vegna rasks á landi vegna lagningar strengja. Framkvæmdunum fylgir einnig aukin losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs og rasks. Strenglögnin kann einnig að hafa neikvæð áhrif á menningarmínjar en fornleifaskráning hefur ekki farið fram á fyrirhuguðum strengleiðum, áhrifin eru því óviss. Áhrifin á atvinnu eru jákvæð.

⁹⁵ Efla. 2022A.

⁹⁶ Efla. 2022B.



Mynd 14-4 Kambnes, séð út Hvammsfjörð.

14.2 FJARSKIPTI

Góðar fjarskiptatengingar eru mikilvægar fyrir eflingu og samkeppnisstöðu svæðisins og í raun ein af grunnforsendum í uppbyggingu samfélagsins. Gott aðgengi að fjarskiptum er mikilvægt fyrir íbúa en hefur ekki síður mikil áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja.

Samkvæmt vegmælingum Póst- og fjarskiptastofnunar er farsímasamband mjög misjafnt við stofn- og tengivegi í sveitarfélagini. Talsvert skortir þó á að sambandið sé ásættanlegt. Til dæmis er takmarkað samband á Laxárdalsheiði, Vestfjarðavegi frá Miðdöllum að Bröttubrekku og Fellsströnd. Full ástæða er til að greina nánar dreifingu fjarskiptasambands í Dalabyggð.

Í Dalabyggð er fjarskiptafélagið Dalaveitur ehf. sem sér um lagningu og rekstur ljósleiðarakerfis. Framkvæmdir við lagningu ljósleiðara hófust haustið 2017 og nú er dreifbýlið orðið nokkuð vel tengt. Búðardalur er skilgreindur sem samkeppnissvæði og fjarskiptafyrirtæki hafa ekki séð ástæðu til að leggja ljósleiðara þangað.

Í stefnu stjórnvalda um fjarskipti (Þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033) er sett fram sú framtíðarsýn að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi saman byggðir landsins og Ísland við umheiminn með umhverfissjónarmið í huga. Markmið stjórnvalda er að árið 2025 verði 99,9% lögheimila og atvinnuhúsnaðis með aðgengi að ljósleiðara.

Markmið og stefna - Fjarskipti

Markmið

- ♦ Að öll heimili, fyrirtæki og opinberar stofnanir í Dalabyggð geti tengst háhraðaneti og treyst á örugga gagnaflutninga og góð fjarskipti.

Útfærsla stefnu

Stefnt er að því að öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélagini verði tengd háhraðaneti eins fljótt og auðið er. Efla þarf farsímasamband og netsamband í dreifbýli til að styrkja byggð þar og þjóna vaxandi umferð og auknum fjölda ferðamanna. Við uppbyggingu fjarskipta á svæðinu skal miða við að þjónusta verði til jafns við það sem best gerist á landinu.

Við veituframkvæmdir er mikilvægt að skoða möguleika á því að leggja ljósleiðara samhliða þeim. Lágmarka skal umhverfisáhrif ljósleiðara eins og kostur er, m.a. með vönduðum yfirborðsfrágangi á landi.

Við uppsetningu fjarskiptamastra ber að huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og gæta þarf þess að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Uppsetning fjarskiptamastra er háð útgáfu byggingarleyfis sem byggir á

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

deiliskipulagi eða málsméðferð grenndarkynningar. Umsóknir um nýjar staðsetningar farskiptamastra innan þéttbýlisins og á landbúnaðarsvæðum skal leggja fyrir sveitarfélagið og þarf því ekki breytingu á aðalskipulagi. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu fjarskipta en endurvarpsstöðvar eru þó almennt ekki sýndar á aðalskipulagsuppdrætti.

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Áfram er lögð rík áhersla á uppbyggingu fjarskipta til að auka samkeppnishæfni Dalabyggðar.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á samfélag og atvinnu. Innviðauppbygging og viðhald innviða hefur óhjákvæmilega einhver umhverfisáhrif, einkum sjónræn áhrif af framkvæmdum við uppbyggingu farskiptamastra og lagningu ljósleiðara í þéttbýli.

15 SAMGÖNGUR

Í þessum kafla er fjallað um þróun og stefnu um samgöngumál og helstu áhrifabætti, s.s. megingatnakerfi, ný samgöngumannvirki, almenningssamgöngur og vistvæna samgöngumáta.

Samgöngur eru ein af grunnforsendum búsetugæða og undirstaða öflugra atvinnu-, þjónustu- og menntakjarna. Þetta er einnig undirstrikað í stefnumótandi byggðaáætlun þar sem lögð er áhersla á nútímainnviði, þ.m.t. greiðar samgöngur, til eflingar þjónustu og til hagsbóta fyrir atvinnulíf.

Í samgönguáætlun 2020-2034 eru fimm meginmarkmið skilgreind: Öruggar samgöngur, greiðar samgöngur, hagkvæmar samgöngur, umhverfisvænar samgöngur og jákvæð byggðaþróun. Í framtíðarsýn samgönguáætlunar segir: *Ísland er í fremstu röð með trausta innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir Íslands við umheiminn og jafnvægi við umhverfið.*

Vegur um Þröskulda var opnaður 2009, en með honum færðist meginleiðin frá norðanverðum Vestfjörðum og Ströndum úr Hrútafirði og Holtavörðuheiði yfir í Dalabyggð um Gilsfjarðarbrú og Bröttubrekku.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum nr. 80/2007. Nýbygging og breytingar á eldri samgöngumannvirkjum eru í mörgum tilvikum háð umhverfismati sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 m.s.br.




Mynd 15-1 Gilsfjarðarbrú, séð frá Króksfjarðarnesi að Saurbænum.

15.1 GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR

Fólk gengur og hjólar í vaxandi mæli í stað þessa að nota einkabilinn. Einnig hefur notkun rafhjóla og hlaupahjóla aukist síðustu ár. Fjöldi ferðamanna sem ferðast með reiðhjól hefur aukist í Dalabyggð eins og víða annars staðar. Þeir sækja einkum í að nýta hjólastíga utan alfaraleiðar og umferðar.

Fjölbreyttar og vinsælar gönguleiðir eru víða um Dalabyggð og eru mikið notaðar af bæjarbúum og gestum til útvistar. Fjöldi leiða liggar um merkar söguslóðir en einnig um sérstæða náttúruna, m.a. liggja nokkrar gönguleiðir á Hafratind þaðan sem víðsýnt er yfir Breiðafjörð. Unnið hefur verið að merkingum og úrbótum á ýmsum gönguleiðum og bættu aðgengi að ferðamannasvæðum í sveitarfélagini á skipulagstímabilinu.



Markmið og stefna - Göngu- og hjólaleiðir

Markmið

- ◆ Innan Búðardals byggist upp net öruggra göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum en einnig aðdráttarafl fyrir ferðamenn.
- ◆ Ávallt verði hugað að öryggi og aðgengi fyrir alla.
- ◆ Göngu- og hjólaleiðir verði í aðlaðandi og heilsusamlegu umhverfi og hvetji til útvistar og hreyfingar.
- ◆ Göngutenging á milli útvistarsvæða, íbúðarbyggðar, þjónustusvæða og atvinnusvæða verði bætt.
- ◆ Öryggi hjólandi umferðar í dreifbýli verði bætt.

Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir viðhaldi og áframhaldandi uppbyggingu göngu- og hjólaleiða í Dalabyggð. Áhersla er lögð á að mynda net gönguleiða um og í kringum þéttbýlið.

Stígakerfinu er ætlað að vera valkostur við aðra samgöngumáta, einkum í þéttbýlinu, og draga úr bílaumferð. Mikilvægt er að tryggja sem best öryggi vegfarenda á göngu- og hjólaleiðum. Í þéttbýli er lögð sérstök áhersla á öruggar gönguleiðir til og frá skóla og bætt aðgengi að þjónustustofnunum og atvinnusvæðum. Á fjölförnum leiðum skal aðgreina göngu- og hjólaleiðaumferð. Huga skal að öruggri tengingu/skörum þeirra við reiðleiðir og umferðargötur.

Við skipulag nýrrar íbúðarbyggðar sunnan til í þéttbýlinu skal sérstaklega hugað að göngu- og hjólaleiðum að skóla og annarri þjónustu. Mynda skal öruggar, eðlilegar og rökréttar leiðir, sem eru óháðar leiðum akandi umferðar. Ofan byggðar í Búðardal er gert ráð fyrir gönguleið sem er aðskilin

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

frá reiðleiðinni. Í dreifbýli er mikilvægt að tryggja öryggi hjólandi og gangandi í og við þjóðvegi, s.s. með sértækum lausnum á ótryggum stöðum.

Göngu- og hjólastígum er einnig ætlað að stuðla að almennri útvist í Dalabyggð og styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Skapa skal gott aðgengi að útvistarsvæðum og fjölsóttum ferðamannastöðum. Einig felast tækifæri í að kynna og bjóða upp á aðgengi að fornum þjóðleiðum og menningarminjum, s.s. fornum verslunarstöðum við ströndina. Aðgengi má stýra með vel skilgreindu stígakerfi og þannig lágmarka áhrif á álagssvæði og viðkvæma staði, t.d. fjölsóttu ferðamannastaði. Tryggja skal næg bílastæði og gott aðgengi að slíkum svæðum. Halda skal áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við landeigendur.

Framkvæmdir við göngu- og hjólateiðir skulu taka mið af aðstæðum á hverjum stað. Á fáförnum leiðum í dreifbýli skal miða við lágmarksframkvæmdir og huga að samnýtingu með reiðleiðum.

Huga skal að lýsingu, skjólmyndun og útigögnum (t.d. bekkjum og sorpílátum) á gönguleiðum innanbæjar. Sérstök áhersla er á vandaðan stíg milli Silfurtúns og miðsvæðis með góðu aðgengi og dvalarsvæðum. Hönnun stíga skal miðast við að þeir nýtist öllum bæjarbúum þar sem því verður við komið.

Á skipulagsuppdrætti eru einungis sýndar helstu göngu- og hjólateiðir í þéttbýli og dreifbýli.

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Áfram er lögð rík áhersla á uppbyggingu göngu- og hjólateiða í Dalabyggð. Þó er aukin áhersla á styrkingu leiða innan þéttbýlisins sem nýst geti sem raunhæfur valkostur við aðra samgöngumáta.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á heilsu og öryggi íbúa og stuðla að heilbrigðu lífneri og vellíðan. Uppbygging og viðhald göngu- og hjólateiða getur haft neikvæð áhrif á náttúru og menningarminjar sem og losun gróðurhúsalofttegunda (í það minnsta tímabundið) en áhrifin eru háð

útfærslu á hverjum stað. Á móti stuðlar uppbygging göngu- og hjólastíga að sjálfbærum samgöngum og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Heilt yfir er stefnan þó líkleg til að auka tengsl íbúa við náttúru og menningu svæðisins. *Stefnan er útfærð með því að sýna meginleiðir á skipulagsuppdrætti og á mynd (15.2).*



Mynd 15-3 Hestar í Dalabyggð.

15.2 REIÐLEIÐIR

Hestamenna er vinsæl íþróttar- og tómstundagrein í sveitarfélagini líkt og víða annars staðar á Íslandi. Hesthúsasvæði er austan Vesturbrautar þar sem byggð hefur verið upp öflug aðstaða á skipulagstímanum. Umfangsmikið net reiðstíga liggur um sveitarfélagið og tengist hesthúsahverfinu sunnan byggðar í Búðardal. Reiðleið liggur einnig austan byggðar í Búðardal.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Margar áhugaverðar reiðleiðir eru í sveitarfélagini, s.s. þjóðleiðin fram Sælingsdal yfir í Hvammsdal í Saurbæ og út Fellsströnd undir Skoravíkurmúla.

Ástand reiðstíga er mismunandi. Í sumum tilvikum eru stígarnir aðeins færir hluta úr ári og sums staðar þarf að hafa samráð við landeigendur um notkun þeirra.

Markmið og stefna - Reiðleiðir

Markmið

- ◆ Byggt verði gott net reiðleiða til samgangna og útvistar sem tengir saman hesthúsabyggð, byggð og heiðarlönd.
- ◆ Þess verði gætt að lagning reiðleiða og umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúrumínjum.
- ◆ Öryggi á reiðleiðum verði bætt.

Útfærsla stefnu

Góðar reiðleiðir eru mikilvægar fyrir þá sem stunda hestamennsku sem og fyrir aðra vegfarendur m.t.t. öryggis. Reiðleiðir eru einnig mikilvægar fyrir viðgang og vöxt ferðaþjónustu í Dalabyggð.

Reiðleiðir skulu liggja þannig að sem minnst skörun verði við aðra umferð. Liggi reiðleiðir samsíða þjóðvegi skal þess gætt að þær séu ekki of nálægt vegum en sveigi frá þeim þar sem færi gefst. Jafnframt skal forðast þveranir yfir fjölfarna þjóðvegi og bæjargötur. Nýta má aflagða vegin og gamlar þjóðleiðir sem reiðleiðir þar sem það er mögulegt og skarast ekki við önnur not. Huga skal að samnýtingu reiðleiða og gönguleiða á fáfarnari svæðum. Uppbygging reiðleiða skal ávallt vera í samráði við viðkomandi landeigendur.

Stefnt skal að því að bæta og fjölgja áningarstöðum á reiðleiðum. Áningarstaði skal staðsetja þar sem umhverfið, náttúra og samfélag þolir vel álag og hlífa skal sérstaklega viðkvæmum gróðri. Það á einnig við um

uppbryggingu reiðleiða sem skulu miðast við aðstæður á hverjum stað, s.s. staðhætti og umferð. Á fáförnum leiðum skal miða við lágmarksframkvæmdir.


Stefnan er útfærð með því að sýna meginleiðir á skipulagsupprætti og á mynd (Mynd 15-4) en áningarstaðir eru ekki sýndir.

Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á heilsu og öryggi íbúa og stuðla að heilbrigðu lífnerni og vellíðan. Hún getur einnig stutt við atvinnuuppbryggingu í sveitarfélagini, s.s. afþreyingar- og ferðaþjónustu. Uppbygging og viðhald reiðleiða getur haft neikvæð áhrif á náttúru- og menningarminjar sem og losun gróðurhúsalofttegunda en áhrifin eru háð útfærslu á hverjum stað. Á móti getur það haft jákvæð áhrif á þessa þætti að afmarka skýrar reiðleiðir. Heilt yfir er stefnan þó líkleg til að auka tengsl íbúa við náttúru og menningu svæðisins.



⁹⁷ Vegagerðin. Veghönnunarreglur.

15.3 VEGIR OG GATNAKERFI

Götur í þéttbýli flokkast í stofnbrautir, tengibrautir og aðrar götur. Einungis stofn- og tengibrautir eru staðfestar í aðalskipulagi en aðrar götur eru hafðar til skýringar og koma fram á þemakortum.

Þjóðvegir flokkast í stofnvegi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi og er Vegagerðin veghaldari þeirra. Helstu vegir í umsjá Vegagerðarinnar eru merktir með vagnúmeri á skipulagsuppdrætti. Sveitarfélagsvegir eru vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru í umsjá sveitarfélaga, svo sem í þéttbýli. Einkavegir eru aðrir vegir og eru í eigu einstaklinga, fyrtækja eða opinberra aðila. Flokka skal sveitarfélagsvegi og einkavegi eftir ástandi vega skv. reglugerð 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Veghelgunarsvæði er tilgreint í vegalögum nr. 80/2007 en framkvæmdir innan þess svæðis eru háðar leyfi veghaldara (Tafla 15.1). Skógrækt er ekki heimil innan veghelgunarsvæðisins og þar sem líkur eru á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Umferðaráryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegamóta/tenginga. Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar⁹⁷ kveða á um lágmarksfjarlægð á milli vegamóta/tenginga.

Tafla 15.1 Veghelgunarsvæði skv. vegalögum nr. 80/2007.

Vegflokkun	Helgunarsvæði frá miðlinu til hvorrar handar
Stofnvegur	30 m
Tengivegur	15 m
Gatnamót	Beinar línur milli punkta á miðlinu vega 40 m frá skurðpunktí.

Vestfjarðavegur nr. 60 er stofnvegur með bundið slitlag og liggur um Bröttubrekku, Búðardal, Svíndal og Gilsfjörð. Snæfellsnesvegur nr. 54 liggur frá Vestfjarðarvegi við Stóraskóg, um Skógarströnd að Helgafellssveit. Laxárdalsvegur nr. 59 liggur frá Vestfjarðavegi um Laxárdal og Laxárdalsheiði yfir í Hrútafjörð og tengist þar Norðurlandi um þjóðveg 1. Einnig liggur Haukadalsvegur nr. 586 frá Vestfjarðavegi inn Haukadal. Á þessum vegum er

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

bundið slitlag á stuttum köflum. Tengivegir, landsvegir og héraðsvegir ásamt stofnvegum eru tilgreindir í töflu 15.2. Þeir eru að hluta til með bundnu slitlagi og í misgóðu ástandi. Í töflunni má sjá að umferð um þjóðvegi 54 og 60 hefur aukist umtalsvert síðustu 20 ár.


Í október 2009 var opnaður nýr vegur um Þróskulda sem tengir saman Strandabyggð, Reykhólahrepp og Dalabyggð. Umferð um þjóðveg 60 norðan Búðardals jókst um riflega 30% á milli áranna 2007 og 2012, þ.e. með tilkomu Þróskulda. Aukningin var mest í vetrarumferðinni eða um 35%.

Gera má ráð fyrir að íbúafjölgun, aukinn fjöldi ferðamanna almennt á Íslandi og bættar vegasamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum um þjóðveg 60, þ.m.t. um Dynjandisheiði, muni leiða til aukinnar umferðar um Dalabyggð og þéttbýlið í Búðardal.

Í þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 er gert ráð fyrir endurbótum á Snæfellsnesvegi (nr. 54) um Skógarströnd. Stærsti hluti kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en á tímabilinu 2030-2034 skv. áætluninni. Brattabrekka er fjallvegur sem tengir Dalabyggð við þjóðveg 1 í Norðurárdal. Vegurinn liggur hæst í riflega 400 m hæð og því er hann stundum ófær að vetri til. Samgönguáætlun 2020-2034 gerir ekki ráð fyrir jarðgöngum um Bröttubrekku.

Talsverður umferðarhraði er á þjóðvegi 60 í gegnum Búðardal, þrátt fyrir að Vegagerðin hafi gert ráðstafanir til að draga úr hraðanum. Margar einbreiðar brýr eru á vegum í sveitarfélagini, m.a. á þjóðvegi 60.

Í könnun um búsetuskilyrði frá árinu 2020 (*Íbúakönnun 2020: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Samantekt á niðurstöðum*)⁹⁸ var vegakerfið sá þáttur sem kom verst út og krefst mestra úrbóta að mati Dalamanna. Í greiningu í stefnumótunarvinnu Dalabyggðar, *Stefna Dalabyggðar 2019 – 2022*, var vegakerfið metið sem ein af helstu ógnunum og í stefnunni er lögð áhersla á að bæta það.



Mynd 15-5 Vegflokkun í dreifbýli Dalabyggðar.

⁹⁸ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). 2021.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Tafla 15.2 Umferðartölur í Dalabyggð ásamt vegflokkun (Vegargerðin, Umferðartölur 2001, 2010 og 2019).

Númer - vegkafli	Lýsing	Vegflokkur	ÁDU			SDU			VDU		
			2001	2010	2019	2001	2010	2019	2001	2010	2019
60 – 02 Brattabrekka Vestfjarðavegur	Um Bröttubrekku, Búðardal, Svínadal og Gilsfjörð. Bundið slitlag.	Stofnvegur	209	492	590	389	799	950	78	274	315
60 – 08 Svínadalur Vestfjarðavegur	Um Bröttubrekku, Búðardal, Svínadal og Gilsfjörð. Bundið slitlag.	Stofnvegur	236	397	550	450	683	940	100	198	250
54 – 22 Snæfellsnesvegur	Frá Vestfjarðavegi við Stóraseyð, um Skógarströnd í Helgafelssveit. Bundið slitlag á stuttum köflum.	Stofnvegur	69	122	265	110	236	495	35	47	73
590 – 04 Klofningsvegur Klofningsvegur	Bundið slitlag á stuttum köflum.	Tengivegur	40	23	21	57	35	36	26	17	14
59 – 02 Laxárdalsvegur	Bundið slitlag að hluta.	Tengivegur	59	69	160	103	141	300	25	22	51
55 - 02 Heydalsvegur		Tengivegur	44	45	59	65	62	91	33	31	36
586 – 01 Haukadalsvatn Haukadalsvegur	Bundið slitlag á stuttum köflum.	Tengivegur	26	56	110	49	101	170	6	24	60
582 – 01 Hálsbæjavegur		Tengivegur	12	21	17	19	32	27	4	16	10
690 – 00 Steinadalsvegur		Tengivegur	5	15	10	11	26	20	1	7	2
F586 – 02 Haukadalsskarðs-vegur		Landsvegur	2	3	2	5	8	8	0	0	0
690 – 01 Steinadalsvegur		Landsvegur	13	2	3	22	4	7	8	0	1

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Til að varpa ljósi á hvaða áherslur koma til árita um vegi í aðalskipulaginu eru í umhverfismati greindir valkostir, annars vegar vegur eða jarðgöng um Bröttubrekku og hins vegar um vöxt þéttbýlis og vöxt þjóðvegar í og við Búðardal. Greiningin er gerð með það fyrir augum að valkostirnir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar. Hvað varðar greiningu á valkostum um vöxt þéttbýlis og útfærslu þjóðvegar er vísað til umfjöllunar um þéttbýlið, kafla 10.1.

Valkostir um veg um Bröttubrekku varða úrbætur í samgöngum, vegabætur á veginum um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals. Greindir voru eftirfarandi valkostir.

- **Núll-kostur.** Að ekki verði af frekari uppbyggingu vega eða samgöngubótum um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals.
- **Jarðgöng.** Að byggð verði jarðgöng sem liður í vegabótum um Bröttubrekku, þ.e. milli Miðdala og Norðurárdals.
- **Uppbygging í núverandi vegstæði.** Að gerðar verði úrbætur á veginum um Bröttubrekku í núverandi vegstæði.

Niðurstaða valkostagreiningarinnar um veg um Bröttubrekku er að náll-kostur hefur í heildina óveruleg eða neikvæð áhrif á umhverfisþætti til langs og skamms tíma litið, en nýlega hafa verið gerðar úrbætur á veginum. Ef ekki kemur til uppbyggingar vega um Bröttubrekku er hætt við að viðnámsþol samfélagsins og samkeppnishæfni gagnvart öðrum svæðum versni. Náll-kosturinn greiðir heldur ekki götu almenningssamgangna um Bröttubrekku og er ekki líklegur til að styðja við atvinnulíf á svæðinu eða efla ferðaþjónustu til lengri tíma litið. Í heildina mætti því ætla að það sé þörf á að fara í framkvæmdina miðað við þá umhverfisþætti sem voru skoðaðir og þau viðmið sem lögð voru til grundvallar matinu.

Valkostur um uppbyggingu vegar í núverandi vegstæði hefur margs konar jákvæð áhrif í för með sér, svo sem að styrkja samfélagið og auka viðnámsþrótt þess, greiða götu almenningssamgangna og styrkja stöðu atvinnulífs á svæðinu. Valkosturinn er talinn hafa óveruleg áhrif á losun

gróðurhúsalofttegunda, en hefur mögulega áhrif á gróður til skemmri tíma og breytir ásýnd lands vegna aukinna skeringa. Einnig sparast losun vegna snjómoksturs. Áhrif á atvinnulíf og þar með talda ferðaþjónustu eru talin jákvæð, auk þess að stækka vinnu- og þjónustusóknarsvæði Dalabyggðar og auka umferðaröryggi vegarins. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ólíklegt að valkosturinn hafi áhrif á fornleifar og hið sama gildir um útvist.

Valkostur um jarðgöng um Bröttubrekku hefur heilt yfir jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar. Stefna um jarðgöng er líkleg til að styrkja viðnámsþol samfélagsins og samkeppnishæfni gagnvart öðrum svæðum og stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á loftslagsmál, m.a. með styttingu leiða. Jarðgöng um Bröttubrekku eru einnig líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á félags- og velferðarmál og öryggi, svo sem hvað varðar stækkun vinnu- og þjónustusóknarsvæðis, aðgengi að grunnþjónustu sem sótt er úr héraði og umferðaröryggi. Auk þess myndu jarðgöng bæta samkeppnishæfni annarra svæða, s.s. Vestfjarða. Óvissa er um áhrif á fornleifar þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram og möguleg gangnaleið liggur ekki fyrir. Áhrif á útvist eru talin óveruleg.

Markmið og stefna – Vegir og gatnakerfi

Markmið

- ◆ Að tryggja áreiðanlegar, greiðar, hagkvæmar og umhverfisvænar samgöngur í sveitarfélagini sem stuðla að jákvæðri þróun byggðar í Dalabyggð.
- ◆ Að auka umferðaröryggi á vegum og gangandi vegfarenda.

Útfærsla stefnu

Greiðar samgöngur innan sveitarfélagsins og við nágrenna byggðarlögin eru forsendar öflugs atvinnulífs og góðra búsetumöguleika. Halda þarf áfram endurbótum til að stytta vegalengdir og bæta ástand vega innan sveitarfélagsins s.s. með bundnu slitlagi á vegum í byggð og fækku einbreiðra brúa. Góðir vegir eru forsenda fyrir eflingu ferðaþjónustu.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Við skipulag og uppbyggingu samgöngumannvirkja skal taka tillit til landslags, lífríkis og annars umhverfis. Gæta skal þess að aðgengi íbúa að náttúru verði ekki rofið þar sem aðrir valkostir eru mögulegir. Hugað skal að áhrifum á íbúa við leiðarval svo sem m.t.t. hljóðvistar í byggð og öryggi íbúa í nágrenni vega.

Skipulag í þéttbýli skal miða að því að stytta ökuleiðir, m.a. með því að tengja saman þjónustu, atvinnusvæði og íbúðarsvæði á skilvirkjan og öruggan hátt. Gatnakerfi innan nýrra hverfa skulu miðast við hagkvæmni og þarfir íbúa. Miða ber frágang gatna við aðgengi fyrir alla sbr. markmið í kafla 12 um samfélagsþjónustu.

Áhersla er lögð á að auka öryggi og draga úr umferðarhraða um Vesturbraut til að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð í gegnum Búðardal og gera má ráð fyrir að umferðin aukist enn frekar. Lagt er til að hægt verði á umferð með hringtorgum og/eða öðrum hraðalækkandi aðgerðum. Annars vegar er gert ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Vesturbrautar, Sunnubrautar og Iðjubrautar. Það hringtorg mun fæða umferð inn í íbúðarbyggð og iðnaðar- og athafnasvæði í norðurhluta þéttbýlisins. Hins vegar er gert ráð fyrir hringtorgi í syðri hluta þéttbýlisins sem fæðir umferð inn á ný íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði austan Vesturbrautar. Á milli þessara hringtorga er gert ráð fyrir að umhverfi Vesturbrautar verði gert vistlegra með áherslu á öryggi gangandi vegfarenda. Gatnamót Vesturbrautar og Miðbrautar skulu hönnuð í samræmi við áherslu um uppbyggingu miðbæjar, sjá kafla 10.5 um miðsvæði.

Ekki er þörf á breytingum á núverandi gatnakerfi vegna stækunar íbúðarsvæða sunnan til í þéttbýlinu. Gert er ráð fyrir að megininnkoma á þau svæði verði um nýtt hringtorg á Vesturbraut, þannig að umferðaraukning í eldri hverfum verður hverfandi.



Mynd 15-6 Götur í Búðardal.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Til að bæta búsetuskilyrði og möguleika til atvinnuuppbryggings í Dalabyggð er nauðsynlegt að ráðast í talsverðar endurbætur á vegakerfinu. Í aðalskipulaginu er því gert ráð fyrir að vegurinn um Bröttubrekku verði endurbættur, sérstaklega með jarðgöng í huga. Lega breytinga er ekki ákveðin og eru þær því ekki sýndar á sveitarfélagsupprætti. Bæði uppbrygging í núverandi vegstæði og jarðgöng eru háð umhverfismati skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Gert er ráð fyrir að ákvörðum um leiðarval verði tekin í breytingu á aðalskipulaginu samhliða umhverfismati framkvæmdarinnar.

Lögð er sérstök áhersla á endurbætur á þjóðvegi 54 Snæfellsnesvegi um Skógarströnd og að ljúka við endurbætur á þjóðvegi 59 Laxárdalsvegi um Laxárdalsheiði. Þessar leiðir mynda mikilvæga tengingu við nágrannabyggðir auk þess sem þær eru mikilvægar fyrir styrkingu byggðar innan sveitarinnar. Það á einnig við um veginn fyrir Strandir þ.e. þjóðveg 590 Klofningsveg, sem gegnir mikilvægu hlutverki sem innansveitarvegur. Að auki gegna bessir vegir lykilhlutverki í að bæta búsetuskilyrði og almenna atvinnuuppbryggingu á svæðinu, s.s. í uppbryggingu ferðaþjónustu sbr. kafla 11.4 um afþreyingar- og ferðaþjónustu.

Í Dalabyggð er áformuð uppbrygging tveggja vindorkugarða, þ.e. á Hróðnýjarstöðum og Sólheimum. Gert er ráð fyrir að lagðir verði vegir um fyrirhugað framkvæmdasvæði í tengslum við uppbryggingsuna og rekstur vindorkugarðanna. Stefnan er útfærð með því að sýna stofnbrautir og tengibrautir á skipulagsupprætti og safngötur og húsagötur eru sýndar sem aðrar götur. Flokkun gatna er sýnd á myndum (15.5 og 15.6). Vegir í náttúru Íslands eru sýndir á þemaupprætti í viðauka. Í almennum skilmálum fyrir mismunandi landnotkunarflokku eru einnig settar fram frekari kvaðir fyrir vegi, götur og stíga.

Helstu stefnubreytingar

Eins og í fyrra aðalskipulagi er rík áhersla á endurbætur á samgöngum í Dalabyggð. Meginbreytingin felst í að gert er ráð fyrir aðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð um Búðardal. Einig eru skoðaðir möguleikar á endurbótum á leiðinni um Bröttubrekku.



Mynd 15-7 Vestfjarðavegur liggur um Svínadal. Séð að Bessatungu og Bessatunguhyrnu.

Umhverfisáhrif stefnu

Uppbygging og viðhald vegakerfisins hefur óhjákvæmilega einhver umhverfisáhrif en áhrifin eru háð útfærslu á hverjum stað. Mestu líklegu áhrifin eru af breytingum á vegi um Bröttubrekku. Þær úrbætur sem fjallað er um í skipulaginu munu í flestum tilfellum hafa jákvæð áhrif á samfélag, atvinnu og þjónustu og auka öryggi íbúa og gesta. Stefnan getur heilt yfir haft neikvæð áhrif á náttúru sem og losun gróðurhúsalofttegunda en það er háð umfangi og útfærslu nýrra framkvæmda. Áhrif á menningarminjar eru óljós, þar sem skráning fornleifa hefur ekki farið fram.

Að teknu tilliti til stefnu um fyrirhugaða uppbryggingu vindorkugarða í Dalabyggð, sbr. breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna Hróðnýjarstaða og Sólheima, verða áhrifin á náttúru og landslag neikvæð, m.a. vegna rasks á landi vegna vegagerðar. Framkvæmdunum fylgir einnig aukin losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs og rasks. Vegagerðin kann einnig að hafa neikvæð áhrif á menningarminjar en fornleifaskráning hefur

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

ekki að öllu leyti farið fram á fyrirhuguðum vegstæðum, áhrifin eru því óviss. Reiknað er með að efni sem fellur til innan framkvæmdasvæðisins verði m.a. nýtt til vegagerðar og það sem upp á vantar verði tekið úr núverandi nánum í nágrenninu. Því er ekki líklegt að áhrifin af efnisvinnslu verði neikvæð, umfram það sem ræðst af raski innan framkvæmdasvæðisins. Áhrifin á atvinnu eru metin jákvæð og að einhverju marki eru áhrifin á samfélag jákvæð.

15.4 VEGIR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Í samræmi við ákvæði reglugerðar um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018, sem sett er skv. lögum um náttúruvernd, er gerð grein fyrir vegum og slóðum í Dalabyggð utan þjóðvegakerfisins.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skulu sveitarfélög flokka vegina á eftirfarandi hátt:

- F0 Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi.
- F1 Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi.
- F2 Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum.
- F3 Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum.

Vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun.

Flokkun ofangreindra vega í Dalabyggð er að finna í viðauka skipulagsins.

15.5 FLUGVELLIR

Flugvöllur er á Kambsnesi en hann flokkast sem skráður lendingarstaður skv. skilgreiningu Isavia.⁹⁹ Flugvöllurinn hefur ekki verið notaður í farþegaflug og hann er ekki með slitlagi og þar eru engar þjónustubyggingar.

Markmið og stefna - Flugvellir

Markmið

- ◆ Að flugvöllurinn geti nýst til sjúkraflugs og sem lendingarstaður fyrir minni vélar.
- ◆ Að flugvöllurinn geti nýst fyrir ferðaþjónustu.

Útfærsla stefnu

Gert er ráð fyrir að lendingarstaðnum verði haldið við þannig að hann geti þjónað sjúkraflugi og minni vélum, t.d. í tengslum við ferðaþjónustu.

Stefnan um flugvelli er útfærð nánar með afmörkun fyrir flugvelli (FV) á skipulagsuppdrætti, almennum ákvæðum og sértækum ákvæðum (kafli 17.19).

Helstu stefnubreytingar

Stefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

Umhverfisáhrif stefnu

Viðhald flugvallarins getur haft jákvæð áhrif á samfélag, atvinnu og þjónustu, s.s. fyrir ferðaþjónustu og til að auka öryggi íbúa og gesta. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar sem og losun gróðurhúsalofttegunda þar sem um óbreytta landnotkun er að ræða og takmarkaða nýtingu. Áhrifin gætu orðið neikvæð ef til frekari uppbyggingar kemur eða notkun eykst verulega.

15.6 ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Leiðir innan sveitarfélagsins eru langar en þær liggja þó flestar einnig til nágrannabyggðarlaga. Með aukinni samvinnu milli sveitarfélaga og jafnvel sameiningu eykst þörfir á öflugum samgöngum og fleiri samgöngumátum. Það getur átt við um þjónustu- og atvinnusókn og ekki síst skólasókn.

⁹⁹ Isavia. 2021. Flugmálahandbók Íslands. Sótt 26. febrúar 2021 af <https://www.isavia.is/>

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Í könnun um búsetuskilyrði frá árinu 2020 (*Íbúakönnun 2020: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Samantekt á niðurstöðum*)¹⁰⁰ komu almenningssamgöngur verst út í Dalabyggð miðað við önnur svæði á Vesturlandi.

Dalabyggð og þá einkum Búðardalur liggur miðsvæðis gagnvart Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og í því geta falist tækifæri til uppbyggingar almenningssamgangna.

Markmið og stefna - Almenningssamgöngur

Markmið

- ◆ Almenningssamgöngur verði innan sveitar og til nágrannabyggða.
- ◆ Almenningssamgöngur mæti þörfum samfélags og ferðamanna.

Útfærsla stefnu

Lögð er áhersla á að almenningssamgöngur til nágrannabyggða verði efldar, einkum í samhengi við sameiningu sveitarfélaga. Á skipulagstímanum verði einnig skoðaðir möguleikar á að efla almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins með þarfir íbúa í huga til að auka möguleika allra til þátttöku í mennta- og atvinnulífi sem og félagslífi. Einnig skal hugað að möguleikum fyrir ferðapjónustu til að nýta almenningssamgöngur. Slíkar samgöngur þarf að sérsniða að þörfum og aðstæðum hverju sinni og jafnvel þarf að leita óhefðbundinna lausna.

Helstu stefnubreytingar

EKKI var fjallað um almenningssamgöngur í fyrra aðalskipulagi.

Umhverfisáhrif stefnu

Efling almenningssamgangna getur haft verulega jákvæð áhrif á samfélag, atvinnu og þjónustu, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir nærbjónustu og eykur möguleika til að sækja skóla og atvinnu í sveitarféluginu. Stefnan dregur úr þörf á notkun einkabíla og þar með losun gróðurhúsalofttegunda. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar en getur aukið aðgengi að þeim.



Mynd 15-8 Séð inn Hvolsdal í átt að Brekkudal og Svínadal.

¹⁰⁰ Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). 2021.

SKIPULAGSÁKVÆÐI

16 ALMENN ATRIÐI

Í þessum hluta greinargerðarinnar er fjallað um skipulagsákvæði aðalskipulags Dalabyggðar.

Tilgreindir eru almennir skilmálar fyrir hvern landnotkunarflokk og sértæk ákvæði fyrir hvern reit. Skipulagsuppdráttur sýnir þessa skiptingu með lituðum reitum og auðkenni fyrir hvern reit. Séu reitir ekki merktir sérstaklega, eins og óbyggð svæði, veghelgunarsvæði og sum opin svæði, gilda um þá almennir skilmálar viðkomandi landnotkunarfloks. Afmörkun landnotkunarreita fylgir ekki endilega lóða- og eignamörkum, heldur miðast við miðlinu aðliggjandi gatna og jaðar veghelgunarsvæða stofnbrauta. Flatarmál reita er því brúttóstærð sem felur í sér gatnakerfið.

17 LANDNOTKUN

17.1 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnaði og nærbjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð

Almenn ákvæði

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnaði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir annarri starfsemi sem þjónar íbúðarhverfunum og veldur ekki óþægindum vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða dregur að sér óeðlilega mikla umferð.

Á íbúðarsvæðum er svigrúm fyrir heimagistingu (flokkur I, 3. gr. í reglugerð nr. 1277/2016) og íbúðir til útleigu tengdar ferðapjónustu. Heimild er fyrir minni gistiheimili með allt að 5 herbergjum (flokkur II, 3. gr. í reglugerð). Til staðar þarf að vera eitt bílastæði á hvert herbergi. Starfsemin má ekki valda íbúum óþægindum, s.s. vegna hávaða, lyktar og lýsingar. Sjá nánar í reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Áhersla er lögð á mótu bæjarrýmis og gott yfirbragð hverfa og bygginga.

Hugað skal að nálægð við útvistarsvæði við uppyggingu, öruggum göngu- og hjólateiðum sem og aðgengi fyrir alla.

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

ÍB-1 Laugar í Sælingsdal (3 ha)
4 íbúðir í dag

Skipulagsákvæði

Svigrúm fyrir allt að 5 íbúðarlóðir.

Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV6 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
ÍB-2	Sunnubraut og Búðarbraut (4,9 ha) 30 íbúðir í dag	Svigrúm fyrir allt að 8 nýjar íbúðarlóðir innan reitsins fyrir allt að 16 íbúðir. Einnig er heimilt að bæta við einni íbúð á þegar byggðum lóðum þar sem landrými er, enda skerði það ekki gæði aðliggjandi lóða. Yfirbragð nýrrar íbúðarbyggðar við Búðarbraut skal taka mið af nálægð við Vínlandssetur. Úlitit húsa skal miðast við hefðir og arkitektúr 19. aldar. Heimilt er að flytja á svæðið gömul hús og endurreisa horfin hús sem líkleg eru til að falla að yfirbragði Vínlandsseturs eða eru sögulega mikilvæg.
ÍB-3	Gunnarsbraut og Dalbraut (1,1 ha) 9 íbúðir í dag	Við deiliskipulag íbúðarbyggðar við Búðarbraut skal gera úttekt á byggingarhæfi lóða og taka mið af henni við útfærslu.
ÍB-4	Borgarbraut (1,3 ha) 5 íbúðir í dag	Heimilt er að bæta við einni íbúð á þegar byggðum lóðum þar sem landrými er, enda skerði það ekki gæði aðliggjandi lóða. Uppbygging falli að þeirri byggð sem fyrir er.
ÍB-5	Ægisbraut og Stekkjarhvammur (2,9 ha) 20 íbúðir í dag	Svigrúm fyrir allt að 3 nýjar íbúðarlóðir innan reitsins fyrir allt að 6 íbúðir. Einnig er heimilt að bæta við einni íbúð á þegar byggðum lóðum þar sem landrými er, enda skerði það ekki gæði aðliggjandi lóða. Uppbygging falli að þeirri byggð sem fyrir er.
ÍB-6	Lækjarhvammur, Bakkahvammur, Brekkuhvammur og Ægishvammur (9,4 ha) 37 íbúðir í dag auk 21 íbúð til úthlutunar skv. deiliskipulagi	Svigrúm fyrir allt að 30 nýjar íbúðarlóðir innan reitsins fyrir allt að 60 íbúðir, auk þegar byggðra lóða og lóða skv. deiliskipulagi frá 2019. Einnig er heimilt að bæta við einni íbúð á þegar byggðum lóðum þar sem landrými er, enda skerði það ekki gæði aðliggjandi lóða. Lögð er áhersla á heildstæðan, samfelldan hverfisbrag og tryggja skal góð tengsl við miðsvæði og opin svæði.
ÍB-7	Suðursvæði (15,8 ha) Engar íbúðir í dag	Blönduð íbúðarbyggð með allt að 120 íbúðum. Lögð er áhersla á heildstæðan, samfelldan hverfisbrag og tryggja skal góð tengsl við miðsvæði og opin svæði.

17.2 MIÐSVÆÐI (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bærjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistiþús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Skipulagsákvæði fyrir miðsvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
M-1	Miðsvæði við Miðbraut, Gunnarsbraut og Vesturbraut (6,9 ha) Á svæðinu er stjórnsýsluhús Dalabyggðar, heilsugæslustöð, Leifsbúð og önnur þjónusta. Austan Vesturbrautar eru verslanir, bensínstöð og önnur þjónusta	Áhersla á eflingu byggðar, með aðaláherslu á Miðbraut sem miðsvæði Búðardals um ás frá höfninni að svæðinu austan Vesturbrautar. Áhersla á bætta nýtingu svæðisins, s.s. fjölgun húsa á lóðum eða vannýttum svæðum. Svigrúm til uppbyggingar fjölbreyttrar verslunar- og þjónustustarfsemi, svo sem verslun, veitingahús, ferðapjónusta, söfn, menningarstofnanir, félagsheimili, stjórnsýsla, skrifstofur, aðstaða viðbragðsaðila og heilbrigðispjónusta, auk íbúða. Einnig svigrúm fyrir hreinlega atvinnustarfsemi, svo sem matvælaframleiðslu, nýsköpun og verkstæði sem styrkt geta uppbyggingu líflegs miðbæjar og falla vel að yfirbragði hans. Við uppbyggingu skal miða við manneskjulegan kvarða og aðlaðandi umhverfi. Svigrúm til hraðalækkandi aðgerða á Vesturbraut og bætrar hljóðvistar. Við uppbyggingu skal ávallt hugað að gönguhæfi byggðarinnar með viðeigandi gönguleiðum og tengingum til að styrkja umferð gangandi vegfarenda. Áhersla á uppbyggingu grænna opinna svæða með sérstaka áherslu á rýmismyndun á miðsvæðinu og uppbyggingu fyrir gangandi vegfarendur. Leiksvæði og önnur opin svæði skulu hvetja til útvistar og hollrar hreyfingar. Miða ber að því að miðbærinn nýtist íbúum og gestum til samveru. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla, þar sem því er viðkomið. Nálgast skal lýsingu á miðsvæðinu á heildrænan hátt, þar sem öryggi og velferð fólks er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og valdi ekki ljósmengun.
		126

17.3 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Tafla 17.1 Lágmarksfjarlægðir fyrir verslunar- og þjónustuhús í dreifbýli vegna takmarkandi þáttu.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Landamerki	50 m
Vötn, ár og sjór	50 m
Forminjar	20 m
Verksmiðjur, loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar	500 m
Háspennulínur	Breytilegt sbr. töflu 14.1 í kafla 14
Aðrar veitulagnir	4 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m

Skipulagsákvæði fyrir verslun og þjónustu

Almenn ákvæði

Uppbygging verslunar og þjónustu skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu. Ekki má skerða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða forminjar skv. lögum um menningarminjar.

Við uppbyggingu verslunar og þjónustu skal forðast að skerða landbúnaðarland í fl. l, aðgengi að útvistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.

Uppbyggingin skal taka mið af umhverfinu, þ.e. landslagi og byggingarárfi, þannig að sérstaða svæðisins skerðist ekki. Er þar átt við stærðarhlutföll, form og efnis- og litanotkun, sem og staðsetningu.

Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga og fleira þess háttar.

Verslunar- og þjónustuhús skulu vera í sátt við nærliggjandi landnotkun. Við byggingu þeirra skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í töflunni hér að framan.

Uppbyggingin skal vera í sátt við nærliggjandi landnotkun og leitast skal við að lágmarka ónæði og neikvæð áhrif á aðliggjandi íbúðarbyggð eða útvistarsvæði.

Huga skal að aðgengi fyrir alla að mannvirkjum fyrir verslanir, gististaði og ferðaþjónustu.

Huga skal að vandaðri lýsingu og myrkurgæðum við uppbyggingu og hönnun svæða fyrir verslun og þjónustu.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

Vþ-1	Laugar í Sælingsdal (15 ha)	Svæði fyrir hótel í flokki IV-a, sbr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með allt að 160 gistirúm auk sundlaugar og íþróttaaðstöðu. Svigrúm fyrir tjaldsvæði og allt að 10 útleiguþús, með samtals allt að 40 gistirúm. Uppbygging skal taka mið af sögu svæðisins og skal ekki skerða sérstæða náttúru svæðisins. Hugað skal að nálægð við útvistarsvæði við uppbyggingu, öruggum göngu- og hjólateiðum sem og aðgengi fyrir alla.
Heimilt er að taka land í flokki II til skógræktar. Öll skógrækt er leyfisskyld. Með skógrækt er átt við ræktarsvæði sem er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónubekju, í samræmi við skilgreiningu skógræktarlaga.

Landbúnaðarland III. Verðmætt beitiland

Á landi í flokki III er almennt ekki heimilt að staðsetja mannvirki, nema takmarkaða aðstöðu tengda búrekstri eða ferðapjónustu. Einnig vegi og vegslóða, sbr. vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd og viðfangsefnið samgöngur, vegir og stígar samkvæmt skipulagsreglugerð.

Heimilt er að taka land í flokki III til skógræktar. Öll skógrækt er leyfisskyld. Með skógrækt er átt við ræktarsvæði sem er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónubekju, í samræmi við skilgreiningu skógræktarlaga.

Landbúnaðarland IV. Votlendi

Landi í flokki IV er óheimilt að raska sbr. lög um náttúruvernd og almennt ekki heimilt að staðsetja þar mannvirki nema ríkir almannahagsmunir kalli á það, svo sem uppbrygging innviða. Komi til slíkrar framkvæmdar skal rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umfangsmikil votlendissvæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd verði hverfisvernduð.

Óheimilt er að taka land í flokki IV til skógræktar.

Landbúnaðarland V. Birkikjarr og -skóglendi

Landi í flokki V er óheimilt að raska og almennt ekki gert ráð fyrir að staðsetja þar mannvirki nema ríkir almannahagsmunir kalli á það, svo sem uppbrygging innviða.

Umfangsmikilir birkiskógar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd verði hverfisverndaðir.

Allir flokkar landbúnaðarlands

Við skipulag landbúnaðarlands skal sambætta, eftir því sem kostur er, hefðbundna landbúnaðarframleiðslu (ræktun lands og búfjárhald) og hlunnindanýtingu.

Merkar náttúru- og menningarminjar og landslag verði hverfisverndað.

Við ráðstöfun landbúnaðarlands (flokkur I-V) verði þess gætt að raska ekki náttúru- og menningarminjum. Skipulag setji skilyrði um það efni, svo sem í tengslum við umþyltingu lands, ráðstöfun lands til skógræktar o.fl.

Við ráðstöfun landbúnaðarlands (flokkur I-V) til skógræktar verði miðað við að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu sambætt sjónarmið skógræktar, landbúnaðar og útivistar. Sérstaklega verði metin áhrif skógræktar á ásýnd svæðisins og búsetu- og menningarlandslag, þar sem eru merkar menningarminjar, þar sem er löng búsetusaga eða svæðið gegnir mikilvægu hlutverki í sögu Dalabyggðar eða í stærra samhengi.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

Skipulagsákvæði

Á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I er heimilt að reisa allt að þrjú frístundahús á hverju lögþíli.

Á jörðum með fasta búsetu er heimild fyrir einni vindmyllu. Hámarkshæð hverfils er allt að 20 m, hæsta staða spaða allt að 30 m og uppsett orkuvinnsla allt að 0,5 MW.

Lágmarksfjarlægð frá íbúðar- og frístundahúsum á nágrannajörðum skal að lágmarki vera 1.000 m og minnst 200 m frá landamerkjum. Minniháttar mannvirki eru heimil, svo sem fjarskiptamöstur (allt að 10 m há) og sólarsellur til eigin nota, á og við byggingar.

Vísað er til kafla 17.14 um skógrækt á landbúnaðarsvæðum.

Svigrúm er fyrir minniháttar ferðaþjónustu í tengslum við búrekstur auk heimagistingar (flokkur I, 3. gr. í reglugerð nr. 1277/2016) og íbúða til útleigu tengdar ferðaþjónustu. Heimild er fyrir minni gistiheimili með allt að 5 herbergi (flokkur II, 3. gr. í reglugerð) eða allt að 12 gistiðum. Starfsemin krefjist ekki nýrra mannvirkja og skerði ekki möguleika til hefðbundinna landbúnaðarnota. Sjá nánar í reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gistiði og skemmtanahald.

Svigrúm er fyrir allt að 30 kW smávirkjanir með minni háttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW rennslisvirkjanir. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Forðast skal að framkvæmdir skerði fyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og menningarminjar skv. lögum um menningarminjar. Við gerð deiliskipulags skal meta vistfræðileg áhrif á vatnshlot í samræmi við lög um stjórн vatnamála.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflunni hér að framan og í töflu um fjarlægðir vegna skógræktar í kafla 17.14 (Tafla 17.4).

L-1

Landbúnaðarland í Dalabyggð (235.432,1 ha)

17.14 SKÓGRÆKT OG LANDGRÆDSLÁ

Tafla 17.4 Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þáttu og skógræktar.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks- fjarlægð	Skipulagsákvæði
Landamerki	-	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór Votlendi	-	Ekki þétt skógrækt við vatns- eða árbakka og sjó eða votlendi. Heimilt að láta jaðar nærliggjandi skógræktar þynnast út í átt að vötnum, ám, sjó og votlendi.
Friðlýstar fornminjar	100 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Friðaðar fornleifar	15 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Háspennulínur	Breytilegt sbr. töflu 14.1 í kafla 14.	Fjarlægð trjáa til loftlína miðist við það að hún sé hæð fullvaxinna trjáa margfölduð með 1,5. Fjarlægð til jarðstrengja miðist við rótarkerfi fullvaxins trjágróðurs.
Veitulagnir	1 m	Ekki skógrækt, sbr. kafla um veitur.
Stofnvegir, tengivegir og aðrir vegir	15-30 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlinu stofnvega og 15 m frá miðlinu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á vegum skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla um samgöngur.

Skipulagsákvæði fyrir skógrækt og landgræðslu

Almenn ákvæði

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða skal virða lágmarksfjarlægðir, sbr. töflu hér að framan.

Varast ber þó að láta þessar takmarkanir vera leiðandi í mótu ræktunarsvæðis, enda um lágmarksfjarlægðir að ræða. Mótun svæðis ætti alltaf að taka mið af landslagi og heildarásýnd svæðisins.

Skógrækt, allt að 200 ha, er heimil á landbúnaðarlandi í flokki II og III, sbr. flokkun landbúnaðarlands sem er að finna í viðauka. Taka skal mið af tilgreindum viðbótarflokkum, þ.e. hlunnindum, nytjum eða takmörkunum á landnotkun, við ráðstöfun lands fyrir skógrækt. Skógrækt er einnig heimil á opnum svæðum, sbr. kafla 13 og 17.11.

Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi. Áhersla skal lögð á verndun góðs berjalandi og tryggja skal aðgengi að útvistarsvæðum.

Við skógrækt skal taka tillit til náttúrulegra gæða, svo sem gróðurfars og búsvæða, sem og menningarminja.

Gæta skal að því að skerða ekki útsýni til mikilvægra svæða.

Skógrækt skal ekki raska náttúrufyrbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjum skv. lögum um menningarminjar.

EKKI skal plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða. Varast skal að skerða búsvæði vaðfugla.

Meðhöndlun innfluttra tegunda skal vera í samræmi við þá stefnu sem sett er í kafla um skógrækt.

17.15 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og beitilönd, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, beitarafnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

ÓB-1

Óbyggð svæði (3.340,8 ha)

Skipulagsákvæði

Mannvirkjum skal haldið í lágmarki. Landeigendur geti nýtt hlunnindi sín, s.s. með beit, útivist, dúntekju og veiðum.

Fjarskiptamannvirki (s.s. endurvarpsstöðvar) eru heimilið á opnum óbyggðum svæðum í samræmi við deiliskipulag eða að undangenginni grenndarkynningu, þar sem það á við.

Á óbyggðum svæðum eru ýmsar takmarkanir sem m.a. tengjast náttúru- og minjavernd. Sjá nánar í kafla 18 um verndarákvæði. Taka skal mið af ákvæðum viðkomandi verndar við leyfisveitingar á óbyggðum svæðum.

17.16 SÉRSTÖK NOT HAF- OG VATNSSVÆÐA (SN)



Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.

Skipulagsákvæði fyrir sértök not haf- og vatnssvæða

Almenn ákvæði

Ekki má skerða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Nýting hafsvæða skal samræmast lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og Verndaráætlun fyrir Breiðafjörður 2014-2019.

Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
SN-1	Skarðsstöðvarhöfn (1 ha) Svæði hafnarinnar á sjó	Svigrúm til endurbóta á aðstöðu á sjó og aðkomu að hafnarsvæði H1. Um svæði hafnarinnar gildir Hafnarreglugerð fyrir Dalabyggð nr. 335/1997. Sjá einnig ákvæði fyrir H1 í kafla 17.12.
SN-2	Hnúksneshöfn (1 ha) Svæði hafnarinnar á sjó	Svigrúm til endurbóta á aðstöðu á sjó og aðkomu að hafnarsvæði H2. Sjá einnig ákvæði fyrir H2 í kafla 17.12.
SN-3	Búðardalshöfn (7,8 ha) Svæði hafnarinnar á sjó	Svigrúm til endurbóta á aðstöðu á sjó og aðkomu að hafnarsvæði H3. Um svæði hafnarinnar gildir Hafnarreglugerð fyrir Dalabyggð nr. 335/1997. Sjá einnig ákvæði fyrir H3 í kafla 17.12.

17.17 VÖTN, ÁR OG SJÓR (V)



Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytinga á árfarvegum og landfyllinga.

Skipulagsákvæði fyrir vötn, ár og sjó

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
V-1	Haukadalsvatn (306,4 ha)	Nýting vatnsflata skal vera í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins.
V-2	Helstu vötn í Dalabyggð (1.685,9 ha)	Vatnsfletir haldist í sem náttúrulegustu ástandi og að mestu án inngrípa mannsins.
V-3	Helstu ár í Dalabyggð (318,6 ha)	Umgengni á og við vatnsfleti skal vera góð.

17.18 STRANDSVÆÐI (ST)

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Skipulagsákvæði fyrir strandsvæði

Almenn ákvæði

Ekki má skerða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Nýting strandsvæða skal samræmast lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og Verndaráætlun fyrir Breiðafjörður 2014-2019.

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

ST-1

Strandsvæði (24,3 ha)

Nýting skal vera í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins.

Strandsvæði og fjara innan þéttbýlis í Búðardal

Tryggja skal aðgengi gangandi að fjöru.

Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi eins og kostur er.

Umgengni á strandsvæðum skal vera góð.

Strandsvæði í dreifbýli

Landeigendur geti nýtt hlunnindi sín, s.s. með beit, útivist, dúntekju og veiðum.

Nýting skal vera í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins.

Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi eins og kostur er.

Umgengni á strandsvæðum skal vera góð.

17.19 FLUGVELLIR (FV)



Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Skipulagsákvæði fyrir flugvelli

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
FV-1	Lendingarstaður á Kambnesi (4 ha) 795 m langur og 24 m breiður malarvöllur í 151 feta hæð og ber einkennisstafina BIBR	Lendingarstaður fyrir sjúkraflug og einkaflug. Sigrúm til viðhalds og endurbóta þannig að hann nýtist fyrir sjúkraflug og ferðaþjónustu. Hindranafletir lendingarstaðarins eru skilgreindir af Isavia og eru ekki sýndir á uppdrætti. Hindranafletirnir stíga skáhallt upp í 85 m.y.s. frá endum flugbrautarinnar að 1.630 m fjarlægð. Til hliðanna stíga fletirnir upp í 40 m.y.s. að 196 m fjarlægð. Hindranafletirnir ákvarða hámarkshæð mannvirkja á svæðinu neðan þeirra. Miðað er við hæð yfir sjávarmáli og hefur hæð landsins því áhrif á hámarkshæðina.

17.20 VEGIR, GÖTUR OG STÍGAR (VE)

Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki, þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

Skipulagsákvæði fyrir vegi, götur og stíga

Almenn ákvæði

Mikilvægt er að vegir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Ganga skal frá yfirborði lands og jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms.

Forðast ber að skerða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Virða skal helgunarsvæði vega á vegum Vegagerðarinnar. Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlinu stofnvega og 15 m frá miðlinu tengivega nema leyfi Vegagerðarinnar komi til. Tengingar við vegi í veghaldi Vegagerðarinnar eru háðar leyfi hennar.

Huga skal að vandaðri lýsingu og myrkurgæðum við uppbyggingu og hönnun útvistarsvæða.

Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

VE-SV1

Vesturbraut (Vestfjarðavegur nr. 60)

Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar

Skipulagsákvæði

Áhersla lögð á móton gatnamóta við Miðbraut og að umhverfi þeirra verði með yfirbragði miðbæjar.

Svigrúm til endurbóta sem miða að hraðalækkun s.s. með hringtorgum og aðgerðum til að auka gönguhæfi byggðar. Huga skal að hljóðvist í aðliggjandi íbúðarbyggð.

Lýsingi við Vesturbraut skal nálgast á heildrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem nýta svæðið er sett í forgrunn. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir á miðsvæðinu þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og valdi ekki ljósmengun.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VE-SV2	Vestfjarðavegur um Bröttubrekku (nr. 60) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta, s.s. í endurbættu vegstæði eða jarðgöngum.
VE-SV3	Vestfjarðavegur um Svínadal (nr. 60) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-SV4	Snæfellsnesvegur (nr. 54) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-TV1	Heydalsvegur (nr. 55) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-TV2	Laxárdalsvegur (nr. 59) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-TV3	Hálsbæjavegur (nr. 582) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-TV4	Hlíðarvegur (nr. 585) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-TV5	Haukadalsvegur (nr. 586) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-TV6	Klofningsvegur (nr. 590) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-TV7	Steinadalsvegur (nr. 690) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VE-TV8	Ólafsdalur 2 (nr. 5990) Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-TV9	Tengivegir í þéttbýli Vegur í veghaldi Vegagerðarinnar	Svigrúm til endurbóta.
VE-AV1	Aðrir vegir í dreifbýli	Svigrúm til endurbóta.
VE-AV2	Aðrir vegir í þéttbýli	Svigrúm til endurbóta og endurhönnunar.
VE-AV3	Sólheimar Nýr vegur vegna orkuvinnslu	<p>Við hönnun og útfærslu vegar skal leitast við að staðsetja hann þannig að mikilvægar vistgerðir s.s. votlendi haldist sem mest óskert og að beitiland nýtist sem best. Halda skal öllu raski í lágmarki og eftir því sem kostur er skal endurnýta svarðlag við landmótn og frágang vega. Ef votlendi tapast skal endurheimta sambærilega stærð votlendis innan sveitarfélagsins.</p> <p>Efni til vegagerðar skal, eftir því sem kostur er, tekið innan nærliggjandi iðnaðarsvæðis, þ.e. nýta það efni sem fellur til úr uppgrefti og framkvæmdum.</p> <p>Í deiliskipulagi skal setja sérstaka skilmála með það að markmiði að tryggja öryggi fólks og húsdýra á framkvæmdatímanum, svo sem með lokun vega eða svæða með það að markmiði að koma í veg fyrir slys. Einnig skal í deiliskipulagi setja skilmála um varnir gegn mengun grunnvatns á framkvæmdatímanum.</p>
VE-AV4	Hróðnýjarstaðir Nýr vegur vegna orkuvinnslu	<p>Við hönnun og útfærslu vegar skal leitast við að staðsetja hann þannig að mikilvægar vistgerðir s.s. votlendi haldist sem mest óskert og að beitiland nýtist sem best. Halda skal öllu raski í lágmarki og eftir því sem kostur er skal endurnýta svarðlag við landmótn og frágang vega. Ef votlendi tapast skal endurheimta sambærilega stærð votlendis innan sveitarfélagsins.</p> <p>Efni til vegagerðar skal, eftir því sem kostur er, tekið innan nærliggjandi iðnaðarsvæðis, þ.e. nýta það efni sem fellur til úr uppgrefti og framkvæmdum.</p> <p>Í deiliskipulagi skal setja sérstaka skilmála með það að markmiði að tryggja öryggi fólks og húsdýra á framkvæmdatímanum, svo sem með lokun vega eða svæða með það að markmiði</p>

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði	
Auðkenni	Lýsing		
VE-GH1	Stofnleiðir í þéttbýli	að koma í veg fyrir slys. Einnig skal í deiliskipulagi setja skilmála um varnir gegn mengun grunnvatns á framkvæmdatímanum.	
VE-GH2	Stofnleiðir í dreifbýli	Göngu- og hjólateiðir í þéttbýli, þ.e. stofnleiðir. Nálgast skal lýsingu stíganna á heildrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð vegfarenda er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin valdi ekki ljósmengun eða truflun á nærliggjandi íbúðarbyggð.	Göngu- og hjólateiðir í dreifbýli, þ.e. stofnleiðir. Öll uppbygging innviða skal vera hófstíllt og ekki valda raski á lífríki. Þar sem sett er upp lýsing meðfram stígum skal nálgast hana á heildrænan hátt, þar sem öryggi, ánægja og velferð gangandi vegfarenda er sett í forgrunn. Lýsing verði láthaus og eftir því sem mögulegt er miði að því að viðhalda myrkurgæðum í dreifbýli. Við framkvæmdir innan hverfisverndarsvæða skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.
VE-GL1	Skoravík - gönguleið	Gönguleið í landi Skoravíkur. Umferð gangandi manna í samræmi við 18. gr. laga um náttúruvernd nr.60/2013. Uppbygging skal vera í samráði við landeiganda. Hún skal vera hófstíllt og valda ekki raski á lífríki.	
VE-RL1	Reiðleiðir í þéttbýli	Uppbygging í samræmi við almenn ákvæði.	
VE-RL2	Reiðleiðir í dreifbýli	Uppbygging í samræmi við almenn ákvæði. Uppbygging skal vera í samráði við landeiganda. Hún skal vera hófstíllt og valda ekki raski á lífríki.	

17.21 VEITUR OG HELGUNARSVÆÐI (VH)

Vetur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

Tafla 17.5 Lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæða frá veitulögnum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Skipulagsákvæði
Skógrækt	Háspennulínur	Skógrækt er ekki heimil innan uppgefinna marka, sbr. kafla um Skógræktar- og landgræðslusvæði.
	Breytilegt sbr. töflu 14.1	
	Aðrar veitulagnir 1,5 m	
Frístundahús	Háspennulínur	Taka skal tillit til lágmarksfjarlægðar við staðsetningu frístundahúsa, sbr. kafla um Frístundabyggð.
	Breytilegt sbr. töflu 14.1	
	Aðrar veitulagnir 4 m	
Uppbygging á landbúnaðar- svæðum	Háspennulínur	Taka skal tillit til lágmarksfjarlægðar við alla uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.
	Breytilegt sbr. töflu 14.1	
		Undantekning eru byggingar tengdar veitum, sbr. kafla um Landbúnaðarsvæði.

Skipulagsákvæði fyrir veitur og helgunarsvæði

Almenn ákvæði

Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Ganga skal frá yfirborði lands og allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms.

Forðast ber að skerða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið við framkvæmdir.

Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að háspennulínum og möstrum vegna viðhalds. Virða skal öryggissvæði jarðstrengja og annarra lagna og tryggja nægt athafnasvæði utan við það. Allar framkvæmdir innan helgunar- og öryggissvæða eru háðar leyfi viðeigandi veitufyrirtækis.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VH-R1	Glerárskógalína 1 132 kV háspennulína. Liggur frá Hrútatungu í Hrútafirði um Laxárdalshleiði að tengivirki á Glerárskóum	Svigrúm til endurbóta þ.m.t. að línan verði lögð í jörðu þar sem kostur er.
VH-R2	Geiradalslína 1 132 kV háspennulína. Liggur frá tengivirki á Glerárskóum og yfir Gilsfjörð	Svigrúm til endurbóta þ.m.t. að línan verði lögð í jörðu þar sem kostur er.
VH-RN1 Ekki sýnd á uppdrætti	Sólheimar – Glerárskógar Nýr 66 kV jarðstrengur sem liggur frá vindorkugarði á Sólheimum að tengivirki á Glerárskóum	Svigrúm til lagningar 66 kV jarðstrengs sem liggur frá vindorkugarði á Sólheimum að tengivirki á Glerárskóum, í samráði við Landsnet. Lagning jarðstrengsins skal vera í samræmi við markmið aðalskipulagsins um veitulagnir sbr. kafla 14.1, lífríki og landslag sbr. kafla 5, menningar- og búsetuminjar sbr. kafla 7, hverfisvernd sbr. kafla 8 og landbúnaðarland sbr. kafla 11.3, eða eftir því sem við á. Forðast skal að raska vistgerðum sem hafa hátt verndargildi. Vanda skal allan frágang lands að lokinni lagningu strengsins. Hafa skal samráð við veghaldara þar sem lagnaleiðin liggur innan helgunarsvæðis vega.
VH-RN2 Ekki sýnd á uppdrætti	Hróðnýjarstaðir - Glerárskógar Nýr 66 kV jarðstrengur sem liggur frá vindorkugarði á Hróðnýjarstöðum að tengivirki á Glerárskóum	Svigrúm til lagningar 66 kV jarðstrengs sem liggur frá vindorkugarði á Hróðnýjarstöðum að tengivirki á Glerárskóum, í samráði við Landsnet. Lagning jarðstrengsins skal vera í samræmi við markmið aðalskipulagsins um veitulagnir sbr. kafla 14.1, lífríki og landslag sbr. kafla 5, menningar- og búsetuminjar sbr. kafla 7, hverfisvernd sbr. kafla 8 og landbúnaðarland sbr. kafla 11.3, eða eftir því sem við á. Forðast skal að raska vistgerðum sem hafa hátt verndargildi. Vanda skal allan frágang lands að lokinni lagningu strengsins. Hafa skal samráð við veghaldara þar sem lagnaleiðin liggur innan helgunarsvæðis vega.
VH-VV1	Stofnlögn vatnsveitu	Svigrúm til endurbóta.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VH-HV1	Stofnlögn hitaveitu. Liggur frá dælustöð við Fellsenda að þéttbýlinu í Búðardal	Svigrúm til endurbóta.
VH-FV1	Stofnlögn fráveitu í Búðardal. Liggur frá skólphreinsistöð við Búðarbraut út fyrir stórstraumsfjöru	Svigrúm til endurbóta.
Ekki sýnd á uppdrætti	Háspennulína milli Glerárskóga og Vogaskeiðs í Helgafelssveit	<p>Svigrúm til lagningar háspennulínu frá Glerárskóum að Vogaskeiði í Helgafelssveit sem liður í hringtengingu rafmagns Á Snæfellsnesi. Ekki er tekin afstaða til þess hvort um jarðstreng, sæstreng eða loftlínu er að ræða en áhersla lögð á að línan verði í samræmi við markmið aðalskipulagsins um veitulagnir sbr. kafla 14.1, lífríki og landslag sbr. kafla 5, menningar- og búsetuminjar sbr. kafla 7, hverfisvernd sbr. kafla 8 og óbyggð svæði sbr. kafla 9 eftir því sem við á.</p> <p>Lagning sæstrengs skal taka mið af Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Það á einnig við um jarðstreng og loftlínu ef legan er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.</p>
Ekki sýnd á uppdrætti	Háspennulína milli Hrútatungu í Húnaþingi vestra og Geiradals í Reykhólahreppi	<p>Svigrúm til lagningar háspennulínu frá Hrútatungu í Húnaþingi vestra að Geiradal í Reykhólahreppi sem liður í hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum í samræmi við Kerfisáætlun Landsnets.</p> <p>Lega og umfang línumnar liggar ekki fyrir en hún er háð umhverfismati. Endanleg útfærsla kallar á breytingu á aðalskipulagi í samræmi við niðurstöðu umhverfismats línumnar.</p> <p>Ekki er tekin afstaða til þess hvort um jarðstreng, sæstreng eða loftlínu er að ræða en áhersla lögð á að línan verði í samræmi við markmið aðalskipulagsins um veitulagnir sbr. kafla 14.1, lífríki og landslag sbr. kafla 5, menningar- og búsetuminjar sbr. kafla 7, hverfisvernd sbr. kafla 8 og óbyggð svæði sbr. kafla 9 eftir því sem við á.</p>

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

18 VERNDARÁKVÆÐI

Auk þeirrar stefnu um landnotkun sem fram kemur með reitaskiptingu í kafla um landnotkun, gilda takmarkanir af ýmsum ástæðum. Um er að ræða friðun og verndun hvers konar vegna náttúrufars, menningarminja og auðlinda og ákvæði vegna hættu af hugsanlegri náttúrvá.

Svæði þar sem takmarkanir gilda eru sýnd með punktum og/eða mismunandi yfirstrikuðum reitum á skipulagsuppdraætti.

18.1 MINJAVERND (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar forminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Viðbótarákvæði vegna minjaverndar

Almenn ákvæði

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara sbr. 31. gr. laga um menningarminjar.

Óheimilt er að veita leyfi til bygginga, framkvæmda, eða skógræktar án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019. Við gerð deiliskipulags og við leyfisveitingar á svæði þar sem eldri fornleifaskráning liggur fyrir skal hún uppfærð í samræmi við reglur Minjastofnunar.

Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar og á fornleifunum sjálfum eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, er 15 metrar.

Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

Narfeyri á Skógarströnd

MV-1 Borgardalsrúst í dalverpi er Borgardalur heitir, suður í hlíðinni frá Narfeyri, austan megin við Álfafjörðinn.
Þinglýst 1929

Sjá almenn ákvæði.

Narfeyrarkirkja

MV-2 Timburhús reist 1900. Friðuð 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði
1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989

Sjá almenn ákvæði.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
	Valshamar á Skógarströnd	
MV-3	Hafþórsleiði, svo nefnt, í túninu skammt ofan við bæinn. Þinglýst 1929	Sjá almenn ákvæði.
MV-4	Dunkur í Hörðudal. Smiðjutóft og steðjasteinn fyrir sunnan bæinn. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
	Hrafnabjörg í Hörðudal	
MV-5	Rústir lauga í Laugardal; þær eru í grösugum hvammi vestan megin ár þeirrar, sem eftir dalnum rennur Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
	Snóksdalskirkja	
MV-6	Timburhús Friðuð 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989	Sjá almenn ákvæði.
MV-7	Hundadalur í Suðurdölum Svo nefnd „Grænatóft“ í Hundadalsnesi. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-8	Oddsstaðir í Suðurdölum Byggingarleifar og önnur mannvirki þar sem heitir Þúfa fyrir norðan tún á Oddsstöðum	Sjá almenn ákvæði.
MV-9	Jörfi í Haukadal. Rústaleyfar Valþjófsstaða, að nokkru leyti undir skriðu. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-10	Jörfi í Haukadal (skráð Saursstaðir í skjölum) Ferhyrnd girðing á móafles austan megin ársprænunnar fyrir austan Saursstaði. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
MV-11	Stóra-Vatnshorn í Haukadal Rústaleyfar Eiríksstaða við landamæri milli Vatnshorns og Skriðukots. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-12	Fjós við Búðardal. „Fjósatóftir Ólafs pá“, sem svo eru kallaðar, fyrir austan bæinn; þær eru tvær, sín hvoru megin við götuna. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-13	Höskuldsstaðir í Laxárdal Þorgerðarhóll, eða „haugur Þorgerðar“, svo nefndur, í túninu, nokkru utan og neðan við bæinn. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-14	Kambsnes við Búðardal Forn tóft, kölluð hoftóft, hér um bil ferhyrnd. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-15	Lambastaðir í Laxárdal. Haugur Þórðar godda í Lambastaðanesi. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-16	Ljárskógar í Laxárdal a. Hoftóft, svo nefnd, frammi á túninu. b. Kirkjutóft, forn, og kirkjugarður, á sléttri flöt fyrir austan bæinn. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-17	Hrútsstaðir í Laxárdal a. Túngeirðing forn. b. Uppvið túngarðinn tvær langar tóftir, fornar, er snúa langsum með garðinum. c. Hoftóft fyrir ofan bæinn, einstök, snýr nærfellt austur og vestur. Þinglýst 1931	Sjá almenn ákvæði.
MV-18	Þorbergsstaðir Tóftir	Sjá almenn ákvæði.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
MV-19	<p>Sólheimar og Laxárdalsheiði</p> <p>Samgönguminjar og töftir</p>	Sjá almenn ákvæði.
MV-20	<p>Hvammur í Hvammssveit</p> <p>a. Forn, aflangur hringur suðvestur á túninu, nefndur „Lögrjétta“. b. Virkisbali, svo nefndur, nál. ferhyrnt mannvirki í túninu fyrir ofan og vestan bæinn. c. Rústabunga forn, suður og niður undir túngarði. d. Auðarnauast, er svo heitir, leifar af töft á sjávarbakkanum austan megin við útfall Hvammsár. e. Auðartóftir, svo nefndar, hér um bil 13 faðma upp og vestur frá naustinu. Þinglýst 1931.</p> <p>Hvammskirkja</p> <p>Timburhús byggt árin 1883-1884.</p> <p>Friðuð 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989</p>	Sjá almenn ákvæði.
MV-21	<p>Magnússkógar í Hvammssveit.</p> <p>„Silfraskógar“, töftir og girðingar, þar sem sagt er að bærinn hafi staðið til forna. Þinglýst 1931</p>	Sjá almenn ákvæði.
MV-22	<p>Skerðingsstaðir í Hvammssveit</p> <p>a. Auðarnauast, er svo heitir, leifar af töft á sjávarbakkanum, austan megin við útfall Hvammsár. e. Auðartóftir, svo nefndar, hér um bil 13 faðma upp og vestur frá naustinu. (Upprunaleg friðlýsingarskjöl eru glötuð og er friðlýsingartexti samhljóða liðum d og e fyrir Hvamm)</p>	Sjá almenn ákvæði.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
MV-23	<p>Sælingsdalur í Hvammssveit</p> <p>Bollatóftir, svo kallaðar, á Langholti; þær eru á vesturbrún holtsins og er brött brekka fyrir neðan, og undir henni lækjardrag, sem rennur í Sælingsdalsá litlu neðar.</p> <p>Þinglýst 1931</p>	Sjá almenn ákvæði.
MV-24	<p>Sælingsdalstunga í Hvammssveit</p> <p>Forn kirkju- og kirkjugarðsrúst fyrir austan hlaðið á neðri bænum.</p> <p>Þinglýst 1931</p>	Um svæðið gilda einnig ákvæði hverfisverndar, sbr. kafla 18.4.
MV-25	<p>Dagverðarnes á Fellsströnd</p> <p>Stór grjóthringur með grjótbungu í miðju, á vinstri hönd við veginn niður að Dagverðarnesi, upp af Saltnesi og beint fyrir neðan Þrívörður. Þinglýst 1931. (Hringurinn er á hægri hönd þegar ekið er niður að Dagverðarnesi)</p>	Um svæðið gilda einnig ákvæði hverfisverndar, sbr. kafla 18.4.
MV-26	<p>Ormsstaðir á Fellsströnd</p> <p>1. Gamlar akurgirðingar í Ekrunum fyrir suðvestan bæinn 2. Fornlegar tóftir, 2-3 í nánd við akurgirðingarnar</p> <p>Þinglýst 1931</p>	Sjá almenn ákvæði.
MV-27	<p>Staðarfell á Fellsströnd</p> <p>a. Leifar eyðibýlisins Ljótsstaða í Fellsskóginum; þær eru austan undir landamerkjum, inn undir lágri brekku. b. Borgargerði, svo nefnt, (eða Borguggerði), allstór og forn girðing við veginn fyrir austan Staðarfell. Þar með er dálítil rúst í girðingunni. c. Staðarbakkarústir hinar fornu í Flekkudal, á norðurbakka Flekkudalsár inni á miðjum dal. d.</p>	Sjá almenn ákvæði.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

Lítil rústabunga er heitir Dyngja, sunnan til í Flekkudal, þar sem heitir á Hólmi

Þinglýst 1931

Staðarfellskirkja, timburhús byggt árið 1891

Friðuð 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr.
þjóðminjalaga nr. 88/1989

Bessatunga a. Hoftóft á ávöllum, fallegum hól neðst í túninu austan til. Sbr. árb. 1897: 15. b. „Blótsteinn“, er stendur neðan undir fyrrgreindum hól. c. Akurgirðing forn framan í næsta hól, neðst í túninu, vestan til. Sbr. árb. 1882: 67; árb. 1897: 15-16; árb. 1924: 43. Skjal undirritað af MP
25.10.1930

Sjá almenn ákvæði.

Þinglýst 27.06.1931

Bjarnarstaðir a. „Hoftóft“, svo nefnd, norðvestur á túninu. Sbr. árb. 1899: 16. b. Tófta byrping fornleg, fáum föðmum austar en „hoftóftin“. Sbr. árrb. 1899: 16. Skjal undirritað af MP
25.10.1930

Sjá almenn ákvæði.

Þinglýst 27.06.1931

Þórólfssstaðir í Suðurdölum
MV-30 Samgönguminjar, bæjarhóll og tóftir

Sjá almenn ákvæði.

Sauðafell
MV-31 Bæjarhóll og tóftir

Sjá almenn ákvæði.

Kvennabrekka
MV-32 Bæjarhóll, tóftir og garðlag

Sjá almenn ákvæði.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
MV-33	Álfheimar (Stóri-Skógr) Garðlag, tóftir og þjóðsaga	Sjá almenn ákvæði.
MV-34	Hjarðarholtskirkja Timburhús byggt árið 1904. Friðuð 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989	Sjá almenn ákvæði.
MV-35	Svarfhóll í Laxárdal Lausafundur	Sjá almenn ákvæði.
MV-36	Staðarholtskirkja Timburhús byggt árið 1899 Friðuð 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989	Sjá almenn ákvæði.
MV-37	Skarðskirkja Timburhús byggt árin 1914-1916 Friðuð 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989	Sjá almenn ákvæði.
MV-38	Dagverðarneskirkja Bárujárnsklætt timburhús byggt árið 1934 Friðuð 11. ágúst 2009 skv. 6. gr. laga um húsfriðun nr. 104/2001	Um svæðið gilda einnig ákvæði hverfisverndar, sbr. kafla 18.4.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
	Öxney	
MV-39	Skemma úr torfi, talið vera fornt bænahús að stofni til Friðað 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989	Um svæðið gilda einnig ákvæði laga um vernd Breiðafjarðar, sbr. kafla 18.5.
	Brokey	
MV-40	Grímshjallur, steinhlaðinn hjallur talinn reistur í byrjun 18. aldar Friðaður 1. jan. 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989	Um svæðið gilda einnig ákvæði laga um vernd Breiðafjarðar, sbr. kafla 18.5.

18.2 VARÚÐARSVÆÐI (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Viðbótarákvæði vegna varúðarsvæða

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
VA-1	Vindorkugarður á Sólheimum (428,3 ha) Varúðarsvæði skilgreint í samræmi við stöðu virkjunarkostsins í rammaáætlun og í samræmi við ákvæði laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Innan reitsins er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu. Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati.
VA-2	Vindorkugarður á Hróðnýjarstöðum (415,3 ha) Varúðarsvæði skilgreint í samræmi við stöðu virkjunarkostsins í rammaáætlun og í samræmi við ákvæði laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Innan reitsins er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu. Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

Miltisbrandsgrafir

Óheimilt er að raska miltisbrandsgröf, t.d. með skurðgrefti, ræktun, vegalagningu og byggingum.

Framkvæmdir innan 200 m frá miltisbrandsgröf skulu vera í samráði við Matvælastofnun.

Beit húsdýra nær miltisbrandsgröf en 100 m er ekki heimil.

Sýna þarf varúð ef leifar dýra koma upp við jarðrask, svo sem við byggingarframkvæmdir, vegagerð, skurðgröft og plægingu strengja. Loka skal aðgengi að svæðinu og tryggja að dýr komist ekki inn á það. Gera skal Matvælastofnun viðvart sem metur hættu og ákvarðar um þörf á aðgerðum.

Þekktar miltisbrandsgrafir skulu merktar með áberandi hætti, s.s. með skilti sem sýnir grafarstað og upplýsingar um mögulega hættu.

Komi í ljós að svæði er ranglega skráð sem miltisbrandsgröf skal varúðarsvæðið fellt út með óverulegri breytingu á aðalskipulaginu.

18.3 VATNSVERNDARSVÆÐI OG VATNSBÓL (VF, VG, VB)

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

Vatnsból (VB):

Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.

Viðbótarákvæði vegna vatnsverndar

Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

Skipulagsákvæði

VB-1

Gröf (0,5 ha)

Lindasvæði innan við Gröf

VB-2

Fellsendi (0,5 ha)

Áreyrar Reykjadalssá

VB-3

Árblik í Suðurdölum (0,5 ha)

Lindasvæði í Norðurbrekku í landi Kvennabrekku

VB-4

Laugar (0,5 ha)

Lindasvæði undir Hólum

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

VB-5

Samveita frá lindasvæði á Norðurhólum í Svínadal í landi

Sælingsdalstungu, um 25 km fjarlægð frá Búðardal.

VB-6

Staðarfell á Fellsströnd (0,5 ha)

Vatnsból í skriðu vestan við bæinn

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VB-7	Tjarnarlundur (0,5 ha) Vatnsból í vesturhlíðum Fells	
VB-8	Brunná (0,5 ha) Vatnsból í hlíð ofan bæja og í Brunnárgjá	
VB-9	Fóðuriðjan (0,5 ha) Vatnsból undir Holtahyrnu í landi Stórholt	
VB-10	Ólafsdalur (0,5 ha) Vatnsból undir Ólafsdalshyrnu	
VG-1	Gröf (78,1 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-2	Sauðafell-Fellsendi (410,5 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-3	Álfheimar-Svarfhóll (858 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	Umgengni í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. Á grannsvæði er notkun á hættulegum eftum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefnir til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem megað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.
VG-4	Hólar (201 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-5	Svínadalur (1.164,7 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-6	Sælingsdalur (674,4 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
VG-7	Fell (93,1 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-8	Holtahyrna-Brekkudalur (709,4 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-9	Illviti (540,2 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-10	Ólafsdalshyrna (57,7 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-11	Tjaldaneshlíð-Bjarnastaðatunga (612,1 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-12	Fannahjalli (40,2 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-13	Fagradalsfjall (93,1 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-14	Laugardalur (135,2 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-15	Skarð (117,7 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-16	Ballarárfjall (568,4 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
VG-17	Klofningur-Grund (681,2 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-18	Tungumúli (641,1 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-19	Breiðabólsstaðarfjall (1266,5 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-20	Skoravík-Teigur (672,2 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-21	Spágilsstaðir-Sámsstaðir (893,9 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-22	Dönustaðir-Vatn (1797,9 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-23	Haukadalur norður (953,8 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-24	Haukadalur suður (589,2 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-25	Hundadalur-Vífilsdalur (1.002,8 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-26	Seljaland (226 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
VG-27	Blönduhlíð (284,6 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-28	Dunkárdalur (618,5 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-29	Bílduhólsfell (467,2 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-30	Háskerðingur (656,5 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VG-31	Stóri-Langidalur (124,2 ha) Vatnsvernd, grannsvæði	
VF-1	Hundadalsá (367,9 ha) Vatnsvernd, fjarsvæði	
VF-2	Sælingsdalur (198,7 ha) Vatnsvernd, fjarsvæði	Umgengni í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki í viðauka reglugerðarinnar. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.
VF-3	Hvítidalur (194,6 ha) Vatnsvernd, fjarsvæði	
VF-4	Þverdalur (325 ha) Vatnsvernd, fjarsvæði	

18.4 HVERFISVERND (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Viðbótarákvæði vegna hverfisverndar

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
HV-1	Friðlýst æðarvarp ásamt aðliggjandi votlendi, sjávarfitjum og leirum	Vernda skal landslag og lífríki svæðisins.
	Fremri-Langeyjar í mynni Hvammsfjarðar	Framkvæmdir til verndunar æðarvarps eru heimilar enda spilli þær ekki lífríki svæðisins. Halda skal byggingarframkvæmdum og raski í lágmarki. Leitast skal við að laga mannvirki sem best að landinu og mið skal tekið af mögulegum varpsvæðum.
	Akureyjar 1 á Breiðafirði	Hefðbundnar nytjar svo sem dúntaka og beit geta haldist eins og verið hefur.
	Arney á Breiðafirði	Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
	Ballará á Skarðsströnd	Á tímabilinu 15. apríl – 14. júlí ár hvert gilda eftirfarandi viðbótarákvæði:
	Melar á Skarðsströnd	Óviðkomandi umferð og röskun er bönnuð, nema með leyfi varpeiganda.
	Frakkanes á Skarðsströnd	Öll skot eru bönnuð innan 2 km frá æðarvarpi, nema brýna nauðsyn beri til.
	Rifgirðingar í mynni Hvammsfjarðar	Ekki má leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli, nema með leyfi varpeiganda.
	Skarð á Skarðsströnd	Allur óþarfa hávaði af völdum manna og véla er bannaður, nema með leyfi varpeiganda.
	(10.227,3 ha)	

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértaek ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
HV-2	Ósasvæði Skraumu, Hörðudalsár, Miðár og Haukadalsár ásamt aðliggjandi votlendi og sjávarfitjum og leirum (um 1.578 ha)	Vernda skal landslag og lífríki svæðisins.
	Sérstætt landslag við ósa ánna, lífríkar fjörur og auðugt fuglalíf	Hefðbundnar nytjar svo sem veiðar og beit geta haldist eins og verið hefur.
	Árnar eru gjöfular laxa- og silungsár	Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
HV-3	Klofningur (46,8 ha)	Halda skal byggingarframkvæmdum og raski í lágmarki. Leitast skal við að laga mannvirki sem best að landinu þannig að sérstæð náttúra svæðisins fái notið sín. Tryggja skal að framkvæmdir spilli ekki lífríki svæðisins.
	Sérstætt landslag	Vernda skal sögu- og fornminjar. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu svæðisins.
	Minjar um vegagerð	Tryggja skal að vegaframkvæmdir spilli ekki minjum eða ásýnd svæðisins. Áhersla skal lögð á að við nýframkvæmdir verði öllu raski haldið í lágmarki. Tryggja skal að framkvæmdir spilli ekki menningarminjum.
HV-4	Reykjadalur í Suðurdölum (483,8 ha)	Við uppbyggingu á svæðinu skal miða að varðveislu landslags og náttúru svæðisins ásamt menningarminjum og að auka möguleika svæðisins sem ferðaþjónustu- og útvistarvæðis. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins.
	Sérstætt landslag og gróðurfar, kjarrlendi	Hefðbundnar nytjar svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur.
	Jarðhiti og gömul sundlaug	Öll nýting jarðvarma skal vera með sjálfbærum hætti og þess jafnframt gætt að skerða ekki ímynd svæðisins.
	Áhugavert útvistarvæði	Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
		Tryggja skal að framkvæmdir raski ekki náttúru- og menningarminjum og skerði ekki gæði svæðisins.
		Leitast skal við að laga mannvirki sem best að landinu þannig að sérstæð náttúra svæðisins fái notið sín. Áhersla skal lögð á að við nýframkvæmdir verði öllu raski haldið í lágmarki.
		Tryggja skal aðgengi almennings til útvistar á svæðinu en þess gætt að útvistin skerði ekki gæði svæðisins.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2033

Sértaek ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
HV-5	<p>Laxá í Laxárdal ásamt bökkum (362 ha)</p> <p>Sérstætt landslag og áhugavert útvistarsvæði. Laxá er rómuð laxveiðiá</p>	<p>Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.</p> <p>Vernda skal landslag og lífríki svæðisins á 50 m belti meðfram ánni að þegar gerðum túnum undanskildum. Einnig aðliggjandi votlendi.</p> <p>Hefðbundnar nytjar svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur.</p> <p>Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.</p> <p>Leitast skal við að laga mannvirki sem best að landinu þannig að sérstæð náttúra svæðisins fái notið sín.</p> <p>Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki. Áhersla skal lögð á að við nýframkvæmdir verði öllu raski haldið í lágmarki. Tryggja skal að framkvæmdir, þ.m.t. efnistaka, spilli ekki lífríki svæðisins.</p> <p>Tryggja skal aðgengi almennings til útvistar á svæðinu en þess gætt að útvistin skerði ekki gæði svæðisins.</p>
HV-6	<p>Laugar í Hvammssveit (1.222 ha)</p> <p>Sérstætt landslag og jarðmyndanir, áhugavert útvistarsvæði</p>	<p>Svigrúm til áframhaldandi þróunar á fjölbreyttri nýtingu.</p> <p>Við uppbyggingu á svæðinu skal miða að varðveislu sögu- og menningarminja og að auka möguleika svæðisins sem ferðapjónustu-, útvistar- og safnasvæðis. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins.</p> <p>Leitast skal við að laga mannvirki sem best að landinu þannig að sérstæð náttúra og landslag svæðisins fái notið sín. Öllu raski haldið í lágmarki og það tryggt að framkvæmdir spilli ekki lífríki svæðisins eða söguminjum.</p> <p>Tryggja skal aðgengi almennings til útvistar á svæðinu en þess gætt að útvistin skerði ekki gæði svæðisins.</p> <p>Öll nýting jarðvarma skal vera með sjálfbærum hætti og þess jafnframt gætt að skerða ekki ímynd svæðisins.</p> <p>Hefðbundnar nytjar svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur.</p>

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértaek ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
HV-7	Ólafsdalur í Gilsfirði (701,6 ha)	Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
	Menningarlandslag og mannvirki búnaðarskólans ásamt útihúsum	Vernda skal svæðið sem landslagsheild. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins.
	Svæðið í heild hefur mikið menningarsögulegt gildi	Öll uppbygging skal vera í sátt við menningarlandslag og stuðla að varðveislu minjaheildar. Uppbygging skal taka mið af menningarlandslagi og minjum á svæðinu. Einkum skal horft til tímabilsins í kringum aldamótin 1900.
	Dagverðarnes og Arnarbæli (3.074,5 ha)	Mannvirki sem tengjast rekstri og sögu Búnaðarskólans í Ólafsdal skulu varðveitt eins og kostur er. Heimilt er að endurbyggja fallin mannvirki og endurbæta þau sem eru uppistandandi.
HV-8	Sérstætt landslag og gróðurfar, s.s. birkiskógar	Vernda skal og halda til haga ummerkjum um búskaparhætti á tímum skólans.
	Votlendi, sjávarfitjar og leirur	Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið.
	Söguminjar	Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
		Vernda skal svæðið sem landslagsheild. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins.
		Áhersla skal lögð á að við nýframkvæmdir verði öllu raski haldið í lágmarki. Tryggja skal að framkvæmdir spilli ekki landslagi, menningarminjum eða sérstæðu gróðurfari svæðisins.
		Hefðbundnar nytjar svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur, enda verði tryggt að þær skerði ekki söguminjar á svæðinu.
		Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
		Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.

18.5 NÁTTÚRUVERND (FS, ÖN)

Friðlýst svæði (FS)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúrvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Viðbótarákvæði vegna friðlýstra svæða

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

FS-1

Breiðafjörður 284.414,4 ha (einnig utan skipulags). Verndað með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

Skipulagsákvæði

Um svæðið gilda lög um vernd Breiðafjarðar en tilgangur beirra er að stuðla að vernd Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Taka skal mið af Verndaráætlun Breiðafjarðar við framkvæmdir og nýtingu innan svæðisins.

Leita skal umsagnar Breiðafjarðarnefndar vegna framkvæmda innan verndarsvæðis Breiðafjarðar í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Viðbótarákvæði vegna annarrar náttúruverndar

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

Skeljaleifar í Kaldrana 124 ha

Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)

- ÖN-1 (1) Fundarstaðir skeljaleifa á um 200 m breiðu strandbelti, frá Kaldrana austur að Holtahlíð í Saurbæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar

Rauðseyjar 220 ha

Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)

- ÖN-2 (1) Rauðseyjar allar, Svörtusker, Kjarnaklettur, Selhólmi, Beitarey, Bæjarey, Köngursey og Ásmundarsker
(2) Fallegur eyjaklasi, landslag dæmigert fyrir Breiðafjarðareyjar

Hrappsey og Klakkeyjar 341 ha

Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)

- ÖN-3 (1) Hrappsey, Skertla, Skarða, Dímonarklakkar, Stekkjarey og Bæjarey
(2) Einstakt landslag í Klakkeyjum og sérstæð bergerð, anortósít, finnst í Hrappsey

Lambey og Steindórseyjar 28 ha

Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)

- ÖN-4 (1) Steindórseyjar og Lambey á Hvammsfirði ásamt dröngunum Karli og Kerlingu við Lambey.
(2) Eyjar með fjölbreyttu fuglalífi

Forðast ber að raska svæðinu sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

Fjörur í Álftafirði og Vigra 3.229 ha (einnig utan skipulags)

Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)

- ÖN-5
- (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyja
 - (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla
-

Tungustapi 25 ha

Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)

- ÖN-6
- (1) Klettastapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælingsdalstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum
-

Saltadý 87 ha

- ÖN-7
- Aðrar náttúruminjar (C-hluti Náttúruminjaskrár)
 - (1) Saltadý í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess. (2) Sölt laug, óvenjulegt gróðurfar
-

19 HEIMILDIR

Alþingi. 2021. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026. 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 1184 — 705. mál. Stjórnartillaga. Sótt 15. des. 2021 af <https://www.althingi.is/>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. 2021. *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar. Samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skipulagsstofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands.* Sótt 20. maí 2021 af <https://www.stjornarradid.is>

Áfangastaðastofa Vesturlands. 2021. *Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023.* Sótt 3. september 2021 af https://indd.adobe.com/view/7f46ff6aff86-4119-9bbc-b05bcfeb03a3?fbclid=IwAR1dLY_icpwfW1hNwgJjZUT7bYx_sMm73uozsgJFXavFO2PP0JVfpUhKxy

Breiðafjarðarnefnd. 2014. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Sótt 24. febrúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Breiðafjarðarnefnd. 2020. *Framtíð Breiðafjarðar. Samantekt og niðurstöður upplýsingaöflunar og samráðs.* Ritstj. Theódóra Matthíasdóttir. 61 bls.

Byggðastofnun. 2020. *Vesturland; Stöðugreining 2019.* Sótt 10. maí 2021 af <https://www.byggdastofnun.is/>

Dalabyggð. 2020A. *Stefna Dalabyggðar 2019 – 2022.*

Dalabyggð. 2020B. Dalabyggð; Húsnaðisáætlun 2020-2024. Sótt 24. febrúar 2021 af <http://fundargerd.dalir.is/>

Efla. 2018. *VINDORKA Í DALABYGGÐ - Stefnumótun og heildarúttekt.* Sótt 16. júní 2022 af https://dalir.is/Files/Skra_0078467.pdf

Efla. 2022A. *Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016. Breyting vegna vindorkuvers á Hróðnýjarstöðum.* 26.05.2020, breytt 10.05.2022.

Efla. 2022B. *Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016. Breyting vegna vindorkuvers á Sólheimum.* 26.05.2020, breytt 17.05.2022.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2021. Staðarhóll í Döllum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun. Samantekt framvindu fyrsta rannsóknarárs. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS833-20171.

Eva Kristín Dal. 2008A. Menningarminjar í Haukadalshreppi; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS406-07184.

Eva Kristín Dal. 2008B. Menningarminjar í Laxárdalshreppi; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS405-07183.

Ferðamálastofa. 2021. Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum. Sótt 19. febrúar 2021 af <https://www.ferdamalastofa.is/>

Ferðamálastofa. 2008. Ferðaþjónustan mikilvægur drifkraftur. Birt á vef Ferðamálastofu 28.10. 2008. Sótt 19. febrúar 2021 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonstan-mikilvaegur-drifkraftur>

Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. 2021. *Lax- og silungsveiðin 2020.* Hafnarfjörður, Hafrannsóknarstofnun. HV 2021-35.

Hagfræðistofnun (2018). *Virði lax – og silungsveiða.* Skýrsla nr. C18:07. 68 bls.

Hagstofa Íslands. 2021A. *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2020 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2020.* Sótt 24. febrúar 2021 af <https://www.hagstofa.is/>

Hagstofa Íslands. 2021B. Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2020. Sótt 24. febrúar 2021 af <https://www.hagstofa.is/>

Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson 2018. *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018.* Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Haukur Jóhannesson. 2021. Þættir úr jarðfræði Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðfirðingur 44. árgangur 1986. Sótt 11. febrúar 2021 af <https://timarit.is/> Isavia. 2021. Flugmálahandbók Íslands. Sótt 26. febrúar 2021 af <https://www.isavia.is/>

Landssamband veiðifélaga. Sótt 4. mars 2022 af <https://angling.is/> Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Laxar.net. Sótt 4. mars 2022 af <https://www.laxar.net/> Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029.

Kirkjugarðasamband Íslands. Sótt 25. maí 2021 af <https://gardur.is> Menningarmálanefnd Dalabyggðar. 2021. *Nýting félagsheimila í Dalabyggð*. Málensn. 2009015

Tómas Grétar Gunnarsson. (2020). *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla*. Grein í ritinu Náttúrufræðingurinn, 90. árgangur, 2.-3. Hefti. Hið íslenska náttúrufræðifélag.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021. Náttúrumínjaskrá. Sótt 16. febrúar 2021 af <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021. Jarðfræðikort. Sótt 11. febrúar 2021 af <https://jardfraedikort.ni.is/>

Náttúruvernd; Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. Sótt 17. febrúar 2021 af <https://www.stjornarraddir.is/>

Orkubú Vestfjarða. 2022. Kortasjá. Sótt 4. mars 2022 af <http://www.map.is/orkubu/>

Óskar Leifur Arnarsson. 2008. Menningarminjar í Miðdalahrenni, Dalasýslu; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands ses. FS396-07183.

Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Rögnvaldur Guðmundsson. 2019. *Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018*. Samantekt unnin fyrir Eiríksstaðanefnd mars 2019. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.

Samgönguáætlun 2020-2034.

Samlausn. 2021. *Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi*. Tillaga til kynningar. Sótt 17. september 2021 af <http://www.samlausn.is/>

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033 á Suðvesturlandi. Sótt 9. janúar 2023 af <http://www.samlausn.is/>

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. 2020. *Smávirkjanir á Vesturlandi; Frumúttekt valkosta*. Útgáfa 2. Unnið af Arnarlæk ehf. fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Sótt 18. febrúar 2021 af <http://ssv.is/>

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). 2021. *Íbúakönnun 2020: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi*. Samantekt á niðurstöðum. ISSN 1670-7923. Sótt 10. febrúar 2021 af <https://ssv.is/>

Siglingastofnun Íslands. 2011. *Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011*. Sótt 16. febrúar 2021 af <https://rafhladan.is/>

Sigrún Inga Garðarsdóttir og Andrea S. Harðardóttir. 2006. Menningarminjar í Saurbæjarhreppi; Svæðisskráning. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS345-06411.

Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson (1988). *Fiskræktar – og fiskeldismöguleikar Dalasýslu*. Veiðimálastofnun. VMST-V/88005. 83 bls.

Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir (2020). *Viðmiðunarmörk hrygningar í Krossá á Skarðsströnd*. Haf – og vatnarannsóknir. HV 2020-03. 42 bls.

Sigurður Sigurðarson. 2004. Miltisbrandur eða miltisbruni (anthrax). Er hætta enn til staðar hér í jörð? Sigurður Sigurðarson dýralæknir tók saman. Sótt 11. ágúst 2021 af <https://www.mast.is/>

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Sigurður Sigurðarson. 2005. Ársskýrsla til fagráðs frá embætti yfirdýralæknis. Skýrsla til fagráðs í nautgriparsækt 2004. Sótt 11. ágúst 2021 af <https://naut.is/>

Skipulagsstofnun. 2019. Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu; Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Sótt 17. febrúar 2021 af <https://www.landsskipulag.is>.

Stýrihópur um mótonn vinnureglu í brunavörnum í skógi og öðrum gróðri. 2018. *Gróðureldar; Varnir og viðbrögð. Greinargerð stýrihóps.* Sótt 16. febrúar 2021 af <https://www.groductar.is>/

Vegagerðin. Veghönnunarreglur. Sótt 10. mars 2022 af <https://www.vegagerdin.is>/

Veðurstofa Íslands. 2021. Veðurfarskort. Sótt 20. febrúar 2021 af <https://www.vedur.is>

Veðurstofa Íslands. 2020A. Gögn um vindmælingar á veðurstöðvum í Dalabyggð. Dags. 25. maí 2020.

Veðurstofa Íslands. 2020B. Gögn um úrkomu á veðurstöðvum í Dalabyggð. Dags. 25. maí 2020.

Vestfjarðarstofa. 2021. Hringvegur 2. Sótt 25. febrúar 2021 af <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/hringvegur2>

Vífill Karlsson. 2017. Tölfræði um Vesturland; íbúar, fyrirtæki, vinnumarkaður og fasteignamarkaður og fleira. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Sótt 19. febrúar 2021 af <http://ssv.is/>

Vinnumálastofnun. 2021. Útgifið efni. Sótt 10. maí 2021 af <https://www.vinnumalastofnun.is>/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum; Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. 2. Útgáfa. Sótt 15. febrúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is>/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021A. *Í ljósi loftslagsvár. Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum.* Sótt 4. mars 2022 af <https://www.stjornarradid.is>/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021B. *Í átt að hringrásarhagkerfi.* Sótt 4. mars 2022 af <https://www.stjornarradid.is/Umhverfisráðuneytið.2011>.

Umhverfisstofnun. 2015. Starfsleyfi. Urðunarstaður við Laxárdalsveg. Sótt 14. júní 2021 af <https://ust.is>/

Umhverfisstofnun. 2021. Stjórn vatnamála. Vatnavefsja. Sótt 16. febrúar 2021 af <https://vatnavefsja.vedur.is>/

Umhverfisstofnun. 2019. *Loftgæði á Íslandi; Ársskýrsla 2017.* Sótt 24. febrúar 2021 af <https://ust.is>/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum; Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. 2. útgáfa. Sótt 15. febrúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is>/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2017. *Hreint loft til framtíðar; Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.* Sótt 24. febrúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is>/

Þingsályktun nr. 11/144 um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, samþykkt á Alþingi 28. maí 2015. <https://www.althingi.is/alttext/144/s/1355.html>

Þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, samþykkt á Alþingi 11. júní 2018. <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1244.html>

Þjóðskrá Íslands. 2021. Þjónusta, gögn, talnaefni, fjöldi íbúða. Sótt 20. febrúar 2021 af <https://www.skra.is>/

Þjóðskrá Íslands. 2021B. Þjónusta, gögn, talnaefni, fjöldi sumarhúsa. Sótt 20. febrúar 2021 af <https://www.skra.is>/

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

þjóðskrá Íslands. 2021C. Gögn um skráningu fasteigna í Dalabyggð, mars 2021.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir. 2010. Íslenskt landslag : Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni. Unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Þóra Pétursdóttir. 2008. Menningarminjar í Skógarstrandarhreppi; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS-374-07282.

Þóra Pétursdóttir. 2009. Menningarminjar í Hörðudalshreppi; Svæðisskráning fornleifa. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS420-07185.

VIÐAUKAR

Vegir í náttúru Íslands í Dalabyggð

Tillaga að vegum í náttúru Íslands í Dalabyggð



Flokkun landbúnaðarlands



FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS

Viðmið og útfærsla í skipulagi

Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar

Mars 2020

Uppfært í maí 2023



FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS

VIÐMIÐ OG ÚTFÆRSLA Í SKIPULAGI

VERKNÚMER:	20003001	DAGS.:	2020-03-05
VERKPÁTTUR:	Flokkun landbúnaðarlands	NR.:	2
UNNIÐ FYRIR:	Dalabyggð	YFIRFARIÐ:	EBK
VERKEFNISSTJÓRI:	Erla Bryndís Kristjánsdóttir		
HÖFUNDUR:	Einar Jónsson og Erla Bryndís Kristjánsdóttir		
DREIFING:	Dalabyggð		

Formáli

Í þessari greinargerð eru sett fram viðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands í Dalabyggð. Byggt er á stefnu um skipulagsmál er varðar landbúnað og landbúnaðarsvæði og eru viðmiðin aðlöguð að aðstæðum á svæðinu. Einnig er settur fram greiningarlykill sem byggir á viðmiðunum.



Efnisyfirlit

Formáli	i
Efnisyfirlit	2
1 Forsendur og aðferðir	3
2 Grunnviðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands.....	5
3 Flokkar landbúnaðarlands	6
3.1 Tún og akrar.....	6
3.2 Annað ræktanlegt land og beitiland á láglendi	6
3.3 Beitiland, úthagi og afréttir	7
3.4 Votlendi	8
3.5 Birkikjarr og -skóglendi.....	8
3.6 Samþættar nytjar og takmarkanir	9
3.6.1 Hlunnindasvæði.....	9
3.6.2 Landslag, náttúru- og menningarminjar.....	9
4 Greiningarlykill	11
A. Flokkast landið sem landbúnaðarland?.....	11
B. Flokkar landbúnaðarlands	11
C. Samþættar nytjar og takmarkanir	13
D. Heildarniðurstaða fyrir flokkun landbúnaðarlands	14
Tilvitnanir og heimildir	15



1 Forsendur og aðferðir

Stefna stjórnvalda um skipulagsmál

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er mörkuð stefna ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Henni er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlan sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun. Einnig á landsskipulagsstefna að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um þróun byggðar og landnýtingu.

Í gr. 2.3 í landsskipulagsstefnu „*Sjálfbær nýting landbúnaðarlands*“ er markmiðið að skipulag „... landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Í gr. 2.3.1 „*Skipulag landbúnaðarlands*“ eru nánari tilmæli til skipulags landbúnaðarlands í skipulagsgerð sveitarfélaga. Þar segir:

„*Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvarðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu sambætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útvistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland.*“

Í gr. 2.3.2 „*Flokkun landbúnaðarlands*“ er jafnframt mælst til þess að umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Bændasamtök Íslands, standi fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu. Þessar leiðbeiningar liggja ekki fyrir.

Landbúnaður er viðfangsefni við gerð aðalskipulags sbr. skipulagslög¹ og skipulagsreglugerð². Þar skal m.a. fjalla um þróun landbúnaðar og megináhrifaþætti. Einnig helstu einkenni landbúnaðarsvæða, þ.e. búrekstrar sem þar er stundaður, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum. Stefnan er einnig sett fram sem landnotkun sbr. landnotkunarflokkinn „*Landbúnaðarsvæði*“ og eftir því sem við á takmörkun á landnotkun sbr. *hverfisvernd*. Auk þess er stefna aðalskipulagsins útfærð nánar við gerð deiliskipulags. Í því felst að skilgreina landnotkun og takmarkanir á henni þrengra en gert er í aðalskipulagi og kveða á um mismunandi notkun og tegund starfsemi á einstökum lóðum, lóðarhlutum eða byggingarhlutum svo og setja starfsemi ákveðnar takmarkanir. Í því felst m.a. að gera grein fyrir og setja skilmála um mannvirki og tegund af landbúnaðarstarfsemi á bújörðum.

Auk skipulagsлага, eru fjölmörg lög og stjórnavaldfyrirmæli sem taka þarf tilliti til við ráðstöfun landbúnaðarlands. Jarðalög³ setja m.a. reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það, auk þess að stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt drög að reglugerð um vernd landbúnaðarlands, byggt á þeim lögum. Í drögunum er m.a. lagt til að allt land sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi verði flokkað m.t.t. ræktunarmöguleika⁴. Þar er lagt til að landbúnaðarsvæði verði flokkuð í fjóra flokka, *Mjög gott ræktunarland*, *Gott ræktunarland*, *Blandað ræktunarland* og *Annað landbúnaðarland*.

Lög um náttúruvernd⁵ er m.a. ætlað að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Lög um menningarminjar⁶ hafa þann tilgang að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfí verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Stefna Dalabyggðar um skipulagsmál

Í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 er stefna um landbúnað. Eftirfarandi markmið varða einkum skipulag landbúnaðarlands:

- *Sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu.*
- *Staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.*
- *Innviðir svæðisins styrkist þannig að landbúnaður fái blómstrað sem kraftmikil atvinnugrein á svæðinu.*
- *Svæðið verði þekkt fyrir hágæða, hreinar landbúnaðarvörur, afburðahandverk og þekkingu í greininni, sem byggir á gömlum merg.*
- *Vörurnar byggi á búskap þar sem vel er farið með land og skepnur.*
- *Við vörupróun og markaðssetningu verði sótt í mannuð, auðlindir, landslag, sögu og menningararfleifð svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.*
- *Sterk tengsl verði á milli landbúnaðar, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi.*

Í nágildandi aðalskipulagi Dalabyggðar er mörkuð stefna um landbúnað og í aðalskipulaginu er m.a. að finna eftirfarandi markmið:

- *Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannuðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.*
- *Að stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.*
- *Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.*

Gögn og aðferðir til grundvallar flokkunar

Gengið er út frá því að við flokkun landbúnaðarlands verði byggt, eftir því sem kostur er, á hlutlægum mælikvörðum eða áhrifaþáttum. Viðmiðin, þ.e. grunnviðmið og flokkar landbúnaðarlands, eru byggð upp með þetta í huga. Leitast er við að tengja einstakar eigindir við opinber gögn. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að sannreyna þurfi flokkunina á vettvangi ef vafi er á ábyggileika þeirra gagna sem nýtt eru í flokkunina.

Fyrirliggjandi upplýsingar eru t.d. eftirfarandi:

- **Lögbýli.** Sjá Lögbýlaskrá Þjóðskrár Íslands.⁷
- **Hæð og halli lands.** Fyrirliggjandi eru hæðarlíkön af landinu í nákvæmni sem dugar fyrir flokkun, sbr. gögn Landmælinga Íslands.
- **Jarðvegur og gróður.** Landbúnaðarháskólinn gaf árið 2009 út í flokkun á íslenskum jarðvegi⁸. LULUCF 2017⁹ veitir upplýsingar um jarðveg og gróður. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands¹⁰ veita upplýsingar um vistgerðir. Öll framangreind gögn þarf að sannreyna, með tilliti til nákvæmni gagna og mælikvarða gagna.
- **Vegtengingar.** Upplýsingar um vegi eru m.a. í gögnum Landmælinga Íslands.

Hér að neðan er sett fram grunnviðmið um það hvað telst vera landbúnaðarland og á grunni þess eru fimm flokkar landbúnaðarlands, þ.e. *Landbúnaðarland I-V*. Auk þess eru skilgreindir tveir viðbótarflokkar, þ.e. *Hlunnindasvæði* og *Landslag, náttúru- og menningarminjar*, sem eftir því sem við á, leggast ofan á fyrrgreinda flokka. Um er að ræða samþættar nytjar og takmarkanir á nýtingu landbúnaðarlands.

Skilgreind eru viðmið um hvernig farið skuli með flokka landbúnaðarlands og samþættar nytjar og takmarkanir í skipulagi.



2 Grunnviðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands

Í vinnu við flokkun landbúnaðarlands í aðalskipulagi Dalabyggðar er gengið út frá því meginjónarmiði að *landbúnaðarland* sé land sem er nýtt til búrekstrar með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu og þ.m.t. ferðapjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum. Þessi meginjónarmið styðjast við fyrrgreint ákvæði skipulagslag, skipulagsreglugerðar og jarðalaga. Hugtakið „*landbúnaðarland*“ er ekki skilgreint með beinum hætti, en vísað er til hugtakanna landbúnaður og landbúnaðarsvæði í fyrrgreindum lögum. Gengið er út frá eftirfarandi viðmiði um hvað teljist vera landbúnaðarland:

Landbúnaðarland. *Er landið nýtanlegt eða nýtt til landbúnaðar, svo sem búfjárræktar, fóðurframleiðslu, grænmetisræktunar, hlunnindanýtingar og afréttar?*

Undir viðmiðið falla:

- ✓ Landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi.
- ✓ Lögbýli (í byggð og í eyði).
- ✓ Svæði sem talin eru henta sérstaklega vel ræktunar eða annarrar starfsemi sem tengist búrekstrinum.

Undir viðmiðið falla ekki:

- ✓ Jarðir/svæði sem eru ekki í vegsambandi við nærliggjandi byggð.
- ✓ Svæði sem eru minni en 1 ha að stærð og hafa ekki samlegð með aðliggjandi landbúnaðarsvæðum.

Land sem fellur undir ofangreint viðmið um „*landbúnaðarland*“ er hægt að flokka með tilliti til þess hve vel það hentar til ræktunar og annarra sjónarmiða sem taka þarf mið af við stefnumörkun um ráðstöfun lands.

3 Flokkar landbúnaðarlands

3.1 Tún og akrar

Lýsing

Landbúnaðarland sem fellur undir *tún og akra* hentar vel til ræktunar, svo sem fóðurframleiðslu og búfjárhalds. Bestu svæðin í þessum flokki gætu hentað til akuryrkju eða annar ræktunar sem krefst góðra skilyrða, þó ekki séu sílik svæði skilgreind sérstaklega í þessu flokki.

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Halli lands	< 12%	Miðað er við landhalli sé að jafnaði undir 12%. Meiri halli er talinn geta valdið jarðvegsrofi, þó háð jarðvegsgerð, þegar landi er endurræktað
Hæð lands (m.y.s)	< 150 m	Miðað er við þau tún sem standa hæst yfir sjávarmáli í Dalabyggð
Jarðvegsflokkar	Framræst mýri eða þurrlendisjarðvegur.	Sbr. <i>Mójörð og Brúnjörð – Svartjörð – Mójörð</i> á Jarðvegskorti 2009. Einnig <i>tún á framræstum jarðvegi og þurrlendisjarðvegi</i> í flokkun LULUCF 2017. Miðað skal við land sé að jafnaði vinnanlegt niður á 20 cm dýpi
Gróðurflokkar/vistgerðir	Ræktað land	Samsvarandi er <i>tún og akurlendi</i> í Vistgerðaflokkun NÍ. Einnig samsvarandi flokkar hjá LULUCF 2017
Vegtengingar	Í vegasambandi	Miðað er við að vegsamband sé að túnum og ökrum
Stærð	>1 ha	Samfelld eða aðliggjandi svæði. Aðliggjandi svæði innan 200 m teljast saman, þó að t.d. votlendi eða klappir slíti í sundur

Útfærsla í skipulagi

- Landbúnaðarland I. Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar.
- Landi í flokki I verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota nema ríkir almannahagsmunir kalli á það, svo sem uppbygging innviða.
- Á landi í flokki I er heimilt að staðsetja mannvirki sem tengjast búrekstrinum með beinum hætti, með áherslu á búfínað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Öðrum mannvirkjum tengt búrekstrinum, svo sem bændagistingu og sumarhúsum, verði beint á önnur svæði.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á túnum og ökrum, ef frá er talin skjólbeltaræktun.

3.2 Annað ræktanlegt land og beitiland á láglendi

Lýsing

Landbúnaðarland sem fellur undir annað ræktanlegt land og beitiland á láglendi er verðmætt landbúnaðarland sem í sögulegu samhengi hefur fyrst og fremst verið nýtt til beitar. Bestu svæðin í þessum flokki gætu hentað til ræktunar sbr. flokkinn *tún og akra*.



Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Halli lands	< 12%	Miðað er við landhalli sé að jafnaði undir 12%. Meiri halli er talinn geta valdið jarðvegsrofi, þó háð jarðvegsgerð, þegar landi er umbylt
Hæð lands (m.y.s)	< 200 m	Miðað er við láglendi undir 200 m yfir sjávarmáli, sem er rúmlega það sem tún standa hæst í Dalabyggð
Jarðvegsflokkar	Framræst myri, Mólendi eða annar þurrlendisjarðvegur	Sbr. <i>Mójörð og Brúnjörð – Svartjörð - Mójörð</i> á Jarðvegskorti 2009. Einnig sbr. <i>mói</i> og <i>óræktaður framræstur jarðvegur</i> í flokkun LULUCF 2017
Gróðurflokkar/vistgerðir	Mólendi og graslendi	Sbr. <i>mólendi</i> og <i>graslendi</i> í Vistgerðaflokkun Ní. Einnig samsvarandi flokkar hjá LULUCF 2017
Vegtengingar	Í vegsambandi	Vegsamband að svæðinu
Stærð	>1 ha	Samfelld eða aðliggjandi svæði

Útfærsla í skipulagi

- Landbúnaðarland II. Verðmætt beitilandi og land sem getur hentað til ræktunar.
- Á landi í *flokki II* er heimilt að staðsetja mannvirki sem tengjast búrekstrinum, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi.
- Forðast ber að setja niður ágengar plöntur, hvort sem er til skógræktar eða annarrar ræktunar.
- Heimilt er að taka land í *flokki II* til skógræktar. Öll skógrækt¹ er leyfisskyld.

3.3 Beitiland, úthagi og afréttir

Lýsing

Landbúnaðarland sem fellur undir land sem almennt hentar ekki til ræktunar en gegnir mikilvægu hlutverki sem beitiland.

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Jarðvegsflokkar	Fjölbreyttur jarðvegur, svo sem klettar, melar eða mólendi	Jarðvegur, oft rýr og að jafnaði hentar ekki til ræktunar
Gróðurflokkar/vistgerðir	Svo sem mólendi, graslendi, melar og sandar, skriður og klettar, uppgrætt land eða moslendi	Sbr. <i>mólendi, graslendi, melar og sandar, skriður og klettar, eða moslendi</i> í vistgerðaflokkun Ní
Hæð lands (m.y.s)	Á láglendi eða til heiða	Samfelld svæði á laglendi og ofan byggðar
Stærð	>1 ha	Samfelld svæði

¹ Með skógrækt er átt við ræktarsvæði sem er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju, í samræmi við skilgreiningu skógræktarlaga.

Útfærsla í skipulagi

- **Landbúnaðarland III. Verðmætt beitiland.**
- Á landi í *flokki III* er almennt ekki heimilt að staðsetja mannvirki, nema takmörkuð aðstaða tengd búrekstri eða ferðaþjónustu. Einnig vegi og vegslóða, sbr. vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd og viðfangsefnið *samgöngur, vegir og stígar* samkvæmt skipulagsreglugerð.
- Heimilt er að taka land í *flokki III* til skógræktar. Öll skógrækt² er leyfisskyld.

3.4 Votlendi

Lýsing

Undir votlendi falla t.d. mýrar, vötn, leirur, grunnsævi og ár. Framleiðsla lífrænna efna er almennt mikil í votlendi og það er forsenda fyrir ríkulegu gróðurfari og dýralífi. Líffræðilegur fjölbreytileiki gróðurs í votlendi er hins vegar almennt ekki mjög mikill.

Votlendi nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þ.e. „... svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur...“

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Jarðvegsflokkar	Votlendisjarðvegur	Sbr. <i>Brúnjörð – Svartjörð – Votjörð</i> í Jarðvegskorti 2009. Einnig <i>votlendi</i> hjá LULUCF 2017
Gróðurflokkar/vistgerðir	Votlendi, tjarnir, lækir og vötn	Sbr. <i>votlendi</i> í vistgerðaflokkun NÍ og LULUCF 2017
Stærð	>2 ha	Samfelld svæði

Útfærsla í skipulagi

- **Landbúnaðarland IV. Votlendi.**
- Landi í *flokki IV* er óheimilt að raska sbr. lög um náttúruvernd og almennt ekki heimilt að staðsetja þar mannvirki nema ríkir almennahagsmunir kalli á það, svo sem uppbygging innviða.
- Umfangsmikil votlendissvæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd verði hverfisvernduð.
- Óheimilt er að taka land í *flokki IV* til skógræktar.

3.5 Birkikjarr og -skóglendi

Lýsing

Undir birkikjarr- og skóglendi falla birkiskógar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Það er „...sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré“.

² Með skógrækt er átt við ræktarsvæði sem er a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli og minnst 20 m breitt, þar sem ríkjandi trjágróður nær a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxinn og er með minnst 10% krónuþekju, í samræmi við skilgreiningu skógræktarlaga.



Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Gróðurflokkar/vistgerðir	Birkikjarr og birkiskógar	Sbr. vistgerðaflokkun Ní og LULUCF 2017
Stærð	>1 ha	Samfelld svæði

Útfærsla í skipulagi

- **Landbúnaðarland V. Birkikjarr og -skóglendi**
- Landi í flokki V er óheimilt að raska og almennt ekki gert ráð fyrir að staðsetja þar mannvirki nema ríkir almennahagsmunir kalli á það, svo sem uppbygging innviða.
- Umfangsmiklir birkiskógar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd verði hverfisverndaðir.

3.6 Sambættar nytjar og takmarkanir

3.6.1 Hlunnindasvæði

Lýsing

Undir hlunnindi falla ýmis konar landnytjar sem fylgja ákveðnum jarðeignum, teljast hluti af verðmæti lands og taka þarf mið af við skipulagsákváranir, sbr. „*Landbúnaðarland I-V*“ hér að framan.

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Æðarrækt	Já/Nei	Hvort á svæðinu er t.d. æðarvarp eða uppeldi á æðarungum
Veiðar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru stundaðar veiðar, svo sem stangveiði eða skotveiðar
Plöntunytjar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru nytjar, svo sem berja- og jurtanytjar
Eggjataka	Já/Nei	Hvort á svæðinu er eggjataka
Selveyði	Já/Nei	Hvort á svæðinu er stunduð selveyði
Fjörunytjar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru fjörunytjar, svo sem rekaviður eða sölvataka
Minniháttar efnistaka	Já/Nei	Hvort á svæðinu er stunduð efnistaka til eigin nota, sbr. skipulagslög
Jarðhiti	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru heitar laugar eða nýting á jarðhitavatni til eigin nota
Orkuvinnsla	Já/Nei	Hvort á svæðinu er heimarafstöð eða raforkuframleiðsla til eigin nota

Útfærsla í skipulagi

- Ákváðanir um ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum, þ.e. *Landbúnaðarland I – V*, taki mið af hlunnindum og hlunnindanýtingu á svæðinu.
- Við skipulag landbúnaðarlands skal sambætta, eftir því sem kostur er, hefðbundna landbúnaðarframleiðslu (ræktun lands og búfjárhald) og hlunnindanýtingu.

3.6.2 Landslag, náttúru- og menningarminjar

Lýsing



Undir flokkinn fellur landslag og náttúru- og menningarminjar sem teljast mikilvægar og taka þarf mið af við ráðstöfun lands, sbr. „*Landbúnaðarland I-V*“ hér að framan. Annars vegar eru það stakar náttúru- og menningarminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og lögum um menningarminjar. Hins vegar eru það landslag eða landslagsheildir, sem að einhverju marki umfaðma náttúru- og menningarminjar á svæðinu, en mynda samfellda heild og segja sögu af búsetu á svæðinu.

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Hverfisvernd á landbúnaðarsvæðum	Já/Nei	Hvort svæðið nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi?
Náttúrumuinjar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru merkar náttúrumuinjar, svo sem á náttúrumuinjaskrá, landslag eða náttúrumuinjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd?
Menningarminjar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru fornleifar sem eru friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar. Einnig skráðar menningarminjar sem mynda heild og/eða eru taldar hafa hátt verndargildi?
Búsetu- eða menningarlandsdag	Já/Nei	Hvort á svæðinu er búsetulandsdag sem ber merki um menningu fyrri tíma og/eða er talið mikilvægt fyrir sögu svæðisins eða í stærra samhengi?

Útfærsla í skipulagi

- Ákvarðanir um skipulag og ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum, þ.e. „*Landbúnaðarland I – V*“, taki mið af og stuðli að varðveislu merkra náttúru- og menningarminja og landslags.
 - Merkar náttúru- og menningarminjar og landslag verði hverfisverndað.
 - Við ráðstöfun landbúnaðarlands (flokkur I-V) verði þess gætt að raska ekki náttúru- og menningarminjum. Skipulag setji skilyrði um það efni, svo sem í tengslum við umbyltingu lands, ráðstöfun lands til skógræktar o.fl.
 - Við ráðstöfun landbúnaðarlands (flokkur I-V) til skógræktar verði miðað við að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, landbúnaðar og útivistar. Sérstaklega verði metin áhrif skógræktar á ásýnd svæðisins og búsetu- og menningarlandsdag, þar sem eru merkar menningarminjar, er löng búsetusaga eða svæðið gegnir mikilvægu hlutverki í sögu Dalabyggðar eða í stærra samhengi.



4 Greiningarlykill

A. Flokkast landið sem landbúnaðarland?

Er landið nýtanlegt eða nýtt til landbúnaðar, svo sem búfíjárræktar, fóðurframleiðslu, grænmetisræktunar, hlunnindanýtingar og afréttar? Ef svarið við nr. 1 og 2 og/eða 3 er já, telst svæði vera landbúnaðarland.

		Já	Nei	Óljóst	Rökstuðningur/skýringar
1.	Er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi og er stærra en 1 ha?				
2.	Tilheyrir landið lögbýli (í byggð og í eyði) og er í vegasambandi?				
3.	Er svæðið talið henta sérstaklega vel ræktunar eða annarrar starfsemi sem tengist búrekstrinum?				

B. Flokkar landbúnaðarlands

		Já	Nei	Óljóst	Rökstuðningur/skýringar
1.	Landbúnaðarland I. Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar				
	Hallalítið og slétt land, að jafnaði minna en 12% halli				
	Á láglendi, undir 150 m yfir sjávarmáli				
	Frjór jarðvegur (að jafnaði) sem auðvelt er að rækta				
	Ræktað land, tún eða akurlendi				
	Í vegasambandi, þ.e. svæðið				
	Stærra en 1 ha, þ.e. samfelld eða aðliggjandi svæði				

**FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS**

Viðmið og útfærsla í skipulagi

2.	Landbúnaðarland II. Verðmætt beitilandi og land sem getur hentað til ræktunar				
	Hallalítið og slétt land, að jafnaði minna en 12% halli				
	Á láglendi, undir 200 m yfir sjávarmáli				
	Jarðvegur getur verið frjósamur eða rýr, t.d. framræst myri eða mólendi				
	Beitiland, óræktað land. T.d. mólendi eða graslendi.				
	Í vegasambandi, þ.e. svæðið				
	Stærra en 1 ha, þ.e. samfelld eða aðliggjandi svæði				
3.	Landbúnaðarland III. Verðmætt beitiland				
	Jarðvegur að jafnaði rýr og hentar ekki til ræktunar, svo sem melar og skriður				
	Beitiland. Fjölbreyttur gróður, t.d. graslendi, melar uppgrætt land eða moslendi				
	Á láglendi eða til heiða				
	Stærra en 1 ha, þ.e. samfelld eða aðliggjandi svæði				
4.	Landbúnaðarland IV. Votlendi				
	Votlendisjarðvegur				
	Votlendi, tjarnir, lækir og vötn				
	Stærra en 2 ha				
5.	Landbúnaðarland V. Birkikjarr og -skóglendi				
	Birkikjarr og birkiskógur				
	Stærra en 1 ha				



C. Samþættar nytjar og takmarkanir

Viðbótarflokkar, þ.e. hlunnindi, nytjar eða takmarkanir á landnotkun sem þarf að taka tillit til við ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum, auk ofangreinda flokka landbúnaðarlands, sbr. „*Landbúnaðarland I – V*“.

		Já	Nei	Óljóst	Rökstuðningur/skýringar
A.	Hlunnindasvæði				
	Æðarrækt, svo sem æðarvarp eða uppeldi á æðarungum				
	Veiðar, svo sem stangveiði eða skotveiðar				
	Plöntunytjar, svo sem berja- og jurtanytar				
	Eggjataka á svæðinu				
	Selveyði á svæðinu eða næsta nágrenni				
	Fjörunytjar á svæðinu eða næsta nágrenni, svo sem rekaviður eða sölvtaka				
	Efnistaka til eigin nota, sbr. skipulagslög				
	Heitar laugar eða nýting á jarðhitavatni til eigin nota				
	Orkuvinnsla, þ.e. er heimarafstöð eða raforkuframleiðsla til eigin nota				
B.	Landslag, náttúru- og menningarminjar				
	Nýtur svæðið hverfisverndar í aðalskipulagi				
	Eru merkar náttúrumuinjar á svæðinu, svo sem náttúrumuinjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd				
	Eru merkar menningarminjar á svæðinu, svo sem fornleifar sem eru friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar				
	Er á svæðinu búsetulandslag sem ber merki um menningu fyrri tíma og/eða er talið er mikilvægt fyrir sögu svæðisins eða í stærra samhengi				



D. Heildarniðurstaða fyrir flokkun landbúnaðarlands

1. Flokkast svæðið sem landbúnaðarland?

Já

Nei

2. Ef svarið er já, undir hvaða flokk landbúnaðarlands fellur svæðið, þ.e. *landbúnaðarland I-V?*

Landbúnaðarland I. Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar

Landbúnaðarland II. Verðmætt beitilandi og land sem getur hentað til ræktunar

Landbúnaðarland III. Verðmætt beitiland

Landbúnaðarland IV. Votlendi

Landbúnaðarland V. Birkikjarr og -skóglendi

3. Auk ofangreinds flokks landbúnaðarlands, er um er að ræða sambættar nytjar og/eða takmarkanir á nýtingu landbúnaðarlands sem taka þarf mið af við ákvarðanir um ráðstöfun landbúnaðarlands?

Hlunnindi. Hvaða? _____

Landslag, náttúru- og menningarminjar. Hvaða? _____

4. Útfærsla í skipulagi. Hvaða viðmið gilda um flokk landbúnaðarlands, sambættar nytjar og/eða takmarkanir á svæðinu?

Tilvitnanir og heimildir

¹ Skipulagslög nr. 123/2010.

² Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

³ Jarðalög nr. 81/2004.

⁴ Samráðsgátt. Reglugerð um vernd landbúnaðarlands. Sótt 3. mars 2020 af [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2628](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2628)

⁵ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

⁷ Þjóðskrá Íslands. Lögbýlaskrár. Sótt 25. Febrúar 2020 af <https://www.skra.is/>

⁸ Landbúnaðarháskóli Íslands. 2020. Kortavefsjá Landbúnaðarháskóla Íslands. LULUCF 2017. Sótt 12. febrúar 2020 af <http://lbhi.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=227b358de2ec4738b9d51c8e86457c0d>

⁹ Landbúnaðarháskóli Íslands. 2020. Kortavefsjá Landbúnaðarháskóla Íslands. LULUCF 2017. Sótt 12. febrúar 2020 af <http://lbhi.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=227b358de2ec4738b9d51c8e86457c0d>

¹⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2020. Vistgerðir. Sótt 25. Febrúar 2020 af <https://www.ni.is/grodur/vistgerdir>